

TÍUNÐ

FRÉTTABLAÐ SKATTSINS - ÁRIÐ 2021

Heimsókn á Akranes

Álagning
einstaklinga 2021

Nýtt virðisaukaskattskerfi
tekið í notkun

Stofnanasameiningar í skattkerfinu



Snorri Olsen
ríkisskattstjóri

Við stefnumótun opinberra stofnana verður að svara ákveðnum grundvallarspurningum sé stefnt til árangurs. Þannig er fyrst hægt að átta sig og velja réttu leiðina fram á við. Fyrsta spurningin og sú allra mikilvægasta hljómar einföld en við nánari skoðun kann henni að vera vandsvarað:

Hvert er okkar hlutverk?

Ríkisstofnanir eins og Skatturinn hafa lögbundin verkefni og þannig hefur löggjafinn í raun markað þeim tiltekin hlutverk í gangverki samfélagsins. Það kann því að virðast hæggjarleikur fyrir opinbera aðila að svara spurningunni *af hverju erum við hér?* – en raunin er samt sem áður að gott og rétt svar verður ekki til með því einu að telja upp langan verkefnalista. Svar við spurningunni um hlutverk opinberrar stofnunar felur vissulega í sér mat á fyrirliggjandi staðreyndum en einnig ákvörðun um áherslumál í starfseminni sjálfri. Þá gefur lýsing á hlutverki stofnunar til kynna hvaða augum hún vill að viðskiptavinir og aðrir hagaðilar líti tilvist hennar og störf. Þannig felst í lýsingu á hlutverki opinberrar

stofnunar mikilvæg stefnumörkun sem skapar grunninn að útfærslu á framtíðarsýn hennar og markmiðum á þeirri vegferð, en þar kristallast jafnframt kjarni þeirrar viðleitni sem gildum stofnunar er ætlað að styðja og styrkja.

Með gildistöku laga nr. 29/2021 þann 1. maí sl. sameinaðist skattrannsóknarstjóri Skattinum og er nú skatt- og tollframkvæmd, þ.m.t. eftirlit, rannsóknir og sektarákvarðanir, á einni hendi í sameinaðri stofnun. Í kjölfar þessa höfum við hjá Skattinum tekist á hendur það áhugaverða verkefni að skilgreina hlutverk hinnar nýju stofnunar sem lið í stefnumótun okkar og markmiðasetningu til framtíðar. Í verkefnum forvera Skattsins fyrir stofnanasameiningar undanfarinna þriggja ára mátti greina tvö meginþemu – *þjónustu og eftirlit* – og endurspegluðust þessi lykilatriði í sýn stofnananna á sig sjálfar og þeirri ímynd sem þær unnu að því að skapa sér í samfélaginu. Slíkir sameiginlegir meginþræðir eru raunar sjálfgefnir í starfsemi eðlisskyldra stofnana eins og þeirra sem þá fóru með skatt- og tollframkvæmd, en engu að síður nálgust þær viðfangsefni sín að einhverju marki með ólíkum hætti. Þá má ekki gleyma að í þeirri mynd sem Skatturinn starfar í dag þá heyra undir stofnunina verkefni sem ekki er að öllu leyti augljóst að fjalla megi um með nákvæmlega sama hætti. Í dag fara starfsmenn Skattsins með skatt- og tollframkvæmd, þ.m.t. álagningu, eftirlit og rannsóknir af fjölbreyttu tagi, auk þess að sinna innheimtu opinberra gjalda og viðhalda opinberum skráum sem ætlað er að stuðla að gagnsæi í atvinnulífinu. Þá hefur tollgæsla á landamærum ákveðin sérkenni sem aðrar tegundir eftirlitsstarfa bera ekki endilega með sér. Þar sem mikilvægt er að allir starfsmenn geti fundið skýra tengingu sinna daglegu verkefna við umfjöllun um hlutverk stofnunarinnar sem þeir starfa hjá, þá skiptir máli að huga að og bera virðingu fyrir fjölbreytileika þeirra viðfangsefna sem við sinnum sem heild, og eins að kanna og ræða viðhorf starfsmanna til þessa.

TÍUND

ÁRIÐ 2021 - BLAÐ NR. 81

Útgefandi: Skatturinn.

Ábyrgðarmaður: Snorri Olsen.

Framleiðslustjórn og hönnun: Logi Halldórsson.

Umsjón efnis: Helga Valborg Steinarsdóttir og Jónas Magnússon.

Prófarkarlestur: Karl Óskar Magnússon

© Skatturinn

Fjölmiðlum er heimil notkun efnis.

Öll önnur notkun á efni er óheimil nema með leyfi útgefanda.

Forsíðumynd: Botnssúlur.

Hjá Skattinum fórum við þá leið að ræða ítarlega við ýmsa hópa starfsmanna og einnig við hópinn í heild, um tilgang og markmið þeirra lagabreytinga sem leiddu til þess að við erum í dag ein stofnun. Heilt yfir miðuðu þær að einföldun stjórnsýslunnar með aukna skilvirkni að leiðarljósi, og með ítarlegri umfjöllun sinni hefur löggjafinn markað skýra braut fram á við að þessu leyti. Við sem störfum hjá Skattinum hljótum að taka þessi skilaboð og horfa til þeirra sem okkar leiðarljóss þegar við skipuleggjum okkar verkefni og sinnum þeim. Sameiginlegur skilningur allra starfsmanna á því af hverju við erum saman komin sem ein heildstæð eining er forsenda þess að við öðlumst sameiginlega sýn á það hvert okkar hlutverk er og hvaða áherslur við eigum að hafa í störfum okkar.

Hver eru markmiðin með tilkomu Skattsins?

- Aukið samráð og yfirsýn yfir tekjuöflunarkerfi ríkisins; skýr og einföld verkaskipting.
- Aukin hagkvæmni, samþætting og samlegðaráhrif í rekstri eðlislíkra verkefna.
- Einföldun stjórnsýsluferla í verkefnum skatt- og tollyfirvalda og aukin skilvirkni.
- Aukin gæði þjónustu við almenning og viðskiptalífið og réttarstaða aðila tryggð.
- Aukinn árangur við eftirlit, rannsóknir og innheimtu, m.a. á grundvelli greininga og áhættumats.
- Hámarka hagnýtingu gagna, og stuðla að því að skatt- og tollyfirvöld geti tekist á við breytingar sem leiða af alþjóðavæðingu og stafrænum umskiptum.
- Byggja upp öfluga upplýsinga- og þjónustustofnun sem verði leiðandi í þróun stafrænnar stjórnsýslu.

Við rýni á þessum markmiðum reyndist óhjákvæmilegt að horfa til þess vægis sem *þjónustuhlutverk* Skattsins nýtur,

og hvernig innra samspil þessara markmiða miðar að því að viðskiptavinir stofnunarinnar séu í forgrunni í öllu starfi hennar. Þarna endurspeglast enn fremur sú staðreynd, sem starfsmenn Skattsins þekkja betur en flestir, að viðskiptavinir Skattsins eru samfélagið allt í viðum skilningi – allir einstaklingar og lögaðilar héraendis auk margra þeirra sem heimsækja Ísland eða eiga hér viðskipti, fjöldi stjórnsýslu- aðila, löggjafinn og ríkissjóður. Staðreyndin er sú, og þetta kom skýrt fram í samtölum við starfsmenn, að eftirlit og rannsóknir og þau íþyngjandi úrræði sem kann að vera gripið til við þá framkvæmd, eru mikilvæg þjónusta við þá sem vilja breyta rétt. Það er þjónusta við samfélagið að tryggja jafnræði með aðilum og að sumir njóti ekki ólög- mæts ávinnings á kostnað þeirra sem haga sér í samræmi gildandi reglur. Síðast en ekki síst er þar um að ræða þjón- ustu við ríkissjóð sjálfan en meginhluti tekna ríkisins, sem fjármagna gjörvalla starfsemi hins opinbera, verða til við álagningu opinberra gjalda, og innheimta þeirra og eftirlit með réttum skilum tryggir að tekjurnar skili sér þangað þar sem þær verða nýttar öllum til góðs. Þjónusta Skattsins við almenning og viðskiptalíf felur í sér öll þau fjölþættu verk- efni sem við sinnum frá degi til dags og við sem störfum við þessa framkvæmd einsetjum okkur að rækta þjónustuhlut- verk okkar af fagmennsku og framsækni í góðri samvinnu við alla þá sem eiga hlut að máli.

Hlutverk Skattsins

Samfélaginu öllu til heilla

Við erum framsækinn þjónustustofnun sem leggur grunn að samfélagslegri þjónustu með því að tryggja tekjuöflun ríkis og sveitarfélaga. Með virku eftirliti, rannsóknnum og tollgæslu stuðlum við að jafnræði og virkri samkeppni og leggjum okkar af mörkum til að vernda samfélagið.

Heimsókn á Akranes	4	Nordic Agenda - samstarfsvettvangur	
Þróun nýs tollakerfis	6	norrænna skattyfirvalda	37
Rafræn viðskiptaskjöl	8	Skráning raunverulegra eigenda	38
Heimavinnusamningar	10	Sameining afgreiðslna Skattsins á	
Niðurstöður álagningar einstaklinga 2021	11	höfuðborgarsvæðinu	40
Skattalegir hvatar fyrir lögaðila sem starfa		Álagning lögaðila 2021	41
til almannaheilla	26	Starf Norræna tollasamvinnuráðsins endurskipulagt	
Sameinuð ásýnd Skattsins á vefnum	27	í takt við breytta tíma	46
Sameining skatransóknarstjóra ríkisins og Skattsins	28	Nýtt virðisaukaskattskerfi tekið í notkun	47
Stofnanasameiningar í skattkerfinu	30	Dómar	48
Skráning félaga til almannaheilla		Úrskurðir YSKN	51
í almanahéllafélagaskrá	36	Lokaorðið	55



Sigríður Jónsdóttir hefur starfað samfleytt í skattkerfinu frá árinu 1986 og hefur yfirumsjón með starfsstöðinni á Akranesi.

Heimsókn á Akranes

Starfsstöðin og forsagan

Starfsstöð Skattsins á Akranesi er til húsa á neðstu hæð Kirkjubrautar 28 og hefur verið þar síðan hún flutti á vordögum 2019 úr stjórnarsýsluhúsinu við Stillholt. En vegna rakaskemmda og myglu var fyrra húsnæði talið óheilsusamlegt fyrir starfsmenn og því var tekin ákvörðun um að flytja starfsemi á núverandi stað.

Núverandi húsnæði hósti áður skrifstofu Spalar hf. sem rak Hvalfjarðargöngin meðan gjaldskylda var þar við lýði. En upphaflega var húsið byggt undir starfsemi Samvinnubankans á Akranesi sem síðar var yfirtekinn af Búnaðarbankanum. Á efri hæðum voru hinar ýmsu skrifstofur og var Skattstofa Vesturlandsumdæmis t.d. um árabíl með skrifstofu sínar á þriðju hæð þessa húss. Húsið, sem er allreisulegt, er miðsvæðis í bænum rétt við Sjúkrahúsið og á því svæði sem oft er vísað til sem gamla miðbæjarins á Akranesi.

Núverandi húsnæði hentar ekki eins vel undir starfsemi starfsstöðvarinnar eins og það fyrra gerði, áður en ástand þess varð ljóst, enda var það húsnæði sérhannað fyrir starfsemi. Þar var til að mynda komið sérhannað afgangiherbergi og vel útbúin afgangiherbergi og allir starfsmenn voru með sér skrifstofu eða aðstöðu. Hjá starfsmönnum er sennilega mesta eftirsjáin eftir afgangiherberginu, þar sem hægt var að taka á móti

viðskiptavinum í sérútbúnu rými, þar sem gott næði var tryggt. Þá var afar fagurt útsýni frá Stillholtinu út á höfnina annars vegar og til Skarðsheiðarinnar í hina áttina, sem menn sakna nú.

Í núverandi húsnæði að Kirkjubraut 28 hafa flest allir starfsmenn sér skrifstofu, tveir starfsmenn á virðisaukaskattssviði deila að vísu skrifstofu og starfsmaður í afgangiherberginu er með aðstöðu í alrými. Áður



Kristín Guðjónsdóttir sinnir aðallega verkefnum tengdum launagreiðendaskrá.

Núverandi húsnæði er að Kirkjubraut 28. Skattstofa Vesturlands var þar til húsa um árabíl.



Starfsmenn Skattsins á Akranesi. Talið frá vinstri: Kolbrún Sandra Hreinsdóttir, Kristín Guðjónsdóttir, Tryggvi Bjarnason, Vilborg Magnúsdóttir, Karl Alfreðsson, Harpa Jónsdóttir, Jóhanna Ólöf Garðarsdóttir og Sigríður Jónsdóttir.

en flutt var á Kirkjubrautina var að ósk starfsmanna útbúin lokuð afgreiðsla með glerskilrúmi yfir afgreiðsluborði og læstum dyrum til hliðar, sem hefur gert það að verkum að alltaf hefur verið hægt að halda afgreiðslunni opinni í því COVID-ástandi sem ríkt hefur hátt á annað ár.

Starfsmennirnir og viðfangsefnin

Starfsmenn starfsstöðvarinnar eru átta og heyra undir álagningarvið Skattsins. Sigríður Jónsdóttir er umsjónarmaður starfsstöðvarinnar. Hún ásamt Tryggva Bjarnasyni og Jóhönnu Ólöfu Garðarsdóttur vinna aðallega við álagningu opinberra gjalda á lögaðila með áherslu á sjávarútveg og ferðaþjónustu, sem


og afgreiðslu kæra og erinda á því sviði. Karl Alfreðsson, Harpa Jónsdóttir og Kolbrún Sandra Hreinsdóttir starfa á álagningarviði virðisaukaskattsdeildar. Kristín Guðjónsdóttir heyrir aftur á móti undir stofnskrárluta virðisaukaskattsdeildar og er þar að mestu í verkefnum tengdum launagreiðendaskrá auk þess að vera á símavakt fyrir staðgreiðsluhópin. Vilborg Magnúsdóttir er með afgreiðsluna á sinni könnu og ásamt verkefnum því tengdu og að auki vinnur hún við hin ýmsu verkefni fyrir virðisaukaskattsdeild. Yfirferð greinargerða vegna veiðigjalds fer einnig fram á starfsstöðinni. Þannig að verkefni verða að teljast nokkuð fjölbreytt. Starfsmenn hafa allir starfað á starfsstöð-

inni um langt árabíl og hafa mikla reynslu og þekkingu á viðfangsefnum.

Að lokum

Starfsemi Skattsins á Akranesi gengur vel. Þar sem verkefni sem innt eru af hendi á starfsstöðinni eru fjölbreytt er oftast einfalt að leita sér aðstoðar á staðnum þegar verkefni skarast eða þegar leita þarf skýringa á öðrum verkþáttum mála. Starfsmenn eru einnig í reglulegu sambandi við samstarfsmenn hjá embættinu, bæði í gegnum síma og á fjarfundum. Og verkefni eru næg, oft krefjandi og síbreytileg.

Sigríður Jónsdóttir



Þróun nýs tollakerfis



Fyrir hartnær 34 árum, um áramót 1987 – 88, voru fyrstu rafrænu tollakerfin gangsett á Íslandi. Þessi kerfi voru upprunalega hönnuð með það að markmiði að tölvuvæða og samræma innri afgreiðsluferla tollstjóraembætta sem á þessum tíma voru 23 talsins. Síðar var bætt við rafrænum samskiptum við ytri aðila. Smíði kerfanna var í höndum Ríkistollstjóra sem á þeim tíma hafði yfirstjórn yfir tollheimtu og tollefirtiliti í landinu í umboði fjármálaráðherra, en meðal verkefna þess embættis var að starfrækja og þróa tölvukerfi fyrir tollafgreiðslu. Tollstjórinn í Reykjavík tók síðan við rekstri og þróun kerfisins þegar embætti Ríkistollstjóra var lagt niður árið 2001. Tollakerfi þetta samanstendur af fjölmörgum einingum og keyrir í stórtölvuumhverfi (e. Mainframe).

Í gegnum tollakerfið fer fram öll tollafgreiðsla vörusendinga til og frá Íslandi. Árið 2020 voru afgreiddar tæplega milljón inn- og útflutningsskýrslur (fyrir utan einfaldar pótskýrslur) og gjaldfærð gjöld í innflutningi voru rúmlega 240 milljarðar. Gögn úr kerfinu eru einnig nýtt af öðrum opinberum aðilum, meðal annars Hagstofunni sem nýtir þau til hagtölgerðar um vöruflutninga til og frá landinu.

Þróun tölvutækni er ör og öll tölvukerfi eiga því sinn vitjunartíma. Þegar kerfið var farið að nálgast tvítugsaldurinn var orðið brýnt að huga að uppfærslu og endurnýjun þess. Auk þess að uppfæra kerfi sem komið var til ára sinna var einnig leitast við að byggja upp nýtt kerfi sem styður betur við nútíma viðskiptahætti og staðla. Kerfið þarf að vera tengjanlegt, sveigjanlegt og auðvelt þarf að vera að breyta viðskiptaferlum til að bregðast við breytingum.

Við umsókn Íslands að Evrópusambandinu var nauðsynlegt að fara í ýtarlegar greiningar á ferlum tollframkvæmdar á Íslandi og uppbyggingu kerfa til að vera tilbúin ef til inngöngu kæmi. Fjölmörg verkefni voru sett í gang og fólk ráðið. Fjármögnun var tryggð með fé frá íslenska ríkinu og styrkjum frá Evrópusambandinu. Í framhaldinu var gerður samningur við Advania um þrjú verkefni. Það fyrsta var uppbygging kerfis fyrir rafrænt þjónustulag byggt á þjónustumiðaðri högun (SOA) sem gerði það m.a. kleift að byggja upp nýtt kerfi samhliða áframhaldandi rekstri eldra kerfis. Annað verkefnið snéri að viðmóti fyrir eldri skýrslur þannig að hægt væri að vinna með þær og afgreiða í nýja kerfinu og þriðja verkefnið

Tollalínan er öllum opin á slóðinni tollalínan.tollur.is. Þar geta fyrirtæki og einstaklingar nálgast gögn sín um tollafgreiðslu sendinga sem vistuð hafa verið í tollakerfinu. Auðkenning inn í kerfið fer fram í gegnum island.is.



Í tollakerfinu fer fram tollafgreiðsla allra vörusendinga til og frá Íslandi. Starfsfólk skattsins í tollafgreiðslu notar viðmót kerfisins til afgreiðslu tollskýrslna sem ekki eru afgreiddar sjálfkrafa með vélrænum hætti og jafnframt til eftirlits og endurskoðunar vörusendinga sem til landsins berast.

notuð af helstu viðskiptalöndum Íslands. Form skýrslunnar er skilgreint í viðauka við samning um einföldun formsatriða í vöruviðskiptum sem kenndur eru við Interlaken og Ísland er aðili að.

var að innleiða viðskiptaferla og viðmót í nýju kerfi fyrir SAD tollskýrslu, sem er sama form skýrslu og er notað af löndum Evrópusambandsins og fleirum. Þegar Ísland dró til baka umsókn sína um aðild að Evrópusambandinu stöðvuðust allar styrkveitingar sem samið hafði verið um. Íslenska ríkið hélt þó áfram að fjármagna verkið enda var það komið vel á veg.

Nýja tollakerfið hefur nú verið í rekstri og stöðugri þróun í nokkur ár og stöðugt er unnið að því að innleiða mikilvæga kerfishluta í nýtt kerfi. Einnig hafa nokkur hliðarkerfi verið endurnýjuð, þar á meðal tollalínan sem veitir inn- og útflytjendum aðgang að gögnum sínum í tollkerfum Skattsins og vef tollafgreiðslu kerfi sem smærri innflytjendum nota til að fylla út og senda tollskýrslur á SAD formi.

Um þessar mundir er verið að ljúka innleiðingu SAD (e. Single Administrative Document) tollskýrslu í innflutningi, en eins og áður hefur komið fram er þessi tegund skýrslu

Tollakerfi skattsins getur nú tekið við flestum tegundum SAD tollskýrslna með rafrænum hætti. Skýrslurnar eru í flestum tilfellum afgreiddar vélrænt af kerfinu, gjöld skuldfærð og afhendingarheimild veitt. Komi í ljós frávik í innsendri skýrslu er móttöku ýmist hafnað vélrænt eða hún er ekki afgreidd heldur send til athugunar hjá starfsmanni sem yfirfer skýrsluna, kallar eftir skjölum, gerir athugasemdir og eftir atvikum fer fram á að innflytjandi sendi leiðrétta skýrslu, allt með rafrænum hætti.

Hugbúnaðarhús keppast þessa dagana við að uppfæra kerfi innflytjenda þannig að þau geti sent skýrslur á þessu formi rafrænt.

Þegar innleiðingu SAD lýkur mun rafrænni móttöku á eldri gerð tollskýrslu (E1) verða hætt.

Björn Guðmundsson

Nordic Smart Government

Rafræn viðskiptaskjöl

Stafræn gögn eru grundvöllur gagnadrifinnar þjónustu framtíðarinnar. Í viðskiptum verða gögn m.a. til í daglegum innkaupum, en til þess að nýta stöðluð gögn með sem bestum hætti verða kaupendur og seljendur (lítill og meðalstór fyrirtæki) að nota viðskiptakerfi við meðhöndlun gagnanna.

Sjálfvirk úrvinnsla skjala

Auka má skilvirkni lítilla og meðalstórra fyrirtækja með sjálfvirknivæðingu innkaupaferla en forsenda þess er að gögnin sem notuð eru séu stöðluð og áreiðanleg. Þannig er hægt að sjálfvirknivæða vinnuna að hluta eða að öllu leyti. Dæmi um það er pörun pantana og reikninga. Ef pöntun er send úr pöntunarkerfi með pöntunarnúmeri til birgis og birgirinn vísar í sama pöntunarnúmer á reikningi er hægt að bera þessi tvö skjöl saman sjálfvirk. Til þess að kerfin geti unnið með skjölin og upplýsingarnar sjálfvirk, verða þau að fylgja stöðluðu formi þannig að uppröðun og merking einstakra upplýsinga sé ótvíræð. Hér á landi hefur staðallinn Peppol BIS 3 Billing verið innleiddur sem TS-236, útgefinn af Staðlaráði Íslands. Sé staðallinn notaður við gerð innkaupagagna, er hægt að staðfesta upplýsingarnar í þeim sjálfvirk og þannig að allir aðilar túlka þær með sama hætti.

Í vinnuhópnum „Rafræn viðskiptaskjöl“, sem er eitt af sex lausnasviðum Nordic Smart Government (NSG), vinnur hópurinn með markaðinum við að skilgreina og samstillja innkaupaferla og staðla upplýsingar þannig að lítill og meðalstór fyrirtæki á Norðurlöndum geti átt í hnökralausum samskiptum sín á milli, bæði innan hvers lands og á milli Norðurlandanna. Markmiðið er að innkaupaferlar verði færðir til nútímalegra horfs og að rafræn kerfi sinni vinnunni að mestu, en þannig geta fyrirtækin í staðinn einbeitt sér að kjarnastarfsemi sinni og aukið samkeppnishæfni sína á norrænum/evrópskum markaði. Bæði opinberar stofnanir og fyrirtæki í einkageiranum munu njóta góðs af sjálfvirknivæðingu innkaupaferla.

Í samvinnu við skeytamiðlara og fyrirtæki á Norðurlöndunum er nú hafið tilraunaverkefni tengt rafrænum reikningum.

Með tilraunaverkefninu vill NSG sannreyna að í hverju landi sé að minnsta kosti einn þjónustuaðili sem hafi möguleika á að senda og taka á móti rafrænum reikningum á stöðluðu formi yfir Peppol viðskiptanetið.

Virðisaukaskattskótar

Skráning virðisaukaskatts er mikilvægur þáttur í Peppol BIS. Virðisaukaskattur er tilgreindur á rafrænum reikningi með virðisaukaskattskóta (VAT Tax Category Codes). Núverandi kótar duga vel fyrir viðskipti innanlands en hafa ákveðna veikleika þegar kemur að viðskiptum yfir landamæri. Í dag er notaður kótinn G fyrir útflutning (til lands utan Evrópusambandsins) og K fyrir viðskipti innan sambandsins. Í viðskiptum yfir landamæri þurfa rekstraraðilar í sumum löndum að vita hvort verið sé að versla með vörur eða þjónustu en í núverandi kótakerfi þarf að flokka slíkt handvirk. Til þess að losna við þá handavinnu hefur NSG ákveðið að leggja fyrir Staðlanefnd Evrópu (CEN) tillögu að nýjum kótum. Tillagan er einfaldur en mikilvægur hluti af því sem hópurinn hyggst leggja til svo að greiða megi fyrir aukinni sjálfvirkni við skýrslugjöf lítilla og meðalstórra fyrirtækja.

Nordic Smart Government stafræna vistkerfið

Þann 1. september 2020 samþykktu norrænu atvinnuvegaráðherrarnir áætlun sem er ætlað að koma hreyfingu á efna-hagslífið í kjölfar COVID-19 og stuðla að sjálfbærum vexti í atvinnulífi á Norðurlöndum. Þau verkefni sem verða fjármögðu eiga að styðja við sjálfbærar lausnir, hringrásarhagkerfi, stafræna þróun og nýsköpun. Stuðningur við samnorræna verkefnið Nordic Smart Government (NSG) er hluti af þessum áætlunum. Ríkisstjórn Íslands samþykkti formlega stuðning við að raungera framtíðarsýn NSG hér á landi þann 26. júní 2020.

Í vegvísni að stafrænu vistkerfi NSG eru skilgreind markmið og fyrirhugaður árangur auk helstu áfanga á þeirri vegferð að gera framtíðarsýn NSG að veruleika. Framtíðarsýnin er í stuttu máli sú að gera viðskiptagögn aðgengileg fyrirtækjum og stofnunum á sjálfvirkan, snjallan og öruggan hátt í rauntíma svo þau nýttist til nýsköpunar og vaxtar.

Fjárhagslegur ávinningur er áætlaður 25 milljarðar evra árlega fyrir fyrirtæki á öllum Norðurlöndunum og 56 milljarðar króna



Fulltrúar í norrænu verkefnastjórninni og verkefnastjórar landsteyma, frá vinstri: Linda Rut Benediktssdóttir, Franck Mertens, Jenni Bärlund, Minna Rintala og Anna Kelly.



Í hópnum „Rafræn viðskiptaskjöl“ er fólk með mjög mikla reynslu á þessu sviði og mörg þeirra hafa unnið að þessum viðfangsefnum árum saman á alþjóða vettvangi. Frá vinstri: Pasi Sinervo, Elín Ragnhildur Jónsdóttir, Patrik Lindmark, Pirjo Ilola, Bo Lagerquist, Jan Andre Mærøe, verkefnastjóri og Anderz Petersson.

árlega fyrir íslensk fyrirtæki að innleiðingu lokinni, en gert er ráð fyrir að árið 2027 verði Norðurlöndin orðin samþættasta landsvæði í heiminum hvað þetta varðar.

Fjöldi verkefna þarf að vinna til að raungera þessa framtíðarsýn og ná fram

fjárhagslegum ávinningi. NSG vísar veginn en innleiðing breytinganna er í höndum opinberra aðila og atvinnulífs.

Linda Rut Benediktsdóttir

Þátttakendur á
vinnufundi NSG 25. til 28.
október í Stokkhólmi.





Heimavinnusamningar

Tenging okkar flestra við orðið heimavinna var til skamms tíma eflaust mörkuð af misá hugaverðum heimalærdómi úr skóla. Eins og hendi væri veifað er orðið heimavinna nú á allra vörum og nú með nýrri og nútímalegri merkingu, að vinna vinnuna sína heima. Án mikils aðdraganda og aðlögunar urðu starfsmenn um allan heim nú miklir heimavinnusérfræðingar og þar voru starfsmenn Skattsins ekki undanskyldir.

Þegar hæst lét og COVID-19 takmarkanir voru sem stífastar taldist okkur að um 80% starfsmanna Skattsins hafi setið við sína vinnu heima, drukkið sitt eigið kaffi og gert það besta úr nýtilkomnum aðstæðum sem sprottið höfðu upp. Fram að þeim tíma var heimavinna hjá Skattinum lítið rædd en tengdist frekar framtíðarumræðum og þá í tengslum við græn skref. Nú, eftir margra mánaða heimaþjálfun hjá starfsfólki, hefur fólk verið að komast aftur á ný á starfsstöðvarnar og efst í huga margra er þakklætið að fá að hittast yfir kaffivélinni og spjalla við vinnufélagana. En það sem stendur eftir er að við erum orðin þjálfuð í að geta skipt um aðstæður, og nú er heimavinna ekki lengur minning um skólakvöð fyrri tíma heldur tákni um tækifæri nútímans.

Hjá Skattinum starfa ótal sérfræðingar sem hafa nú þegar yfir að ráða tengingum, búnaði og verkefnum sem hægt er að vinna heima og því ekki að nýta það þótt ekki liggi lengur sóttvarnarástæður að baki? Það geta einmitt margar aðrar ástæður legið að baki þess að starfsfólk vilji óska eftir að gera

heimavinnusamning við Skattinn, eins og að spara tíma í umferðinni til og frá vinnu eða það að fá auknið næði frá síma eða erli á vinnustað til að einbeita sér að ákveðnum verkefnum. Sumir starfsmenn eru búsettir langt frá vinnustað og því munar um það að þurfa ekki að koma sér á staðinn. Markmið heimavinnusamnings er að auka sveigjanleika fyrir starfsfólk.

Vinnan að baki því að gera heimavinnusamninga fyrir starfsfólk fólst m.a. í því að kanna hvernig aðgangsmál inn í hin ýmsu kerfi Skattsins þyrftu að vera sem og að upplýsingaöryggi væri tryggt. Það var okkur mjög mikilvægt að koma þessum atriðum á hreint áður en ráðist var í að bjóða upp á heimavinnusamningana því málefni Skattsins snúast um viðkvæm gögn og upplýsingar og því gerð enn meiri krafa um öryggi en hjá mörgum öðrum fyrirtækjum og stofnunum. Eins þótti mikilvægt að stjórnendur gætu haft yfirsýn og utanumhald um skipulag heimavinnunnar þannig að sú vinna sé í föstum skorðum og því var ákveðið að starfsmaður og stjórnandi hafi

með sér samráð um hvaða vikudagur henti best til heimavinnu sem og hvaða starfsstöð það væri sem væri skilgreind heimastarfsstöð starfsmanns. Mikilvægt er að tryggt sé að umhverfi heimavinnunnar sé ásættanlegt í ljósi gagnaöryggis þar sem enginn óviðkomandi geti séð eða orðið áskynja um hvaða upplýsingar verið er að vinna með. Gert er ráð fyrir því að hægt sé að vera í sambandi við starfsmann í heimavinnu á vinnutíma, hvort sem er í farsíma, fjarfundabúnaði eða í tölvupósti. Því miður eru þó ekki allir starfsmenn Skattsins sem geta uppfyllt skilyrði fyrir heimavinnusamningi og þá ber helst að nefna stjórnendur, starfsmenn í vaktavinnu og starfsmenn í framlínu en það ræðst af eðli þeirra starfa. Þeir starfsmenn sem uppfylla skilyrðin og kjósa að gera heimavinnusamning halda verkþókkhald yfir heimavinnu sína þar sem að baki liggja skilgreind verkefni sem hentug eru til heimavinnu. Það hefur sýnt sig að mörg verkefni Skattsins henta ágætlega til heimavinnu en þó ekki öll. Nú þegar heimavinnusamningarnir komast í framkvæmd er spennandi að fylgjast með hvort starfsfólk líti á heimavinnu sem raunverulegan valkost og að heimavinna verði í framtíðinni eins eðlileg og almenn og að sitja við skrifborð sitt á hefðbundinni starfsstöð.

Unnur Ýr Kristjánsdóttir

Niðurstöður álagningar einstaklinga 2021



Páll Kolbeins

Skattgrunnskrá

Á skattgrunnskrá voru 312.513 framteljendur. Framteljendur á skattgrunnskrá voru 825 færri en í fyrra, sem er fækkun um 0,3% á milli ára. Þetta er í fyrsta skipti síðan árið 2010 að framteljendum fækkar á milli ára. Í fyrra og hitteðfyrra hafði nokkuð dregið úr mikilli fjölgun á skattgrunnskrá, það fjölgaði um 9.122 árið 2016, 10.984 og 10.023 árin þar á eftir og þá fjölgaði um 5.639 árið 2019. Fækkun framteljenda má fyrst og fremst rekja til fækkunar útlendinga á skattgrunnskrá, en þeir voru 52.603 í álagningu nú, 3.078 færri en í fyrra. Um 16,8% framteljenda á skattgrunnskrá voru erlendir ríkisborgarar, samanborið við 17,8% í fyrra. Íslendingum á skattgrunnskrá fjölgaði um 2.253 á milli ára, sem er mesta fjölgun síðan árið 2013. Allt frá árinu 2011 hefur framteljendum fjölgað ár frá ári, en þar skiptir mikil fjölgun útlendinga á skattgrunnskrá höfuðmáli. Íslendingum á skattgrunnskrá hefur fjölgað um 17.866 frá árinu 2010 en á sama tíma hefur erlendum ríkisborgurum fjölgað um 33.883, eða

Í sumar lagði Skatturinn skatt á tekjur sem einstaklingar öfluðu á árinu 2020. Á undanförunum árum hefur ríkt góðæri í landinu og þrátt fyrir heimsfaraldurinn sem hafði mikil áhrif á þjóðfélagið árið 2020 jukust tekjur og eignir landsmanna enn á árinu. Áhrif faraldursins eru þó greinileg. Launatekjur drógust saman en atvinnuleysisbætur, lífeyrisgreiðslur og tryggingabætur jukust mikið. Við svo verður ekki búið til framtíðar.

89,7% meira en Íslendingunum. Um 65,5% fjölgunarinnar á tímabilinu var vegna erlendra ríkisborgara. Það voru 113.995 fleiri á skattgrunnskrá árið 2021 en árið 1993, sem er 57,4% fjölgun.

Nefskattar

Útvarpsgjald og gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra eru nefskattar sem eru lagðir á hvern framteljanda. Hreinn nefskattur er

Í álagningunni núna voru 18.300 kr. lagðar á í útvarpsgjald en gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra var 12.034 kr. Útvarpsgjald hækkaði um 400 kr. á milli ára og gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra um 294 kr. Útvarpsgjaldið var lagt á 227.275 einstaklinga og skilaði það 4,2 milljörðum, sem var tæpum 70 milljónum minna að raunvirði en lagt var á í fyrra en 2,7 milljarðar voru lagðir á 227.360 einstaklinga í gjald í


”

Fækkun framteljenda má fyrst og fremst rekja til fækkunar útlendinga á skattgrunnskrá, en þeir voru 52.603 í álagningu nú, 3.078 færri en í fyrra. Um 16,8% framteljenda á skattgrunnskrá voru erlendir ríkisborgarar, samanborið við 17,8% í fyrra

ákveðin fjárhæð sem er lögð jafnt á alla. Íslensku nefskattarnir eru þó aðeins lagðir á þá sem eru með tekjur yfir skattleysismörkum, sem voru 1.870.828 kr. árið 2020 og voru fæddir 1951 eða síðar, þ.e. þeir sem eru sjötugir eða eldri eru undanþegnir gjaldinu. Öryrkjar sem dvelja á dvalar- og hjúkrunarheimilum eru einnig undanþegnir. Hér er því ekki um hreina nefskatta að ræða.

Framkvæmdasjóð aldraðra, sem var um 40 milljónum minna að raunvirði en árið áður. Verðbólga var 3,6% og því rýrnaði raunvirði gjaldanna þrátt fyrir hækkunina. Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra er lagt á einstaklinga sem féllu frá á árinu ólíkt útvarpsgjaldinu, sem er ástæða þess að aðeins fleiri greiða gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra en útvarpsgjald.

Fjöldi framteljenda á skattgrunnskrá



Laun og hlunnindi

Tekjuskattar og útsvar eru lögð á tekjur vinnandi manna til að standa undir sameiginlegum útgjöldum þjóðarinnar en þar vega heilbrigðis- og félagsmál nú þyngst. Bróðurpartur tekna einstaklinga eru laun og hlunnindi sem voru 1.320,2 milljarðar árið 2020, 57,1 milljörðum eða 4,1% lægri en árið áður. Vafalaust hefur heimsfaraldurinn haft hér mikil áhrif en þetta er í fyrsta skipti síðan 2010 að laun og hlunnindi lækka á milli ára. Þá töldu 4.033 færri fram laun og hlunnindi á framtali nú en í fyrra en alls voru 232.338 manns með laun, en það voru um 74,3% framteljenda á skattgrunnskrá, samanborið við 75,4% í fyrra. Það er rétt að hafa í huga að ýmis aðbúnaður, fríðindi og réttindi launamanna teljast ekki til launa á skattframtali þótt hér geti oft verið um verulega kjara-bót til handa launamanninum að ræða.

hafi verið farið að draga úr umsvifum í þjóðfélaginu, en þróunin á árinu 2020 er langt frá því sem eðlilegt getur talist. Sem dæmi má nefna að árið 2007, 2008 og 2009 minnk-uðu dagpeningagreiðslur um 5,3%, 2,0% og 7,2%, sem var minna en milljarðs breyting frá árinu á undan.

Á móti dagpeningum má færa ferða- og dvalarkostnað sem launþegi hefur sannarlega greitt vegna ferða á vegum launagreiðanda. Frádráttur vegna greiddra dagpeninga var 7,8 milljarðar árið 2020 en um 96,5% greiddra dagpeninga voru dregin frá skattstofni. Aðeins 283 milljónir af þeim átta milljörðum sem greiddir voru í dagpeninga voru því skattskyldar, en 101 framteljandi dró engan kostnað frá greiddum dagpeningum, samanborið við 203 árið áður. Aðeins lítið brot greiddra dagpeninga myndar því tekjuskatts- og útsvarsstofn.

þá 11,3 milljarðar. Síðan hefur styrkurinn hækkað jöfnum skrefum, ef frá er talið árið 2015 þegar hann minnkaði um 0,5%, þangað til í fyrra að hann lækkaði um 4,8% frá árinu á undan. Nú fengu 39.091 launamaður greiddan styrk frá launagreiðanda sem var 4.308 færri en í fyrra, en 34.263 framteljendur töldu rúma 7,8 milljarða í frádrátt á móti ökutækjastyrk, sem var 1,1 milljarði eða 12,5% minni en í álagningunni í fyrra. Skattskyldur frádráttur minnkaði því um rúmar sjöhundruð milljónir eða 19,4%.

Reiknað endurgjald og hagnaður af rekstri

Árið 2020 reiknuðu 16.698 einstaklingar sér 25,9 milljarð í laun fyrir vinnu við eigin atvinnurekstur, sem var 3,2 milljörðum eða 11,0% minna að raungildi en árið áður, en 802 færri reiknuðu sér endurgjald. Þetta er í fyrsta skipti síðan árið 2010 að reiknað endurgjald lækkar á milli ára. Það voru 31.887 framteljendur með samræmingarblað, sem er sá fjöldi sem hefur einhverjar tekjur af atvinnustarfsemi. Oft og iðulega er ekki um að ræða umsvifamikinn atvinnurekstur heldur smáviðvik gegn endurgjaldi. Það voru 902 færri með samræmingarblað vegna atvinnurekstrar eða sjálfstæðrar starfsemi á árinu 2020 en árið áður.

Árið 2020 fluttu 14.435 einstaklingar hagnað af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi yfir á einstaklingsframtalið en það var 558 færri en árið áður. Hagnaðurinn var 12,9 milljarðar sem var 103 milljónum eða 0,8% minni hagnaður en árið áður. Einstaklingar geta nýtt tap fyrri ára á móti hagnaði ársins, ef svo ber undir. Hagnaður af rekstri hefur dregist saman undanfarin fjögur ár. Hann minnkaði um 0,4% árið 2017 og 5,3% og 4,8% árin 2018 og 2019.

Tryggingagjald

Þeir sem reikna sér endurgjald vegna starfa við eigin rekstur eða eru með menn í vinnu þurfa að skila tryggingagjaldi og greiða iðgjald í lífeyrissjóð af reiknuðum launum jafnt sem launum starfsmanna sinna. Tryggingagjald samanstendur af almennu tryggingagjaldi sem var 4,90% í staðgreiðslu árið 2020 og atvinnutryggingagjaldi sem var 1,35%. Almenn tryggingagjald lækkaði árið 2020, en það var 5,15% af launum árið 2019, en atvinnutryggingagjaldið var hins vegar óbreytt á milli ára. Þá var gjald í Ábyrgðasjóð launa einnig óbreytt eða 0,05%. Markaðsgjald er einnig 0,05%. Það er lagt á með tryggingagjaldi þó að það eigi ekkert skylt með almannatryggingum.

Almennt tryggingagjald lækkaði um 0,25 prósentustig á milli ára eða 4,9% sem þýðir



Árið 2020 reiknuðu 16.698 einstaklingar sér 25,9 milljarð í laun fyrir vinnu við eigin atvinnurekstur, sem var 3,2 milljörðum eða 11,0% minna að raungildi en árið áður

Dagpeningar

Landsmenn fengu átta milljarða greidda í dagpeninga árið 2020, sem var sjö milljörðum eða 46,6% minna en greitt var árið áður, en 19.899 manns fengu greidda dagpeninga, 12.109 færri en árið áður. Það hefur mikið dregið úr ferðum árið 2020. Í fyrra fengu 114 færri greidda dagpeninga en árið áður, sem gefur vísbendingu um að nokkuð

Ökutækjastyrkur

Vinnuveitendur greiddu 10,8 milljarða í ökutækjastyrk til starfsmanna sem nota eigin bifreið í þágu vinnuveitanda árið 2020 sem var 1,8 milljörðum eða 14,5% minna en árið áður. Þetta er annað árið röð sem ökutækjastyrkur lækkar á milli ára. Ökutækjastyrkur hefur aldrei lækkað jafnmikið á milli ára en árið 2009 lækkaði hann um 13,1% og var

að tryggingagjald í staðgreiðslu lækkaði um 3,9%. Tryggingagjald var 7,69% í staðgreiðslu árið 2013 og lækkað því um 1,34 prósentustig á þessum tíma. Gjaldið lækkaði enn niður í 6,10% í staðgreiðslu af launum á árinu 2021.

Tryggingagjald var 2,9 milljarðar árið 2020, 136 milljónum eða 4,9% hærra en árið áður. Tryggingagjald var lagt á 17.970 einstaklinga með rekstur, 1.012 færri en fyrir ári. Fleiri skila tryggingagjaldi en reikna sér endurgjald þar sem menn geta verið með menn í vinnu án þess að starfa sjálfir hjá fyrirtækinu.

Tekjur erlendis

Allir sem eru heimilisfastir hér á landi eða starfa um borð í íslensku loftfari eða skípi lengur en 183 daga á sérhverju 12 mánaða tímabili eru skattskyldir hér á landi. Við skattlagningu tekna sem aflað er erlendis er farið eftir tvísköttunarsamningum sem geta verið mismunandi eftir því hvaða lönd eiga í hlut.

Landsmenn voru með 12,1 milljarð í tekjur frá útlöndum árið 2020 sem var 359 milljónum eða 3,1% meira en árið áður. Tekjur erlendis jukust um einn milljarð eða 9,4% árið 2019. Þær voru 21,4 milljarðar árið 2015 en lækkuðu síðan um 20,8%, 21,7% og 19,3% á árunum 2016, 2017 og 2018. Árið 2020 voru 4.859 manns með tekjur erlendis, 89 fleiri en árið áður.

Greiðslur frá alþjóðastofnunum


Embættismenn, fulltrúar og aðrir starfsmenn hjá alþjóðastofnunum eða ríkjasamtökum eru undanþegnir skatti af launatekjum sem þeir fá greiddar fyrir störf sín í þágu þessara stofnanna. Árið 2020 fengu 182 manns tæpa 1,9 milljarða greidda fyrir störf sín hjá alþjóðastofnunum sem var 176 milljónum eða 10,2% meira en árið áður. Þeim fjölgaði um fjóra sem fengu þessar greiðslur.

Launatekjur

Laun, hlunnindi, reiknað endurgjald og annað endurgjald fyrir vinnu var 1.377,7 milljarðar árið 2020, 60,9 milljörðum eða 4,2% lægri en árið áður. Þetta er mesta lækkun tekna síðan árið 2009 þegar þær lækkuðu um 144,7 milljarða eða 13,5% á milli ára og í fyrsta skipti síðan árið 2010 að launatekjur lækka en þá lækkuðu þær aftur um 0,4%. Þá fækkaði þeim sem töldu fram launatekjur um 4.724 árið 2020 en 227.335 manns töldu fram þessar tekjur.

Greiðslur frá Tryggingastofnun

Árið 2020 greiddi Tryggingastofnun ríkisins samanlagt 162,8 milljarða í lífeyris- og bótageiðslur. Tryggingabætur voru 7,4



milljörðum eða 4,8% hærra en árið áður. Þrátt fyrir mikinn uppgang hjá atvinnulífnum á undanförunum árum hafa tryggingabætur aukist mun meira en launagreiðslur. Á milli áruna 2015 og 2020 jukust launagreiðslur um 213,9 milljarða eða 18,4% en á sama tíma jukust tryggingabætur um 59,3 milljarða sem var 57,3% aukning. Tryggingastofnun greiddi 75.439 manns bætur árið 2020 sem var 2.779 fleiri en árið áður.

Nostrar tegundir greiðslna frá Tryggingastofnun ríkisins og Sjúkratryggingum Íslands teljast ekki til skattskyldra tekna en hér er fyrst og fremst um að ræða greiðslur sem ætlað er að mæta sérstökum kostnaði, sem er umfram venjulegan kostnað einstaklinga, og greiðslur vegna andláts maka eða framfæranda. Árið 2020 fengu 39.467 manns samanlagt 16,6 milljarða í slíkar skattfrjálsar greiðslur. Greiðslurnar voru 1,3 milljörðum eða 8,8% hærra en árið áður og 2.466 fleiri fengu þessar greiðslur. Skattskyldar tryggingabætur voru því 146,2 milljarðar, 6,1 milljarði eða 4,3% meiri en árið áður en 66.145 fengu skattskyldar bætur frá tryggingastofnun, 2.534 fleiri en árið áður.

Aðrar skattfrjálsar greiðslur


Árið 2020 fengu 28.771 framteljendur samtals 26 milljarða í skattfrjálsar greiðslur, sem var 739 milljónum eða 2,9% meira en árið áður en þá fengu 27.920 framteljendur þessar greiðslur. Hér er um að ræða ýmsar greiðslur sem ekki þykir ástæða til að skattleggja, s.s. dánarbætur, dvalar- og ferðastyrkir, heiðurslaun, miska- og skaðabætur og styrkir, svo eitthvað sé nefnt.

Atvinnuleysisbætur

Vinnuálastofnun hefur umsjón með Atvinnuleysistryggingasjóði sem tryggir launamönnum eða sjálfstætt starfandi einstaklingum tímabundna fjárhagsaðstoð á meðan þeir eru að leita sér að nýju starfi. Stofnunin greiddi 67,6 milljarðar í bætur árið 2020, sem var 47,6 milljörðum eða 237,3% meira en greitt var í atvinnuleysisbætur árið áður. Alls fengu 58.143 framteljendur greiddar bætur, 43.398 fleiri en árið áður. Í síðustu kreppu árið 2008 fengu 11.088 manns greiddar bætur, sem var 6.360 fleiri en árið áður. Ári síðar fjölgaði um 18.183 í þessum hópi en þá fékk 29.271 atvinnulaus


Milljarðar

Atvinnuleysisbætur



Milljarðar

Greiðslur úr lífeyrissjóðum



greiddar atvinnuleysisbætur. Þá var botni kreppunnar náð en allt fram til ársins 2018 fækkaði þeim sem töldu fram bætur ár frá ári en þá fengu 9.853 einstaklingar bætur vegna atvinnuleysis einhvern tímann á árinu. Árið 2019 var nokkuð farið að hylla undir lok uppgangsskeiðsins sem varði frá því um miðjan síðasta áratug en þá fjölgaði í fyrsta skipti þeim sem fengu greiddar atvinnuleysisbætur um 4.892. Árið 2020 tók svo steininn úr en þá var talsvert meira greitt í atvinnuleysisbætur en var greitt samanlagt síðustu fimm árin þar á undan. Sem fyrr segir fengu 227.335 manns greidd laun eða endurgjald fyrir vinnu á árinu 2020. Fjöldi atvinnalausra var um 25,6% af þeirri tölu. Tölurnar tala sínu máli. Það er hins vegar spurning hvaða sögu þær segja og hvaða lærdóm menn geta dregið af þeim til framtíðar?

Greiðslur úr lífeyrissjóðum

Öllum vinnandi mönnum á aldrinum 16 til 70 ára ber skylda til að greiða í lífeyrissjóð af launum og því er hér ekki um frjálsan sparnað að ræða. Lífeyrisgreiðslur eru þannig afrakstur vinnu lífeyrisþegans sem

greiðir iðgjald í lífeyrissjóð og vinnu þeirra sem hafa ávaxtað lífeyrissparnaðinn í gegnum tíðina með vinnu sinni í fyrirtækjunum sem lífeyrissparnaðurinn er fjárfestur í. Afrakstur starfs þeirra skilar sér í herra hlutabréfaverði, arðgreiðslum og vöxtum til lífeyrissjóða, sem bætur stöðu lífeyrisþega.

Árið 2020 fengu landsmenn 200,6 milljarða greidda úr lífeyrissjóðum, sem var 32,8 milljörðum eða 19,6% meira en árið áður. Þetta er mesta aukning á lífeyrisgreiðslum síðan 2009 þegar lífeyrisgreiðslur jukust um 48,0 milljarða, sem var hækkun um 58,8% en þá fengu landsmenn 129,8 milljarða greidda úr sjóðunum. Nú fengu 65.965 manns greidda 163,9 milljarða í lífeyri úr almennum lífeyrissjóðum, sem var 8,9 milljörðum eða 5,7% meira en í fyrra. Þá fengu 11.329 greidda 17,3 milljarða í lífeyri úr séreignarsjóðum, sem var 4,5 milljörðum eða 35,6% meira en greitt var í fyrra. Og þá voru 19,4 milljarðar greiddir í sérstaka útgreiðslu lífeyrissparnaðar til að mæta tekjufalli vegna heimsfaraldursins en 15.587 nýttu sér þennan rétt. Árið 2020 tóku 2.178 fleiri lífeyri úr almennum sjóðum

en árið áður og þá tóku 2.306 fleiri lífeyri úr séreignarsjóðum.

Greiðslur úr lífeyrissjóðum hafa aukist mun hraðar en laun og hlunnindi á undanförunum árum. Frá árinu 2015 og fram til ársins 2020 jukust greiðslur úr almennum lífeyrissjóðum um 49,9 milljarða eða 43,8% en 10.865 fleiri tóku lífeyri. Þá jukust greiðslur úr séreignarsjóðum um átta milljarða eða 86,2% á sama tíma og þeim fjölgaði um 4.093 sem tóku lífeyrir úr sjóðunum.

Landsmenn greiddu 55,3 milljarða í almenna lífeyrissjóði árið 2020, sem var 471 milljónum eða 0,8% minna en greitt var í almenna lífeyrissjóði árið áður. Alls greiddu 220.998 einstaklingar í almennan lífeyrissjóð, 2.774 færri en árið áður. Iðgjaldið er greitt af launum og því hefur atvinnuástandið áhrif á lífeyrisgreiðslurnar. Þá greiddu 127.785 manns 33,4 milljarða í séreignarsjóð en 4.171 fleiri greiddu í slíkan sjóð en árið 2019. Greiðslur í séreignarsjóði voru 765 milljónum eða 2,3% hærri en þá. Það hefur dregið nokkuð úr aukningu á frádrætti vegna iðgjalds í séreignarsjóð.

Styrkir til náms, rannsókna og vísindastarfa

Árið 2020 fengu 31.365 manns greidda ýmis konar endur- og starfsmenntunarstyrki sem voru samtals um 3,5 milljarðar. Þessir styrkir voru nú tæpum 757 milljónum eða 17,7% lægri en árið 2019. Styrkþegar voru 1.415 færri.

Ef gerð er krafa um frádrátt vegna kostnaðar á móti náms-, rannsóknar- eða vísindastyrkjum, skal gera sundurliðaða grein fyrir honum á sérstöku yfirliti sem fylgir framtalinu. Rúmir 2,5 milljarðar voru dregnir frá námsstyrkjum árið 2020 en frádrátturinn minnkaði um 758 milljónir eða 22,9%. Þeir sem drógu frá kostnað á móti styrkjum voru 2.109 færri, 22.270 á móti 24.379 árið 2019.

Aðrar tekjur og styrkir

Árið 2020 voru 72.609 manns með 15,7 milljarða í aðrar tekjur og styrki sem var 222 milljónum eða 1,4% meira en árið áður en þá töldu 81.164 fram þessar greiðslur. Frádráttur á móti öðrum tekjum var 3,4 milljarðar en það var 181 milljónum eða 5,1% minni frádráttur en fyrir ári. Alls drógu 46.418 manns frá kostnað, saman borði við 53.898 fyrir ári. Þarna munar um 7.480 manns eða 13,9%.

Húsaleigubætur, félagsleg aðstoð og styrkir

Árið 2020 greiddu sveitarfélög um fjóra milljarða í húsaleigubætur, félagslega aðstoð

og styrki, en það var tæpum 932 milljónum eða 30,5% meira en árið áður. Alls fengu 4.311 aðstoð, 447 fleiri en árið áður, sem er fjölgun um 11,6%.

Þó að hér sé ekki um háar fjárhæðir að ræða segir þróun þessa tekjuliðar ákveðna sögu. Félagsleg aðstoð minnkaði á uppgangsrárunum 2002 til 2007, hún jókst mikið í hruninu 2008 og fram til 2014, minnkaði síðan aftur mikið á uppgangsskeiðinu sem fylgdi í kjölfarið 2015 og tók síðan aftur að aukast lítillega árið 2018, um 3,0% og síðan aftur árið 2019 um 15,1%.

Áætlanir

Ef talið er að skattstofnar séu vantaldir, t.d. vegna þess að launa- eða verktakamiðar hafa borist vegna tekna sem ekki hafa verið taldar fram, áætla ríkisskattstjóri tekjur gjaldandans. Aðallega er þó áætlað á þá framteljendur sem ekki skila skattframtali í tæka tíð fyrir álagningu. Í álagningu nú voru skattar 18.169 manns áætlaðir en þar af voru 13.907 einstaklingum áætlaðir samtals 67,3 milljarðar í tekjur og álag. Hinir 4.262 voru ekki taldir hafa haft neinar tekjur á árinu 2020. Áætlanir voru 5,1 milljörðum eða 7,1% lægri en fyrir ári. Áætlanir voru 62,2 milljarðar, eða 5,3 milljörðum lægra en fyrir ári en álagið 5,1 milljarðar, eða 165 milljónum hærra en í álagningunni í fyrra.


Á undanförunum árum hefur áætluðum fjölgað mikið. Árið 2014 voru áætlanir 10.995 og hafði þeim þá fækkað nokkuð frá því í hruninu. Síðan fjölgaði áætlunum mikið á árunum 2015, 2016 og 2017 eða um sjö prósent, 11,6% og 37,0% og síðan aftur um 12,3% á árinu 2018 en þá voru skattar um 20.188 framteljendur áætlaðir, sem var 6,6% framteljenda á skattgrunnskrá. Síðan hefur áætluðum fækkað en nú voru skattar um 5,8% framteljenda áætlaðir.

Laun, hlunnindi, lífeyrir o.fl.


Tekjuskattur og útsvar eru lögð á laun, hlunnindi, lífeyri og aðrar tekjur, en fjármagnstekjur eru skattlagðar sérstaklega. Tekjuskatts- og útsvarsstofn eru því allar aðrar tekjur en fjármagnstekjur að frádrægnum skattfrjálsum tekjum og ívilnunum. Allar aðrar tekjur en fjármagnstekjur að teknu tilliti til frádráttar voru samanlagt 1.919,5 milljarðar, 21,3 milljörðum eða 1,1% hærra en árið áður. Þrátt fyrir heimsfaraldurinn drógust tekjur landsmanna því ekki saman eins og vænta mátti, heldur þvert á móti.

Tekjusamsetningin hefur hins vegar breyst nokkuð. Sem fyrr segir minnkuðu launatekjur um 60,9 milljarða á árinu 2020 en á móti jukust atvinnuleysisbætur um 47,6 milljarða, greiðslur úr lífeyrissjóðum

Húsaleigubætur, félagsleg aðstoð og styrkir



Laun, hlunnindi, lífeyrir o.fl.





um 32,8 milljarða og tryggingabætur um 7,4 milljarða. Þessar tekjur eru allar greiddar af launatekjum en samtals jukust þessar greiðslur um 87,8 milljarða. Á tíu ára tímabili frá 1992 til 2001 voru launatekjur að jafnaði um 86,9% tekjuskattsskyldra tekna einstaklinga. Í hruninu lækkaði þetta hlutfall snarlega og var þá komið niður í 77,2% árið 2009. Eftir að viðspyrnunni var náð þokaðist hlutfallið aftur upp á við og árið 2016 var það komið í 81,2%. Síðan hefur það lækkað aftur vegna hærri tryggingabóta og lífeyrisgreiðslna. Nú bætast atvinnuleysisbæturnar við og launagreiðslur voru því ekki nema 74,4% tekna einstaklinga árið 2020.

Almennt hefur atvinnuþátttaka landsmanna minnkað á undanförunum árum og áratugum. Árið 1981 voru um tíu prósent karla og 23,5% kvenna hvorki með laun né reiknað endurgjald vegna vinnu við eigin atvinnurekstur. Árið 2020 voru 26,1% karla og 29,5% kvenna í þessari stöðu. Fólk er lengur í námi og lifir lengur eftir að starfsævinni líkur. Þetta skýrir þó ekki fjölgun í þessum hópi að fullu. Árið

1981 voru til að mynda 6,3% karla og 17,6% kvenna á aldrinum 25 til og 64 ára í þessum hópi, saman borið við 18,2% karla og 17,7% kvenna árið 2020. Fjöldi kvenna á þessum aldri sem er hvorki með laun né reiknað endurgjald er óbreyttur á meðan körlunum hefur fjölgað um 11,9 prósentustig eða 189,4%. Hér verður ekkert fullyrt um það hverju þetta sætir en gögnin gefa óneitanlega áhugverða mynd.

Þróunin á síðustu fimm títum árum er sérlega áhugaverð. Frá árinu 1993 til ársins 2005 fjölgaði körlum á fyrrnefndu aldurskeiði sem voru ekki með atvinnutekjur úr sjö prósentum í 9,7%. Á þessum tíma fækkaði konunum í hópnum lítillega, úr 14,1% í 13,6%. Árið 2009 hafði þetta hlutfall snarhækkað en þá voru 15,8% karla og 16,8% kvenna ekki með neinar atvinnutekjur. Þetta hlutfall lækkaði síðan fram til ársins 2017 þegar 12,7% karla og 14,8% kvenna voru ekki með atvinnutekjur. Síðan hefur það snarhækkað aftur á þremur árum og er nú sem áður segir 18,2% fyrir karla og 17,7% hjá konum, og hefur aldrei verið herra.



Ívilnun

Ríkisskattstjóra er heimilt að veita ívilnun þegar gjaldþol skattgreiðenda er skert vegna sérstakra aðstæðna. Í álagningu nú var skattstofn 13.627 framteljenda lækkaður um 2,7 milljarða. Ívilnanir voru 243 milljónum eða 9,9% meiri en árið áður.

Tekjuskatts- og útsvarsstofn

Tekjuskattur og útsvar eru reiknuð af tekjuskatts- og útsvarsstofni. Iðgjöld í lífeyrissjóði eru frádráttarbær frá tekjuskatts- og útsvarsstofni. Þá eru ákveðnar tekjur undanskildar tekjuskatti sem fyrr segir. Tekjuskattsstofn var 1.700,6 milljarðar í álagningu 2021, 34,2 milljörðum eða 2,1% hærri að raunvirði en árið áður. Stofninn var því 218,9 milljörðum lægri en laun, hlunnindi, lífeyrir og aðrar tekjur sem mynda stofninn. Tekjuskattsstofn hækkaði um 2,1% á sama tíma og tekjurnar hækkuðu um 1,1%. Skattfrjálsar tekjur og lífeyrisiðgjöld hafa áhrif á stofninn.

Skattar langflestra framteljenda eru reiknaðir sjálfvirk í álagningarkerfi ríkisskattstjóra. Í vissum undantekningartilvikum þarf þó að handreikna álagninguna, en það

er gert af starfsmönnum ríkisskattstjóra. Yfirlitt er hér um að ræða framteljendur sem hafa dvalið erlendis og aflað þar tekna og því fer skattlagning þeirra eftir dvalartíma í landinu og tvísköttunarsamningum sem geta verið mismunandi eftir því hvaða lönd eiga í hlut. Þessir framteljendur eru ekki með eiginlegan tekjuskattsstofn. Árið 2021 voru skattar 20.977 framteljenda handreiknaðir, samanborið við 26.554 árið áður. Handreiknuðum fækkaði því um 5.577 á sama tíma og framteljendum sem reiknaðir eru í álagningarkerfinu fjölgaði um 4.752. Tekjur handreiknaðra eru ekki taldar með í skattstofninum en á þá eru engu að síður lögð gjöld og eru þeir því taldir með þar.

Tekjuskattur

Nokkrar breytingar voru gerðar á tekjuskatti nú. Tekið var upp nýtt þrep í tekjuskatti þannig að 20,6% skattur var greiddur af tekjum undir 4.042.995 kr. Þá var greiddur 22,75% skattur af tekjum fram að 11.350.472 kr. en af tekjum yfir þessum mörkum var síðan greiddur 31,80% tekjuskattur. Í fyrra voru hins vegar tvö þrep þannig að greiddur

var 22,5% skattur af öllum tekjum undir 11.125.045 kr. og síðan 31,80% skattur af tekjum umfram það, sem jafngilti 9,05% hátekjuskatti. Þá var persónuafsláttur lækkaður í 655.538 kr. á ári en hann var 677.358 kr. í fyrra. Þessar breytingar þýddu að menn fóru ekki að greiða tekjuskatt til ríkis fyrr en þeir voru komnir með 3.182.223 kr. í tekjur á ári en í fyrra greiddu menn tekjuskatt til ríkis þegar tekjurnar voru komnar yfir 3.010.480 kr. Skattleysismörkin hækkuðu þannig um 171.743 kr. á ári en af þessari fjárhæð voru greiddar 38.642 kr. í tekjuskatt í staðgreiðslu árið 2019. Meðalútsvar í staðgreiðslu var óbreytt á milli ára, eða 14,44%, sem þýðir að skattleysismörk í staðgreiðslu hækkuðu um 37.157 á ári, eða 2,0%, minna en verðlagið sem hækkaði um 3,6% frá árslokum 2019 fram til ársloka 2020.

Á tekjuskatts- og útsvarsstofn voru lagðir 212,6 milljarðar í tekjuskatt og 255,8 milljarðar í útsvar. Tekjuskatturinn var 496 milljónum eða 0,2% lægri en í fyrra en útsvarið 2,7 milljörðum eða 1,1% hærra. Útsvarið er flatur skattur og fylgir því þróun stofnsins en tekjuskatturinn er stighækkandi skattur með skattleysismörkum auk þess sem hann hækkar eftir því sem tekjurnar aukast. Tekjuskatturinn er því næmari fyrir tekjubreytingum en útsvarið.

Ríkið veitir persónuafslátt af tekjuskatti en það sem gjaldandinn nýtir ekki upp í tekjuskatt getur hann nýtt á móti útsvarinu, sem er þá í reynd greitt af ríkinu. Ríkið greiddi því útsvar þeirra sem voru með það lágar tekjur að skattgreiðslan dugði ekki fyrir útsvarinu. Það er fyrst þegar persónuafsláttur hefur verið nýttur að fullu á móti tekjuskatti sem ríkið fer að hafa tekjur af tekjuskatti. Útsvar var lagt á 300.794 einstaklinga en 65.258 þeirra nýttu persónuafslátt til að greiða útsvar. Af þeim 300.794 sem voru með skattskyldar tekjur greiddu 235.622 eða 78,3% tekjuskatt til ríkis. Hlutfall skattgreiðenda lækkaði lítillega á milli ára en það var 78,8% í fyrra. Það segir ákveðna sögu að á meðan framteljendum með útsvarskyldar tekjur fækkaði um 1.487 fjölgaði þeim sem voru með það lágar tekjur að þeir nýttu persónuafslátt í útsvar um 1.058 og 2.498 færri greiddu tekjuskatt. Þegar tekið hefur verið tillit til þess að 8,7 milljarðar af álögðum tekjuskatti runnu til sveitarfélaganna í formi persónuafsláttar voru tekjur ríkisins af tekjuskatti 203,9 milljarðar, 358 milljónum eða 0,2% lægri en fyrir ári.

Fjármagnstekjur

Framan af var fjármálakerfi landsins fremur vanþróað. Það var erfitt fyrir sparifjár-eigendur að ávaxta fé sitt í verðbréfum.

Fjármagnstekjur einstaklinga voru því fremur litlar en eftir að fjármagnstekju-skattur var tekinn upp árið 1997 tóku þær að aukast mjög hratt samfara vexti fjárfestingastarfsemi í landinu. Fjármagnstekjur eru tekjur af eignum: vextir, leiga og arður auk söluhagnaðar. Rétt er að hafa í huga að eignir og fjármagnstekjur eru sameign hjóna og því vísa fjöldatölur ekki til fjölda einstaklinga heldur fjölda fjölskyldna en þá eru einhlep ungmenni sem skila skattframtali talin sem sjálfstæð fjölskylda.

Leigutekjur



Einstaklingar voru samtals með tæpa 17,0 milljarða í leigutekjur árið 2020 sem var 1,2 milljörðum eða 6,3% minna en árið áður. Tekjur af leigu íbúðarhúsnæðis voru 15,3 milljarðar, um 705 milljónum eða 4,4% minni en árið áður og leigutekjur af öðrum eignum en íbúðarhúsnæði voru 1,7 milljarðar árið 2020, 448 milljónum eða 21,3% minni en árið áður. Þessar tekjur hafa hækkað mikið á undanförunum árum og því sætir þessi lækun nokkrum tíðindum. Færri töldu fram leigutekjur en í fyrra, 9.969 samanborið við 10.284. Mestu munar um að 293 færri töldu fram leigutekjur af öðru en íbúðarhúsnæði en 1.770 voru með slíkar tekjur árið 2020. Þá voru 8.568 fjölskyldur með tekjur af leigu íbúðarhúsnæðis, sem var 77 færri en árið áður. Það lítur því út fyrir að farsóttin hafi haft nokkur áhrif á leigumarkaðinn. Ferðamönnum og erlendum verkamönnum fækkaði.

Innstæður í bönkum

Innstæður á skattframtali eru innstæður í bönkum og sparisjóðum, innstæður í innlánsdeildum samvinnufélaga og orlofsfjárreikningum og innstæður á gjaldreyrisreikningum sem eru færðar í íslenskum krónum á kaupgengi í árslok, sbr. gengisskráningu Seðlabanka Íslands. Landsmenn áttu 940,3 milljarða á bankareikningum um síðustu áramót, sem var 84 milljörðum eða 9,8% meira en á sama tíma árið áður.

Innstæður voru fyrst áritaðar á skattframtal árið 2009 en við það ríflega tvöfölduðust innstæður á framtölum. Þær lækkuðu síðan fram til ársins 2013 en þá voru þær komnar niður í 607,9 milljarða en síðan hafa þær aukist aftur ár frá ári.

Nær allir framteljendur eiga í einhverjum viðskiptum við lánastofnanir. Flestir eru í það minnsta með launareikning og greiðslukort. Árið 2008 töldu 75.627 framteljendur fram bankainnstæður en árið eftir áritaði ríkisskattstjóri innstæður 183.765 fjölskyldna. Nú átti 220.785 fjölskylda 889,9 milljarða á innlendum reikningum, 5.605 fjölskyldur áttu 29,2 milljarða á erlendum



Tekjur af leigu íbúðarhúsnæðis voru 15,3 milljarðar, um 705 milljónum eða 4,4% minni en árið áður og leigutekjur af öðrum eignum en íbúðarhúsnæði voru 1,7 milljarðar árið 2020, 448 milljónum eða 21,3% minni en árið áður

reikningum. Þá áttu 37.744 börn 21,2 milljarða á reikningum. Það vekur nokkra athygli að erlendar innstæður jukust um 4,3 milljarða eða 17,2% á milli ára. Gengisbreytingar kunna hér að valda nokkru.

Vextir á innlánsreikningum eru taldir til tekna þegar þeir eru reiknaðir og greiddir. Vextir af verðtryggðum reikningum sem eru bundnir til þriggja ára eru hins vegar ekki taldir til tekna fyrr en þeir eru greiddir út.

Landsmenn töldu fram 11 milljarða í vexti af innstæðum í bönkum sem var 8,4 milljörðum eða 43,3% minna en árið áður.

Þeir sem áttu innstæður erlendis töldu fram 179 milljónir í vexti sem var 16 milljónum minna en árið áður. Þá fengu börn 222 milljónir í vexti á innstæður árið 2020 sem var fimm milljónum minna en árið áður. Eins og kunnugt er hafa vextir lækkað að undanförunum.

Tekjur á föstu verðlagi

Tekjuár	Fjárhæðir					Breyting '19-'20		Fjöldi					Breyting '19-'20	
	2016	2017	2018	2019	2020	Milljarðar	%	2016	2017	2018	2019	2020	Fjöldi	%
Laun og hlunnindi	1.205	1.294	1.345	1.377	1.320	-57	-4,1%	207.349	213.656	220.507	221.206	216.506	-4.033	-1,7%
Launatekjur	1.198	1.287	1.338	1.371	1.313	-58	-4,3%	207.300	213.619	220.464	221.169	216.486	-4.683	-2,1%
Bífréidahlunnindi	5	5	5	4	4	0	-4,3%	4.545	4.833	4.984	4.935	5.008	73	1,5%
Önnur hlunnindi	2	2	3	2	3	1	77,2%	12.256	15.776	15.259	15.202	15.852	650	4,3%
Dagpeningar	15	15	16	15	8	-7	-46,6%	30.145	31.176	32.122	32.008	19.899	-12.109	-37,8%
Frádráttur vegna dagpeninga	15	14	15	15	8	-7	-47,2%	30.010	30.964	31.961	31.805	19.798	-12.007	-37,8%
Ökutækjastyrkur	13	13	13	13	11	-2	-14,5%	41.997	43.142	44.256	43.399	39.091	-4.308	-9,9%
Frádráttur á móti ökutækjastyrk	9	9	9	9	8	-1	-12,5%	35.866	36.485	37.303	37.425	34.263	-3.162	-8,4%
Reiknað endurgjald	27	27	28	29	26	-3	-11,0%	17.652	17.079	17.182	17.500	16.698	-802	-4,6%
Hreinar tekjur	15	14	14	13	13	0	-0,8%	15.608	15.041	15.035	14.993	14.435	-558	-3,7%
Tekjur erlendis	17	13	11	12	12	0	3,1%	5.079	4.937	4.691	4.770	4.859	89	1,9%
Greiddslur frá alþjóðastofnunum	1	1	1	2	2	0	10,2%	121	143	159	178	182	4	2,2%
Launatekjur	1.270	1.356	1.405	1.439	1.378	-61	-4,2%	217.837	223.967	230.599	232.059	227.335	-4.724	-2,0%
Greiddslur frá Tryggingastofnun	101	124	131	140	146	6	4,3%	59.897	58.993	60.690	63.611	66.145	2.534	4,0%
Skattfrjálsar greiddslur frá Tryggingastofnun	12	13	13	15	17	1	8,8%	18.428	18.479	18.257	37.001	39.467	2.466	6,7%
Tryggingagreiðslur	114	138	145	155	163	7	4,8%	69.577	68.412	69.915	72.660	75.439	2.779	3,8%
Atvinnuleysisbætur	9	10	12	20	68	48	237,3%	10.279	10.386	9.853	14.745	58.143	43.398	294,3%
Greiddslur úr lífeyrissjóðum	126	136	143	155	164	9	5,7%	57.099	59.026	61.078	63.787	65.965	2.178	3,4%
Greiddslur úr séreignarsjóðum	11	11	12	13	17	5	35,6%	7.968	8.561	8.284	9.023	11.329	2.306	25,6%
Sérstök útgreiðsla séreignarsparnaðar	0	0	0	0	19	19		43	0	0	0	15.587	15.587	
Lífeyrisgreiðslur	136	147	155	168	201	33	19,6%	59.827	61.581	63.477	66.269	84.884	18.615	28,1%
Styrkir vegna náms og vísindastarfa	3	3	4	4	4	-1	-17,7%	27.623	27.680	30.459	32.780	31.365	-1.415	-4,3%
Frádráttur á móti náms- og rannsóknarstyrkjum	2	2	2	3	3	-1	-22,9%	15.208	14.978	16.479	24.379	22.270	-2.109	-8,7%
Aðrar tekjur	12	14	15	15	16	0	1,4%	65.563	73.562	76.339	81.164	72.609	-8.555	-10,5%
Frádráttur á móti öðrum tekjum	3	3	3	4	3	0	-5,1%	39.706	45.555	50.720	53.898	46.418	-7.480	-13,9%
Húsaleigubætur, félagsleg aðstoð og styrkir	3	3	3	3	4	1	30,5%	4.124	3.471	3.460	3.864	4.311	447	11,6%
Aðrar skattfrjálsar greiddslur	21	23	25	25	26	1	2,9%	23.403	23.810	26.755	27.920	28.771	851	3,0%
Tekjur látins maka	0	0	0	0	0	0	108,2%	29	24	15	18	25	7	38,9%
Ýmsar greiðslur	35	38	41	41	43	2	5,1%	70.065	73.011	75.784	76.752	75.046	-1.706	-2,2%
Áætlanir	50	64	75	70	62	-8	-11,1%	10.739	14.940	16.998	15.966	13.907	-2.059	-12,9%
Álag	3	4	5	5	5	0	-0,3%	10.140	14.418	16.156	15.427	13.215	-2.212	-14,3%
Áætlanir og álag	53	68	80	75	67	-8	-10,3%	10.739	14.940	16.998	15.966	13.907	-2.059	-12,9%
Laun, hlunnindi, lífeyrir ofl.	1.618	1.757	1.838	1.898	1.919	21	1,1%	277.607	289.196	298.959	303.219	301.810	-1.409	-0,5%
Frádráttur vegna lífeyrisgjaldala	48	52	54	56	55	0	-0,8%	209.409	215.705	222.030	223.772	220.998	-2.774	-1,2%
Viðbótargjald í lífeyrissjóð	27	30	31	33	33	1	2,3%	112.187	117.695	120.025	123.614	127.785	4.171	3,4%
Tekjuskatts- og útsvarstofn skv. framtali	1.415	1.532	1.611	1.669	1.703	34	2,1%	253.522	262.823	271.887	278.059	282.312	4.253	1,5%
Ívilnun skv. 65. gr.	2	2	2	2	3	0	9,9%	12.375	11.298	11.430	12.353	13.627	1.274	10,3%
Tekjuskatts- og útsvarstofn	1.413	1.530	1.609	1.666	1.701	34	2,1%	253.488	262.781	271.874	278.044	282.300	4.256	1,5%
Fjármagnstekjur														
Leiga á íbúðarhúsi	13	15	15	16	15	-1	-4,4%	8.545	8.560	8.592	8.645	8.568	-77	-0,9%
Leiga af öðrum eignum	1	1	2	2	2	0	-21,3%	1.007	1.410	1.910	2.063	1.770	-293	-14,2%
Leigutekjur	15	16	17	18	17	-1	-6,3%	9.378	9.715	10.135	10.284	9.969	-315	-3,1%
Vextir af verðbréfum	14	17	14	14	15	1	9,0%	57.774	50.967	51.159	48.846	46.701	-2.145	-4,4%
Vextir af innstæðum	22	18	19	19	11	-8	-44,1%	204.834	210.465	217.138	221.424	220.331	-1.093	-0,5%
Vextir af erlendum innstæðum	0	0	0	0	0	0	10,1%	635	674	1.540	1.723	1.618	-105	-6,1%
Vextir af innstæðum barna	1	0	0	0	0	0	-19,2%	37.126	31.628	25.242	25.389	24.385	-1.004	-4,0%
Vextir	36	36	34	34	26	-7		205.038	210.831	217.630	221.805	220.903	-902	-0,4%
Arður af hlutabréfum	49	63	47	49	44	-5	-9,2%	15.172	14.677	14.741	13.587	8.660	-4.927	-36,3%
Arður af erlendum hlutabréfum	4	2	1	1	10	8	666,3%	333	361	400	444	630	186	41,9%
Arður af hlutabréfum	53	65	48	50	54	4	7,7%	15.315	14.863	14.915	13.830	9.059	-4.771	-34,5%
Hagnaður af sölu hlutabréfa	37	45	29	27	23	-4	-15,9%	3.855	2.859	2.811	2.953	3.155	202	6,8%
Annar söluhagnaður	5	6	4	5	3	-2	-34,4%	787	916	882	835	757	-78	-9,3%
Söluhagnaður	41	51	33	32	26	-6	-18,5%	4.566	3.708	3.632	3.731	3.839	108	2,9%
Höfundarréttargreiðslur					1	1		0	0	0	0	4.065	4.065	
Fjármagnstekjur samtals	145	168	132	134	125	-9	-7,0%	205.053	210.851	217.652	221.820	220.957	-863	-0,4%
Heildartekjur	1.762	1.925	1.970	2.032	2.044	12	0,6%	282.070	292.913	302.727	307.538	306.180	-1.358	-0,4%




* Tekjur handreiknaðra eru ekki taldar með í tekjuskatts- og útsvarstofni skv. framtali.

Eignir og skuldir

Tekjuár	Fjárhæðir					Breyting '19-'20		Fjöldi					Breyting '19-'20	
	2016	2017	2018	2019	2020	Milljarðar	%	2016	2017	2018	2019	2020	Fjöldi	%
Eignir														
Innstæður í bönkum	666	730	766	810	890	80	9,8%	204.306	209.895	216.548	220.786	220.785	-1	0,0%
Innstæður í erlendum bönkum	14	15	26	25	29	4	17,2%	1.457	1.662	5.005	5.632	5.605	-27	-0,5%
Innstæður barna	20	20	20	21	21	0	-0,3%	37.169	37.020	37.247	37.673	37.744	71	0,2%
Innlend hlutabréf	69	67	67	67	74	7	9,9%	53.485	53.826	54.675	56.014	59.920	3.906	7,0%
Erlend hlutabréf	14	14	16	16	20	4	28,4%	4.090	4.184	4.270	4.497	4.921	424	9,4%
Innlend og erlend verðbréf	415	462	465	495	534	38	7,7%	44.947	45.215	44.358	43.186	48.466	5.280	12,2%
Hrein eign skv. efnahagsreikningi	54	53	54	55	53	-1	-2,6%	6.991	6.760	6.713	6.773	6.714	-59	-0,9%
Ökutæki	278	312	330	335	351	15	4,6%	118.652	122.997	126.461	128.465	131.281	2.816	2,2%
Aðrar eignir	30	32	33	34	39	4	11,8%	23.284	23.495	23.799	24.435	25.429	994	4,1%
Áætluð eign	84	93	121	122	117	-5	-4,1%	2.589	3.724	3.884	3.805	4.145	340	8,9%
Áætluð eign viðbót	13	14	18	18	23	4	23,2%	2.589	3.724	3.884	3.805	4.145	340	8,9%
Fasteignir	4.271	4.925	5.444	5.821	5.941	120	2,1%	102.746	104.132	106.290	109.364	113.167	3.803	3,5%
Fasteignir erlendis	14	19	24	30	34	5	15,5%	465	645	838	983	1.054	71	7,2%
Eignir alls	5.920	6.736	7.363	7.829	8.104	275	3,5%	207.467	214.360	221.194	225.431	225.750	319	0,1%
Skuldir vegna íbúðarkaupa	1.410	1.464	1.557	1.672	1.809	137	8,2%	73.574	73.429	74.640	76.461	78.430	1.969	2,6%
Aðrar skuldir	685	674	663	664	649	-15	-2,3%	157.797	160.895	162.275	163.599	163.396	-203	-0,1%
Skuldir umfram eignir skv. rekstraryfirliði	15	13	12	11	11	0	-1,0%	3.425	3.148	3.039	2.857	2.625	-232	-8,1%
Heildarskuldir	2.109	2.151	2.231	2.347	2.468	121	5,2%	160.564	163.800	165.546	167.498	167.969	471	0,3%
Vaxtagjöld														
Vextir vegna íbúðarkaupa	81	79	77	80	73	-7	-8,3%	76.550	76.967	77.848	79.477	82.248	2.771	3,5%
Vextir af kaupleiguíbúðum	1	1	2	2	2	0	-2,6%	1.165	1.249	1.365	1.399	1.512	113	8,1%
Önnur vaxtagjöld	37	35	33	35	26	-8	-24,2%	146.367	152.401	157.000	158.002	154.270	-3.732	-2,4%

Opinber gjöld

Tekjuár	Fjárhæðir					Breyting '19-'20		Fjöldi					Breyting '19-'20	
	2016	2017	2018	2019	2020	Milljarðar	%	2016	2017	2018	2019	2020	Fjöldi	%
Tekjuskattur	180	194	209	213	213	0	-0,2%	199.635	219.515	234.716	238.120	235.622	-2.498	-1,0%
Persónuafsláttur itl greiðslu útsvars	10	9	9	9	9	0	-1,5%	76.485	68.564	63.371	64.200	65.258	1.058	1,6%
Almennur tekjuskattur	170	185	201	204	204	0	-0,2%	199.631	219.515	234.714	238.109	235.596	-2.513	-1,1%
Fjármagnstekjuskattur	25	30	25	25	23	-3	-11,2%	42.958	37.920	39.612	39.750	25.389	-14.361	-36,1%
Skattaafsláttur í fjármagnstekjuskatt	0	0	0	0	0	0	-26,1%	3.332	2.468	2.458	2.453	1.645	-808	-32,9%
Útsvar	215	235	245	253	256	3	1,1%	276.096	288.067	298.069	302.281	300.794	-1.487	-0,5%
Tekjuskattar samtals	410	449	471	482	482	0	-0,1%	242.731	256.909	267.858	271.051	269.236	-1.815	-0,7%
Útvarpsgjald	4	4	4	4	4	0	-1,7%	205.501	217.404	225.468	228.067	227.275	-792	-0,3%
Slysatryggingagjald vegna heimilisstarfa	0	0	0	0	0	0	1,9%	166.130	170.857	174.408	181.256	191.289	10.033	5,5%
Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra	3	3	3	3	3	0	-1,4%	205.645	217.593	225.660	228.232	227.360	-872	-0,4%
Tryggingagjald staðgreiðsluskylt	3	3	3	3	3	0	5,6%	11.925	12.162	12.354	12.455	11.453	-1.002	-8,0%
Tryggingagjald gjaldfallið 1. júní	0	0	0	0	0	0	-10,4%	7.105	6.924	6.774	6.680	6.668	-12	-0,2%
Tryggingagjald alls	3	3	3	3	3	0	4,9%	18.835	18.881	18.955	18.982	17.970	-1.012	-5,3%
Barnabætur	10	11	12	13	13	0	-1,7%	43.546	45.172	46.830	47.871	49.329	1.458	3,0%
Vaxtabætur	5	3	3	3	2	0	5,6%	26.107	18.985	17.127	15.470	15.020	-450	-2,9%
Sérstakur bótaauki vegna Covid 19	0	0	0	3	2	-1	-48,2%	0	0	0	78.104	49.339	-28.765	-36,8%
Skattar samtals	401	442	463	471	472	1	4,9%	238.635	253.381	264.011	266.655	265.088	-1.567	-0,6%
Fjöldi framteljenda á skattgunnskrá								286.728	297.676	307.699	313.338	312.513	-825	-0,3%
Reiknaðir í álagningarkerfi								260.131	269.632	279.237	286.784	291.536	4.752	1,7%
Handreiknaðir								26.597	28.044	28.462	26.554	20.977	-5.577	-21,0%



Innlend og erlend verðbréf

Innlend og erlend verðbréf eru skuldabréf, hlutdeildarskírteini, víxlar og stofnfjáreign. Þessar eignir eru færðar á nafnverði að viðbættum áföllnum vöxtum og verðbótum í árslok. Hlutdeildarskírteini teljast til eignar á gengi í árslok. Önnur verðbréf

sem skráð eru í kauphöll eru talin til eignar á verðgildi skráðu í kauphöll í árslok. Þá eru eignir í erlendum gjaldmiðlum taldar fram í íslenskum krónum á kaupgengi í árslok. Eignarhlutur í sameignarfélagum og samlagsfélagum er einnig talinn fram hér sem og stofnsjóðsinneign hjá samvinnu-

félögum sem eru taldar fram á nafnverði. Landsmenn áttu innlend og erlend verðbréf sem voru metin á 533,5 milljarða árið 2020. Verðbréfaeign landsmanna jókst um 38,0 milljarða eða 7,7%. Sjálfsgagt hafa vaxtalækkanir undanfarið haft eitthvað að segja. Alls töldu 48.466 fjölskyldur fram verðbréf, 5.280 fleiri en fyrir ári.

Landsmenn voru með 15,5 milljarða í vaxtatekjur af verðbréfum árið 2020 sem var um 1,3 milljörðum eða níu prósentum meira en árið áður. Vextir af verðbréfum eru taldir til tekna þegar þeir eru lausir til ráðstöfunar. Vextir af verðbréfum gefa því nokkra mynd af viðskiptum með verðbréf, ekki síður en vaxtastigi á hverjum tíma. Þeir sem töldu fram vexti af verðbréfum voru 2.145 færri en árið áður, 46.701 samanborið við 48.846 árið áður.

Hlutabréf

Verulegur hluti eigna landsmanna er bundinn í fyrirtækjum og rekstri. Fyrirtækin umbreyta auðlindum lands og sjávar í vöru sem er látin í skiptum fyrir aðra vöru og þjónustu hérlendis og erlendis. Margir starfa við úrvinnslu hráefnis eða þjónustu við framleiðslu og úrvinnslufyrirtæki. Grunnþörfunum fyrir fæði og klæði er þannig fullnægt af landsins gæðum.

Hlutafé er talið fram á nafnverði en það gefur mjög takmarkaða mynd af raunverulegu verðmæti hlutabréfanna sem tekur aftur mið af hagnaði og framtíðarhorfum fyrirtækjanna.

Einstaklingar áttu hlutabréf í íslenskum félögum sem metin voru á 73,6 milljarða að nafnverði í árslok árið 2020. Hlutabréfaeign var 6,6 milljörðum eða 9,9% meiri en á sama tíma fyrir ári en 59.920 fjölskyldur töldu fram hlutabréf, 3.906 fleiri en árið áður. Þá töldu 4.921 fjölskyldur fram 20 milljarða í erlendum hlutabréfum, sem var 4,4 milljörðum eða 28,4% meira en í fyrra. Fjölskyldurnar voru 424 fleiri en þá.

Af eign landsmanna í innlendum hlutabréfum voru greiddir 44,4 milljarðar í arð en 8.660 fjölskyldur töldu fram arð af innlendum hlutabréfum. Arðurinn var 4,5 milljörðum lægri en árið áður og fjölskyldurnar sem fengu arð 4.927 færri.

Alls fengu landsmenn 9,6 milljarða greidda í arð af erlendum hlutabréfum sem er meira en nokkru sinni fyrr. Nú töldu 630 fjölskyldur fram slíkar greiðslur. Arður af erlendum hlutabréfum var 8,4 milljörðum meiri en árið 2019 og 186 fleiri fjölskyldur fengu greiddan arð. Hér er því um mjög mikla aukningu á arði af erlendum hlutabréfum að ræða.

Söluhagnaður

Virði fyrirtækisins eykst þegar umsvif og eignir fyrirtækisins aukast. Verðmæti hlutabréfanna endurspeglar framtíðarhorfur félagsins og því eru menn oft tilbúnir til að greiða margfalt nafnverð og margfaldan hagnað ársins fyrir hlutabréf. Söluhagnaður var 26,1 milljarður árið 2020, 5,9 milljörðum eða 18,5% minni en árið áður. Nú töldu 3.839 fjölskyldur fram söluhagnað en þar af töldu 3.155 fjölskyldur fram 23,1 milljarð í söluhagnað af hlutabréfum og 757 fjölskyldur þrjá milljarða í annan söluhagnað.

Þess bera að geta að stór hluti eigna einstaklinga eru heimili landsmanna. Söluhagnaður íbúðarhúsnæðis sem eigandinn hefur átt í tvö ár er almennt undanskilinn fjármagnstekjuskatti. Í álagningu nú var reglum um söluhagnað breytt þannig að söluhagnaður frístundahúsnæðis, sem nýtt hefur verið af eigendum og ekki verið til útleigu gegn endurgjaldi, var skattfrjáls eftir sömu reglum og gilt hafa um íbúðarhúsnæði. Eigendur þurftu þó að hafa átt eignina í sjö ár á söludegi. Árið 2020 voru 11.360 eignir sem uppfylltu þessi skilyrði seldar fyrir samtals 487,6 milljarða en þar af var skattfrjáls söluhagnaður um 333,7 milljarðar.

Höfundarréttargreiðslur

Höfundarréttargreiðslur einstaklinga töldust áður til atvinnutekna. Nú teljast þessar greiðslur til fjármagnstekna og bera fyrir vikið lægri skatt. Árið 2020 voru 4.065 einstaklingar með einn milljarð í höfundarréttargreiðslur.

Heildarfjármagnstekjur

Landsmenn voru með 124,6 milljarða í fjármagnstekjur árið 2020 en það var 9,4 milljörðum eða sjö prósentum minna en árið áður.


Fjármagnstekjur jukust mjög hratt í aðdraganda hrunsins en árið 2007 voru þær orðnar 444,0 milljarðar. Árið 2011 voru landsmenn með 80,6 milljarða í fjármagnstekjur en þá tók landið að rísa og tekjurnar jukust ár frá ári fram til ársins 2018. Þá minnkuðu þessar tekjur aftur um 35,7 milljarða sem var 21,2% lækkan. Þá voru fjármagnstekjur um 132,3 milljarðar. Miklar sveiflur í fjármagnstekjum má rekja til söluhagnaðar og arðgreiðslna sem aukast í góðæri en minnka skarpt um leið og harðnar á dalnum.

Fjármagnstekjuskattur

Fjármagnstekjuskattur er lagður á fjármagnstekjur. Nokkrar breytingar voru gerðar á fjármagnstekjuskatti í álagningunni núna. Skatturinn er 22% en ekki þurfti að greiða skatt af vöxtum, arði og söluhagnaði


Milljarðar

Innlend og erlend hlutabréf



Milljarðar

Arður af hlutabréfum



hlutabréfa á skipulegum verðbréfamarkaði sem var undir 300 þús. kr. Frítekjumark hjóna var tvöfalt hærra. Þá var einungis helmingur leigutekna af útleigu íbúðarhúsnæðis til búsetu leigjanda og sem fellur undir húsaleigulög skattskyldur. Menn máttu þó ekki leigja fleiri en tvær íbúðir út. Helmingsreglan gildir því ekki um útleigu íbúðarhúsnæðis til ferðamanna. Í álagningunni í fyrra náði frítekjumarkið, sem þá var 150 þús. kr. fyrir einhleypinga og 300 þús. fyrir hjón, aðeins til vaxtatekna.


Á fjármagnstekjur voru nú lagðir 22,5 milljarðar í fjármagnstekjuskatt, sem var 2,9 milljörðum eða 11,2% minna en í fyrra. Skatturinn minnkaði því talsvert meira en skattstofninn. Skatturinn var lagður á 25.389 einhleypinga og hjón saman borið við 39.750 fjölskyldur í fyrra og því má ætla að skattbreytingarnar hafi létt fjármagnstekjuskatti af um 14.361 fjölskyldum en fátítt er að fólk sé ekki með einhverjar vaxtatekjur af innlánsreikningum. Eftir að farið var að árita bankareikninga á skattframtöl einstaklinga árið 2008 var skatturinn lagður á 184.444

fjölskyldur. Frítekjumarkið var sett á vexti í álagningunni 2010 en þá var skatturinn lagður á 46.767 fjölskyldur. Árið eftir var skatturinn lagður á 39.063 fjölskyldur. Langflestar þeirra 220.957 fjölskyldna sem voru með einhverjar fjármagnstekjur sleppa því við skattinn.

Þeir sem fullnýta ekki persónuafslátt á móti tekjuskatti geta nýtt það sem eftir stendur upp í fjármagnstekjuskatt. Nú nýttu 1.645 manns persónuafslátt til greiðslu fjármagnstekjuskatts en 225 milljónir gengu upp í skattinn. Í fyrra nýttu 2.453 persónuafslátt upp í skattinn en þá gengu 305 milljónir upp í skattinn. Tekjur ríkisins lækka því að sama skapi. Mun færri nýta persónuafslátt upp í fjármagnstekjuskatt nú en á undanförunum árum. Fjárhæðamörkin hafa vafalaust sitt að segja auk þess sem persónuafsláttur var lækkaður.

Heildartekjur

Árið 2020 voru landsmenn með 2.044 milljarða í tekjur sem voru 11,9 milljörðum eða 0,6% meiri tekjur en árið áður. Tekjur



landsmanna aukast að raungildi á sama tíma og plága herjar á landsmenn. Laun, hlunnindi, lífeyrir og aðrar greiðslur sem teljast til tekjuskatts- og útsvarsskyldra tekna hækkuðu um 21,3 milljarð en á móti minnkuðu fjármagnstekjur um 9,4 milljarða. Hér er hins vegar vert að hafa í huga að tekjur af launum og öðru endurgjaldi fyrir vinnu minnkuðu um 60,9 milljarða og fjármagnstekjur um 9,4 milljarða en samtals er þetta tekjusamdráttur upp á 70,2 milljarða. Á móti lækkuninni vege atvinnuleysisbætur upp á 47,6 milljarða og lífeyrisgreiðslur upp á 32,8 milljarða en þar af var sérstök útgreiðsla sér-eignarsparnaðar 19,4 milljarðar.

Eignir og skuldir í árslok

Sterkt samband er á milli tekna, eigna og skulda einstaklinga. Eignir og rétturinn til að eiga, njóta og ráðstafa eignum sínum er grundvallar réttur á Vesturlöndum, víðast hvar tryggður í stjórnarskrá. Allar eignir hafa einhvern tímann orðið til fyrir atbeina eða tilstuðlan manna og því má líta á þær sem tekjur. Þetta á jafnt við um óbyggðir sem ræktað land. Þótt að hluturinn sé til verður hann ekki að eign nema hann sé helgaður einhverjum. Menn geta þannig ekki átt neitt nema þá að þeim hafi áskotnast það, sem þýðir að þeir hafa fengið það einhversstaðar frá fyrir tilstuðlan einhvers. Eignarétturinn leyfir mönnum að safna og hugsa til framtíðar, en á því byggir frestun neyslu og fjárfesting, sem hefur lagt grunninn að velmegun á Vesturlöndum. Það er hins vegar mikilvægt að hafa í huga að margt sem almenningur nýtur í lífinu og telst því til lífsgæða er hvorki háð eignarrétti né talið fram á skattframtali. Almenningar og nýting almenninga og almannagæða eru sérstakt viðfangsefni hagfræðinnar.

Fasteignir

Fyrirtæki geta afskrifað íbúðarhúsnæði enda eru gamlar eignir í lélegu ásigkomulagi ódýrari en nýtt húsnæði. Lóðin hækkar hins vegar í verði á meðan eftirspurn eykst. Íslendingar eru fámenn þjóð í stóru landi og því ef til vill ekki vanir að líta á land sem fágæta auðlind. Þessu er ólíkt farið víðast hvar annarsstaðar. Fasteignir eru ekki aðeins fjárfesting og sparnaður heldur heimili og íverustaður landsmanna. Það skiptir fólk því miklu máli í hvaða hverfi það býr, hverjir búa þar, hvort að hverfið sé þríflegt, hvernig það liggur við samgöngum og hvort að öll þjónusta sé innan handar. Þessir þættir eru allir breytingum háðir og hafa áhrif á fasteignaverð, en þess eru mörg dæmi að blómlegum byggðum hnigni og endi í niðurniðslu en þar fara mikil auðævi oft í súginn.

Húsnæði innanlands í eigu landsmanna var metið á 5.940,6 milljarða í árslok 2020. Það var 119,7 milljörðum eða 2,1% meira virði en árið áður. Alls áttu 113.167 fjölskyldur fasteignir, 3.803 fleiri en í fyrra. Verðmæti fasteigna tekur mið af fasteignamatí sem er ákveðið af Þjóðskrá en fasteignamat á að endurspeglar markaðsvirði fasteigna. Sala fáeinna eigna hefur þannig áhrif á fasteignaverð og auð landsmanna og því er hér ekki aðeins um að ræða eignaaukningu eða aukningu nýbyggðs húsnæðis heldur verðmætaaukningu vegna aukinnar eftirspurnar eftir því húsnæði sem þegar til er.

Fasteignir hafa orðið dýrari með árunum og erfiðara hefur orðið fyrir fólk að kaupa íbúðir. Á tíunda áratugnum dugðu tæpar tvöfaldar heildartekjur landsmanna til að kaupa upp allar fasteignir og lóðir sem voru taldar fram á skattframtölum. Á uppgangsárunum fyrir hrun hækkaði íbúðarverð nokkuð miðað við tekjurnar en árið 2005 þurfti 2,4 árs-tekjur til að kaupa upp allar fasteignir í eigu einstaklinga. Þetta hlutfall lækkaði nokkuð í

hruninu en hækkaði síðan aftur þegar landið fór að rísa og hélst síðan stöðugt fram til ársins 2017 en þá fór íbúðarverð aftur að hækka miðað við tekjurnar.

Árið 2020 þurfti tæpar þrefaldar ársstekjur landsmanna til að kaupa upp framtaldar fasteignir. Hér er þó rétt að hafa í huga að söliverð fasteigna og þar með söluhagnaður, hefur áhrif á kaupverðið. Söluhagnaður af íbúðarhúsnæði er ekki tekjufærður. Þótt að tekjur séu flæðistærð og eignir stofnstærð segir þessi samanburður engu að síður nokkuð um þróun fasteigna og tekna á skattframtölum. Ef landsmenn fengju útborgað í íbúðarhúsnæði þá hefðu tekjur landsmanna verið um þriðjungi lægri árið 2020 en þær voru að meðaltali á árunum 1992 til 2001 en þá er litið fram hjá fjölda rúmmetra.

Auk fasteigna innanlands áttu landsmenn fasteignir í útlöndum sem metnar voru á 34,2 milljarða. Fasteignir erlendis jukust um 4,6 milljarða á milli ára sem var aukning um 15,5%. Á undanföllum fimm árum hafa fasteignir í útlöndum í eigu Íslendinga og annarra sem skattskyldir eru hér á landi aukist umtalsvert, eða um 21,3 milljarða frá árinu 2015, sem eru 165,3%. Nú töldu 1.054 fjölskyldur fram fasteignir í útlöndum sem var 71 fleiri fjölskyldur en í fyrra. Árið 2015 áttu 412 fjölskyldur íbúðarhúsnæði í útlöndum.

Á móti fasteignum stóðu skuldir vegna íbúðarkaupa upp á 1.808,5 milljarða en skuldir jukust um 136,8 milljarða eða 8,2% á milli ára. Eigið fé í íbúðarhúsnæði rýrnaði því um 17,1 milljarð eða 0,4%. Þetta sætir nokkrum tíðindum því að þetta er í fyrsta skipti síðan árið 2010 sem eigið fé landsmanna í íbúðarhúsnæði rýrnar á milli ára.

Á undanföllum árum hafa eignir landsmanna aukist á sama tíma og skuldirnar hafa minnkað eða aukist minna en eignirnar. Frá árinu 2015 hafa skuldir aukist um 30,8% á sama tíma og eignirnar hafa aukist um 49,6%. Á undanföllum þremur árum frá árinu 2017 hafa skuldir hins vegar aukist um 23,5% á sama tíma og eignirnar hafa aukist um 20,6%. Eignirnar eru hins vegar umtalsvert meiri en skuldirnar og því hefur eigið fé aukist þangað til nú, að skuldir aukast um 8,2% á sama tíma og eignirnar aukast um 2,1%. Skuldirnar aukast nær fjórfalt hraðar.

Í árslok voru 78.430 fjölskyldur með skuldir vegna íbúðarkaupa sem var 1.969 fleiri en árið áður. 34.737 fjölskyldur voru því í skuldlausu húsnæði eða um 30,7% fjölskyldna. Þetta hlutfall hefur ekki verið hærra síðan um miðjan tíunda áratug síðustu aldar.

Þrátt fyrir að skuldir vegna íbúðarkaupa hafi hækkað um 136,8 milljarða lækkuðu vaxtagreiðslur af íbúðarlánum um 6,6 milljarða eða 8,3%. Landsmenn greiddu 73,1

milljarða í vexti af íbúðarlánnum árið 2020. Alls voru 82.248 fjölskyldur með vaxtagreiðslur, 2.771 fleiri en árið áður. Það voru þannig 3.818 fleiri fjölskyldur sem greiddu vexti af fasteignalánnum á árinu 2020 en voru með lán vegna íbúðarkaupa í árslok. Meðalvaxtagreiðsla var um 889.009 kr. sem eru lægstu meðalvextir sem hafa sést síðan árið 2003.

Bifreiðir

Bifreiðir eru almennt færðar á skattframtal á kaupverði og síðan niðurfærðar um 10% á hverju ári. Niðurfærslurnar miðast við verðmæti árið áður. Bifreiðirnar falla því í verði frá ári til árs og eftir því sem bíllinn er dýrari er niðurfærslan meiri. Í árslok 2020 áttu landsmenn bifreiðir og ökutækjaskattmetin voru á 350,7 milljarða króna. Verðmæti bifreiða og ökutækja í eigu landsmanna jókst um 15,4 milljarða eða 4,6% á milli ára.



Bifreiðaeign jókst mikið í góðærinu sem hófst árið 2014 eftir að hafa minnkað mikið í hruninu, en nokkuð dró úr bílakaupum landsmanna árið 2019 en þá jókst bifreiðaeign ekki nema um 1,7%. Árin 2015 til 2018 jókst bifreiðaeign hins vegar um 6,3%, 10,7%, 12,3% og 5,8%, samtals um 94,0 milljarða.

Aðrar eignir

Mönnum ber að telja fram til skatts aðrar eignir en fasteignir og bifreiðir, s.s. hjólhýsi, tjaldvagna, báta, vélsleða, vélhjól, góðhesta, seðla og annað slíkt. Um síðustu áramót áttu landsmenn 38,5 milljarða í öðrum eignum, sem var 4,1 milljarði eða 11,8% meira en árið áður. Aðrar eignir taka talsverðum breytingum á milli ára. Þær minnkuðu um 17,7% árið 2013, jukust aftur um 22,5% árið 2015 og minnkuðu síðan aftur um 19,0% árið eftir. Aukningin 2020 er talsvert meiri en síðustu þrjú árin þar á undan en þá jukust þessar eignir um 5,4%, 3,0% og 4,6%. Nú töldu 25.429 fjölskyldur fram aðrar eignir saman borðið við 24.435 í fyrra. Þetta er fjölgun um 994 á milli ára.

Aðrar skuldir og vaxtagjöld

Aðrar skuldir eru skuldir vegna lána sem hafa verið tekin til kaupa á öðru en fasteignum. Hér er því m.a. um að ræða lán sem hafa verið tekin til að greiða fyrir lífsstíl eða neyslu eða til að kaupa ýmsa lausamuni: húsbúnað, bifreiðir, báta, vélsleða, mótórhjól og þess háttar sem og skyndilán, yfirdrátt og krítarkortaskuldir að ógleymdum lánnum sem hafa verið tekin til að kaupa verðbréf. Þá hafa einhverjir vafalaust tekið lán til að mæta ófyrirséðum áföllum, atvinnumissi, tannviðgerðum eða málaferlum o.s.frv. Skuldir við Lánasjóð íslenskra námsmanna eða Menntasjóð eins og hann heitir nú eru einnig taldar til annarra skulda. Samanlagt



voru aðrar skuldir um 648,8 milljarðar árið 2020, 15,4 milljörðum eða 2,3% minni en árið áður. Nú voru 163.396 fjölskyldur með einhverjar aðrar skuldir 203 færri en árið áður.

Þróun annarra skulda er um margt áhugaverð. Aðrar skuldir jukust nokkuð fram að góðærinu sem hófst í kringum 2002 en þá tóku þær að aukast mjög hratt þegar fjármálastofnanir fóru að bjóða lán fyrir hverju því sem hugurinn girtist. Skuldirnar voru 401,4 milljarðar árið 2002 en voru orðnar 917,4 milljarðar fimm árum síðar. Þarna munaði um hóp manna sem hafði mikið lánstraust og greiðan aðgang að lánsfé sem varið var til hlutabréfakaupa. Skuldirnar héldu síðan áfram að vaxa í hruninu en í árslok 2009 voru aðrar skuldir orðnar 1.055,4 milljarðar. Hlutabréfin voru þá hins vegar orðin lítils sem einskis virði. Síðan minnkuðu aðrar skuldir ár frá ári fram til ársins 2018 og voru þá um 662,8 milljarðar. Þær voru að heita óbreyttar árið 2019 en lækkuðu síðan um 15,4 milljarða og hafa þær, þrátt fyrir ástandið, ekki verið lægri frá hruni.



Vextir af öðrum skuldum voru 26,5 milljarðar en það var 8,4 milljörðum eða

24,2% minna en greitt var árið áður. Þá voru 154.270 fjölskyldur með vexti af öðrum lánnum, 3.732 færri en árið 2019. Meðalvaxtagjöld á skuldara voru því um 171.553 kr. á ári, samanborið við 613.008 kr. árið 2009 sem er það lægsta sem hefur sést.

Heildareignir og heildarskuldir

Heildareignir landsmanna voru metnar á 8.103,5 milljarða í árslok 2020. Eignir landsmanna jukust um 274,6 milljarða á milli ára eða 3,5%. Eignaaukningin árið 2020 var hægari en á undanförunum árum Eignir jukust um 414,1 milljarð árið 2016, 816,5 milljarða árið 2017, 627,1 milljarð árið 2018, sem var aukning um 7,5%, 13,8% og 9,3%. Árið 2019 jukust eignir um 465,8 milljarða á milli ára sem var 6,3% aukning. Það hefur því dregið nokkuð úr mikilli eignaaukningu síðustu ára. Á árunum 2015-2020 jukust framtaldar eignir landsmanna því um 2.598,1 milljarð eða 47,2%, sem jafngildir átta prósentu árlegri ávöxtun.

Mikla hækkun eigna á undanförunum árum má að mestu rekja til hækkunar fasteignamats en nú bregður svo við að aðrar



eignir en fasteignir aukast um 154,9 milljarða saman borið við 119,7 milljarða hækkun fasteigna. Aðeins 43,6% eignaaugningarinnar nú var vegna hækkunar fasteignamat, saman borið við 81,0% í fyrra, en fasteignir voru um 73,3% eigna landsmanna um síðustu áramót. Á árunum 1992 til 2001 var þetta hlutfall 66,9% að jafnaði.

Á móti eignum einstaklinga stóðu heildarskuldir upp á 2.468,4 milljarða. Skuldir jukust um 121,2 milljarða á milli ára sem var 5,2% aukning. Eignir jukust á sama tíma um 3,5%. Eigið fé jókst þannig um 153,4 milljarða árið 2020 eða 2,8%. Eignir umfram skuldir voru 5.635,1 milljarður í árslok 2020.

Á undanförunum fimm árum hafa eignir landsmanna aukist um 2.598,1 milljarða eða 47,2% en á sama tíma hafa skuldirnar aukist um 371,2 milljarða eða 17,7%. Eigið fé landsmanna hefur því aukist um 2.226,9 milljarða sem var 65,3% hækkun á tímabilinu. Um 30,5% eigna landsmanna var í skuld sem er hálfu prósentustigi meira en í árslok 2019. Í botni kreppunnar árið 2010 var þetta skuldahlutfall komið í 55,2% en síðan hefur

það lækkað ár frá ári og ef litið er fram hjá hækkuninni 2020 hefur það ekki verið lægra síðan í árslok árið 1994 en þá voru skuldir 22,4% af eignum.

Bætur

Bætur í skattkerfinu eiga, líkt og frádráttur, afsláttur og ívilnanir, að milda skattbyrði þeirra sem hafa, vegna sérstakra aðstæðna, skert gjaldþol og eiga því erfiðara en ella með að svara skatti. Það fer eftir áherslum hverju sinni hvernig þessir mismunandi þættir skattkerfisins eru stilltir af. Barna- og vaxtabótum er þannig ætlað að milda skattbyrði ungs fólks sem er að koma sér upp heimili og hefur fyrir börnum að sjá. Hér er miðað við greiðslugetu fjölskyldunnar en ekki einstaklingsins og því taka bætur mið af því hvort að um hjón, einhleyga foreldra eða barnlausa einstaklinga er að ræða.

Bæturnar eru skertar með hliðsjón af tekjum. Með fyrsta barni fengu hjón 234.500 kr. og með hverju barni umfram eitt voru greiddar 279.200 kr. Einstæðir foreldrar fengu 390.700 kr. með fyrsta barni og 400.800 kr. með hverju barni umfram eitt.

Þá voru greiddar 140.000 kr. aukalega með öllum börnum undir sjö ára aldri. Bæturnar voru óbreyttar á milli ára.

Bætur voru skertar ef tekjustofn hjóna fór yfir 8.424.000 kr. og að 11.000.000 kr. og einstæðs foreldris fór yfir 4.212.000 kr. og að 5.500.000 kr. um 4% með einu barni, 6% með tveimur börnum og 8% með þremur börnum eða fleirum. Í fyrra voru neðri tekju-skerðingarmörkin 7.800.000 kr. hjá hjónum og 3.900.000 kr. hjá einstæðum foreldrum en efri tekjumörkin voru óbreytt á milli ára.

Af tekjustofni umfram 11.000.000 kr. hjá hjónum og 5.500.000 kr. hjá einstæðum foreldrum var skerðingin 5,5% með einu barni, 7,5% með tveimur börnum og 9,5% með þremur börnum eða fleiri. Skerðing bóta með börnum undir sjö ára aldri var 4% en skerðingarmörkin voru 8.424.000 kr. hjá hjónum og 4.212.000 kr. hjá einstæðum foreldrum. Í álagningunni fyrir ári var miðað við tekjur hjóna umfram 7.800.000 kr. og einstæðs foreldris umfram 3.900.000 kr. Barnabætur með börnum yngri en sjö ára voru skertar um 4% af tekjum ef tekjur hjóna fóru 8.424.000 kr. og einhleygings yfir 4.212.000 kr. Þessi mörk voru 7.800.000 og 3.900.000 í fyrra.

Í álagningunni nú voru 312.513 framteljendur á skrá en þar af voru 82.832 foreldrar, 16.680 einhleypir og 66.152 samskattaðir. Um fimmta hvert foreldri er því einhleypt. Þessir foreldrar töldu fram 86.686 börn og ungmenni en ungmenni á aldrinum sextán til átján ára teljast hvoru tveggja sjálfstæðir skattgreiðendur og börn foreldra sinna. Einhleypir töldu fram 24.837 börn en samskattaðir 61.749, þannig að nær þriðja hvert barn er á framfæri einstæðs foreldris, eða um 28,7% barna og ungmenna.

Skatturinn reiknaði 49.329 foreldrum, en þar af voru 13.899 einstæðir foreldrar og 35.430 hjón og samskattað sambúðarfólk, 12,5 milljarða í barnabætur. Þá fengu 49.339 foreldrar 1,6 milljarða greidda í sérstakar barnabætur vegna farsóttarinnar, en greiddar voru 30.000 kr. með hverju barni til þeirra sem fengu reiknaðar tekjutengdar barnabætur. Barnabætur voru 20 milljónum hærri í álagningu nú en í fyrra en 1,5 milljarði minna var greitt í sérstakan barnabótaauka vegna Covid-19. Hins vegar fengu 1.458 fleiri forráðamenn greiddar barnabætur. Í fyrra fengu 78.104 manns greiddan sérstakan barnabótaauka en þá fengu þeir foreldrar sem fengu tekjutengdar barnabætur samkvæmt niðurstöðu álagningarinnar greiddar 42.000 kr. til viðbótar fyrir hvert barn í sérstakan barnabótaauka. Í fyrra voru svo jafnframt greiddar 30.000 kr. í sérstakan barnabótaauka vegna Covid-19 til þeirra sem

ekki fengu tekjutengdar barnabætur vegna tekjuskerðingarákvæða.

Vaxtabætur

Vaxtabætur létta skattbyrði þeirra sem eru að koma sér upp þaki yfir höfuðið. Ríkisskattstjóri reiknaði landsmönnum nú tæpa 2,4 milljarða í vaxtabætur af vaxtagjöldum ársins 2020. Vaxtabætur voru 303 milljónum eða 11,3% lægri en í álagningu í fyrra. Landsmenn greiddu 73,1 milljarð í vaxtagjöld af íbúðarhúsnæði og því gengu bætur upp á móti 3,2% vaxtakostnaðar. Bæturnar vege þó mun þyngra hjá einstaka skuldurum.

Fullar vaxtabætur voru 420.000 kr. hjá einhleyping, 525.000 kr. hjá einstæðum foreldrum og 630.000 kr. hjá hjónum og samsköttuðu sambúðarfólki. Vaxtabætur voru veittar fyrir vaxtagjöld sem voru allt að 840.000 kr. þegar um barnlausa einhleypinga var að ræða, 1.050.000 kr. hjá einstæðum foreldrum og 1.260.000 kr. hjá hjónum og sambúðarfólki. Hámark vaxtagjalda var þó 7% af skuldum vegna íbúðarkaupar. Vaxtagreiðslur voru síðan skertar um 8,5% af tekjuskattstofni. Reiknaðar bætur eru svo skertar ef

skuldlausar eignir hjóna verða meira en átta milljónir og eru bæturnar fullskertar þegar þær eru orðnar 12.800.000 kr. Hjá einstaklingum liggja þessi mörk á bilinu frá fimm til átta milljónum. Breytingar á fasteignamati sem hafa áhrif á verðtryggt lán geta því haft töluverð áhrif á bótagreiðslurnar. Bætur voru greiddar 15.020 manns, sem var 450 færri en fyrir ári. Vægi vaxtabóta hefur minnkað mikið á undanförunum árum. Um aldamótin voru 10,5 milljarðar greiddir í vaxtabætur sem voru þá um 21,3% af vaxtagjöldum. Þá fengu 52.712 manns greiddar bætur. Bæturnar lækkuð síðan fram til ársins 2005 og voru þá 8,8 milljarðar. Þær hækkuðu síðan aftur en í hruninu á árunum 2010 og 2011 var greidd sérstök vaxtaniðurgreiðsla til að létta undir með skuldugum íbúðarkaupendum. Á þessum árum voru vaxtabætur og sérsök vaxtaniðurgreiðsla um 30,4% og 27,1% vaxtagjalda. Síðan hefur vægi bótanna minnkað mikið og færri fá greiddar vaxtabætur.

Og að lokum þetta

Undanfarin ár hafa um margt verið áhuga-verð. Í landinu hefur geymsað farsótt sem

hefur haft ýmis áhrif á flest svið þjóðlífsins. Margt sem áður þótti sjálfsgagt og fáir leiddu hugann að heyrir til forréttinda í heimsfaraldrinum.

Tölur úr skattframtölum sýna nokkrar breytingar í aðdraganda og eftirmálum hrunsins. Eftir hrun greiddu menn niður skuldir og almennt virðist fólk hafa sýnt meiri ráðdeild og passasemi í fjármálum en fyrir fall bankanna. Þannig létu menn hrúnið sér að kenningu verða. Meðan færi gafst sýndu menn ráðdeild og fyrirhyggju og bjuggu í haginn til framtíðar. Fyrir vikið höfðu menn tók á að takast á við ástandið og létta undir með þeim sem verst hafa orðið úti í plágunni. Það verður áhugavert að fylgjast með og meta langtímaáhrif heimsfaraldursins og hvaða lærdóm menn munu draga af afleiðingum hans.


Skattframtöl gefa mjög takmarkaða mynd af hag landsmanna. Ísland er kalt, blautt, myrkt og vindasamt land á hjara veraldar. Íslendingum væri hollt að staldra við annað slagði og velta því fyrir sér hvað gerir það þessi virði að búa hér og hvort að það sé eitt-hvað sem þeir þurfi að standa vörð um.

Hlutfall framteljenda á aldrinum 25 til 64 ára sem voru hvorki með laun né reiknað endurgjald

Árið 1981 var miðgildi launa, hlunninda og reiknaðs endurgjalds í landinu ígildi 1.967 þús. króna á verðlagi ársins 2020. Miðgildi launa karla var 3.344 þús. kr. og miðgildi launatekna kvenna var rúmar 1.175 kr. eða aðeins um 35,2% af miðgildi karla. Miðgildi tekur til allra sem eru á skattgrunnskrá en á þessum tíma var miðgildi launatekna karla sem voru á aldrinum 25 ára til 64 ára 4.169 þús. kr. og kvenna 1.463 þús. kr. Hér skiptir atvinnuþátttaka miklu máli en aðeins um 6,3% karla á þessu aldursskeiði töldu ekki fram nein laun árið 1981, saman borið við 17,6% kvenna.

Á fjórum áratugum hefur margt breyst. Miðgildi tekna hækkaði um 155,8% að raungildi fram til ársins 2020 og var þá 3.065 þús. kr. Miðgildi launatekna karla hafði hækkað um 7,8% og var þá 3.603 þús. en miðgildi launa kvenna hafði hækkað um 1.495 þús. kr. eða 123,8% og var þá 2.631 þús. kr. eða 73,0% af miðgildi launatekna karla. Munurinn hefur aldrei verið jafn lítill. Ef menn einskorða sig við þá sem voru á aldrinum 25 til 64 ára þá hafði miðgildi launatekna karla hækkað um 2.134 þús. kr. eða 39,3% í tæpar 5.808 þús. kr. á sama tíma og miðgildi kvenna

hafði hækkað um 3.207 þús. kr., í tæpar 4.675 þús. kr. eða um 219,6%. Árið 2020 voru um 17,7% kvenna ekki með launatekjur sem er að heita sama hlutfall og árið 1981 og þá voru um 18,1% karla hvorki með laun, hlunnindi né reiknað endurgjald, eða nær þrefalt fleiri en árið 1981. Frá árinu 2000 hefur miðgildi launa karla á þessum aldri staðið í stað á meðan miðgildi launa kvenna hefur hækkað um 55,5%. Pestin hefur hér nokkur áhrif en árið 2020 lækkaði miðgildi launatekna karla um 6,9% og kvenna um 4,7%.



Skattalegir hvatar fyrir lögaðila sem starfa til almannaheilla

Með lögum nr. 32/2021 var gerð breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt (hér eftir tskl.), þar sem inn kemur ný heimild hjá einstaklingum til frádráttar frá tekjum sbr. 7. tl. A-liðar 1. mgr. 30. gr. tskl., vegna gjafa og framlaga til ýmiskonar málaflokka er varða starfsemi til almannaheilla. Jafnframt var gerð breyting á eldri heimild rekstraraðila til frádráttar frá tekjum vegna gjafa og framlaga til sömu málaflokka, sbr. 2. tl. 31. gr. tskl. Bætt var inn nýrri málsgrein í 4. tl. 4. gr. tskl. þar sem tiltekin er starfsemi til almannaheilla í sjö staflíðum.

Starfsemi sem telst til almannaheilla í þessu sambandi

- mannúðar- og líknarstarfsemi,
- æskulýðs- og menningarmálastarfsemi,
- starfsemi björgunarsveita, landsamtaka björgunarsveita og slysavarnadeilda og einstakra félags- eininga sem starfa undir merkjum samtakanna,
- vísindaleg rannsóknarstarfsemi,
- starfsemi sjálfstæðra háskólasjóða og annarra menntasjóða,
- neytenda- og forvarnastarfsemi,
- starfsemi þjóðkirkjunnar, þjóðkirkju- safnaða og annarra skráðra trú- og líffsskoðunarfélaga.

Frádráttur einstaklinga getur verið á bilinu 10 - 350 þús. kr. á almanaksári, hjóna og sambúðarfólks alls 700 þús. kr., en er ekki millifæranlegur og ber því að halda framlögum hvers einstaklings aðgreindum. Móttakendur gjafa og framlaga, sem skráðir eru á sérstaka almannaheillaskrá, þurfa að gefa út kvittun við móttöku þar sem m.a. kemur fram nafn og kennitala gefanda og fjárhæð framlags. Að almanaksári loknu þarf móttakandi að taka saman fjárhæð gjafa og framlaga niður á hvern gefanda og skila þessum upplýsingum til Skattsins samhliða öðrum árlegum gagnaskilum fyrir 20. janúar ár hvert. Á grundvelli gagnaskilanna verður frádráttur áritaður á framtal gefanda.

Frádráttur rekstraraðila getur numið 1,5% af rekstrartekjum á því ári sem gjöf er afhent eða framlag er veitt. Jafnframt er rekstraraðila heimilt að færa til frádráttar 1,5% af rekstrartekjum vegna framlaga til aðgerða sem stuðla eiga að kolefnisjöfnun, s.s. aðgerða í rekstri til kolefnisjöfnunar, sem og fjárframlög til skógræktar, uppgræðslustarfa og endurheimtar votlendis o.s.frv. Því getur heildarhlutfall frádráttar í

atvinnurekstri vegna gjafa og framlaga til almannaheilla og kolefnisjöfnunar orðið alls 3% af rekstrartekjum.

Skilyrði fyrir frádrætti hjá gefendum er að móttakandi sé skráður á almannaheillaskrá á því tímamarki sem gjöf er afhent eða framlag veitt og gildir frádráttarheimildin um framlög sem berast frá og með þeim degi sem sótt var um skráningu á almannaheillaskránni. Endurnýja skal skráningu á almannaheillaskrá árlega fyrir hvert byrjað almanaksár eigi síðar en 15. febrúar ár hvert.

Samkvæmt nýjum 9. tl. 4. gr. tskl., þá eru þeir lögaðilar sem um ræðir í 5. tl. 1. mgr. 2. gr. tskl., sem hafa með höndum starfsemi sem fellur undir greinda staflíði og eru skráðir í almannaheillaskrá Skattsins, undanþegnir greiðslu tekjuskatts. Rétt er að benda á að almannaheillaskrá er sérstök skrá og er ekki sama og almannaheillafélagaskrá. Skráning lögaðila til almannaheilla í almannaheillafélagaskrá leiðir ekki sjálfkrafa til þess að lögaðilinn sé jafnframt skráður eða talinn uppfylla skilyrði fyrir skráningu á almannaheillaskrá, sbr. 9. tl. 4. gr. tskl.

Umsókn um skráningu

Forsvarsmenn þeirra lögaðila sem óska eftir skráningu á almannaheillaskrá Skattsins og telja starfsemina falla undir framangreinda staflíði (a.-g.) þurfa að sækja sérstaklega um skráningu á almannaheillaskrá sem viðurkennd félög sem starfa til almannaheilla, þannig að framlög til þeirra séu, að ákveðnu marki, frádráttarbær við ákvörðun á tekjuskattsstofni gefanda.

Einungis aðilar sem falla undir 5. tl. 1. mgr. 2. gr. tskl., þ.e. félögum, sjóðum og stofnunum þ.m.t. sjálfseignarstofnunum, er heimil skráning á almannaheillaskrá. Félög sem falla undir 1.-4. tl. 2. gr. tskl., þ.e. hlutafélög, einkahlutafélög, sameignarfélög, samlagsfélög, samlagshlutafélög og samvinnufélög, falla ekki undir heimild til

skráningar á almannaheillaskrá. Gjafir og framlög til slíkra lögaðila skapar því ekki frádráttarheimild hjá gefendum.

Aðilar á almannaheillaskrá eru almennt ófjárhagsleg félög (e. non profit organization) sem í megindráttum reka ekki atvinnustarfsemi í skilningi skattalaga, heldur fyrst og fremst starfsemi með þjóðfélagslegan tilgang og samfélagsleg markmið að leiðarljósi. Þessum félögum er þó heimil einhver atvinnustarfsemi til fjáröflunar innan þeirra marka sem tilgreind eru í samþykktum þeirra og leiða má beint af tilgangi lögaðilans. Þá er þessum lögaðilum heimil starfsemi sem hefur aðeins óverulega fjárhagslega þýðingu m.t.t. heildartekna lögaðilans.

Nánari reglur um skráningu á almannaheillaskrá verða settar með reglugerð þar sem m.a. verður tekið á umsóknarfresti og nánari skilyrði sett sem móttakendur gjafa og framlaga þurfa að uppfylla. Samkvæmt drögum að þeirri reglugerð, sem birt hefur verið á samráðsgáttinni, er gert ráð fyrir því að framkvæmdin verði með eftirfarandi hætti.

Skilyrði

Félög sem óska eftir skráningu á almannaheillaskrá þurfa að uppfylla ákveðin skilyrði til að fá skráningu á almannaheillaskrá, s.s. að standa skil á ársreikningum, ekki vera í vanskilum með opinber gjöld, skatta og skattsektir. Álagðir skattar byggja ekki á áætlunum vegna vanskila á skattframtölum og skýrslum þ.m.t. staðgreiðsluskilgreinum og virðisaukaskattskýrslum. Þá þurfa að liggja fyrir samþykktir þar sem fram kemur með skýrum hætti tilgangur félagsins og hvernig hagnaði verði ráðstafað til almannaheilla. Sömuleiðis þarf bókhald og ársreikningsuppgjör að bera með sér fjárhæð gjafa og framlaga ásamt því hvernig fjármunum hefur verið ráðstafað til almannaheilla. Ráðstafa þarf framlögum innan skamms tíma til þeirra málefna sem starfsemin stendur til þ.a. ekki komi til mikillar sjóðasöfnunar á milli ára.

Ákvörðun Skattsins um höfnun á skráningu á almannaheillaskrá er kæránleg til yfirséðanefndar.

Guðlaug Guðjónsdóttir
Kristján Gunnarsson

Sameinuð ásýnd Skattsins á vefnum

Við sameiningu embættis ríkisskattstjóra og tollstjóra var ákveðið að hin nýja stofnun, Skatturinn, skyldi hafa eina og sameinaða ásýnd á vefnum. Í nóvember 2020 var svo hafist handa við að skoða hvernig því mætti koma við. Báðir vefir ríkisskattstjóra og tollstjóra voru komnir til ára sinna og var því strax frá upphafi ljóst að drauma- staðan væri að gera nýjan vef frá grunni með skipulagi sem hentaði nýrri og stórrí stofnun með fjölbreytileg verkefni. Því miður leyfðu hvorki tíma- né fjárhagsrammi það að svo stöddu. Var því haldið af stað með að finna lausn sem gæti þjónað markmiðum okkar á skemmri tíma með ódýrari hætti. Eftir að hafa velt upp nokkrum valmöguleikum var ákveðið að flytja efni af vef tollstjóra yfir á gamla vef ríkisskattstjóra, setja upp nýja forsíðu og nýtt leiðakerfi um leið og frískað var upp á útlit og liti. Samhliða var vefurinn fluttur á nýtt lén, www.skatturinn.is.

Nýtt útlit

Ein stærsta og mest áberandi breytingin sem varð á vefnum er að hann fékk nýja forsíðu, en sú gamla þótti ekki lengur fríð, hentaði verr fyrir mismunandi skjástærðir auk þess sem notendaprófanir höfðu leitt í ljós að hún þótti ekki mjög notendavæn. Nýja forsíðan var hönnuð af Hugsmiðjunni og var notast við nýja lita-pallettu sem fylgdi nýju merki sameinaðs embættis sem teiknað var af auglýsingastofunni Brandenburg.

Forsíðan samanstendur af nokkrum einingum sem allar eru til þess gerðar að auðvelda notendum að finna það sem þeir leita að. Efst er hringekja þar sem vakinn er athygli á því sem efst er á baugi hverju sinni, þá er skattadagatalið gert meira áber-

andi og flýtleiðir að mikið lesnu efni einnig. Tilgangurinn með þessum breytingum á forsíðu er að notendur eigi auðveldara með að finna það efni sem þeir leita að, að flýtleiðir verði markvissari og útlit heimasíðunnar verði nútímalegra.


Nýtt leiðakerfi (e. menu) og flutningur efnis af tollur.is

Vefsíða tollstjóra var mjög umfangsmikil og veftré hennar og skipulag allt annað en á gamla vef ríkisskattstjóra. Það var því mikið verk að greina efni vefsins, flokka það og raða upp á nýtt svo það passaði inn í nýtt veftré. Upplýsingum á gömlu vefjunum tveimur var skipt í einstaklinga, atvinnurekstur og fagaðila og var sú skipting látin halda sér, en undir þeim yfirköflum skiptist efnið í tollamál og skattamál.

Nú þegar nokkrir mánuðir eru liðnir frá þessum breytingum á vefsíðunni verður ekki annað sagt en að þær hafi tekist vel og fáir hnökrar eða byrjunarörðuleikar hafi komið upp.

Litið til framtíðar

Þegar litið er til framtíðar er ljóst að gildi og mikilvægi vefsins og rafrænnar þjónustu er vaxandi og því má ekki láta staðar numið hér. Þróun þjónustu og starfsemi embættisins til framtíðar er öll á eina leið, aukin rafræn þjónusta, sjálfsafgreiðsla og sjálfvirkni er það sem notendur kalla eftir og er góður aðgengilegur vefur lykillinn að því að vel takist til í þeim efnum. Hröð þróun er í lausnum og möguleikarnir óþrjótandi. Krafa samfélagsins á fumlausa rafræna þjónustu er því leiðarljós Skattsins þegar horft er fram á veginn.



Aðrir hlutar síðunnar eru lítið breyttir og byggja á gamla grunni vefs RSK, en frískað hefur verið upp á ásýnd hans með letri og nýjum litum. Eins er rétt að vekja athygli á að forsíða enska hluta vefsins fékk samskonar andlitslyftingu og forsíðan og hentar nú betur til að veita upplýsingar um málefni líðandi stundar á ensku.

Skatturinn á samfélagsmiðlum

Að lokum er rétt að benda lesendum á að Skatturinn er bæði á Facebook og LinkedIn þar sem fréttum, tilkynningum og öðru efni frá stofnuninni er miðlað. Áhugasöm geta fylgt Skattinum til að fá upplýsingar um starfseminna.

Jónas Magnússon

Sameining skattrannsóknarstjóra ríkisins og Skattsins

Pann 1. maí síðastliðinn sameinuðust embætti skattrannsóknarstjóra ríkisins og Skattsins.¹ Með sameiningunni varð til sjálfstæð eining innan embættis Skattsins er annast skattrannsóknir. Einingin ber heitið Skattrannsóknir og er henni stýrt af skattrannsóknarstjóra sem skipaður er af ríkisskattstjóra. Á skattrannsóknarsviði starfa um 30 starfsmenn.

Frumvarp um sameiningu embættanna var lagt fram á haustþingi 2020 og varð að lögum 1. maí 2021. Þar með fór af stað mikið breytingaferli hjá hinu sameinaða embætti, sem fól í sér ýmsar ráðstafanir til að ná markmiðum laganna. Var allt kapp lagt á að vinna verkið hratt og vel. Sameining stofnana er viðamikil og krefjandi verkefni sem tekur í það minnsta marga mánuði í framkvæmd. Verkefni og mannauður eru felld inn í starfsemi annarrar stofnunar og þarf að huga að mörgu er varðar innviði hinnar sameinuðu stofnunar, t.d. skipuriti, verkefnaskiptingu, boðleiðum milli sviða, verkferlum og framtíðarsýn, til að unnt reynist að ná þeim markmiðum sem að er stefnt með sameiningunni.

Markmið sameiningarinnar

Í greinargerð með frumvarpi því er varð að lögum um sameiningu embættanna² kemur fram að markmið þess sé að gera verkaskiptingu þeirra embættanna sem koma að rannsókn og saksókn skattalagabrota skýrari og stuðla að skjótari málsmeðferð skattalagabrota. Með skýrara stofnanafyrirkomulagi væri unnt að einfalda og stytta málsmeðferðartíma við rannsókn skattalagabrota, bæta innheimtu sekta og stuðla að jafnræði skattaðila við afgreiðslu mála og þar með fyrirsjáanleika um hvar málum verði lokið. Með sameiningunni átti því að einfalda kerfið þannig að það yrði skilvirkara og gagnsærra.

Þær breytingar sem kveðið er á um með þeim nýju lögum sem gildi tóku 1. maí sl. varða ekki einvörðungu sameiningu skattrannsóknarstjóra og Skattsins. Sakir fjölgunar þeirra skattrannsóknarmála sem

varða alvarleg brot hefur fleiri málum en áður verið vísað til rannsóknar hjá lögreglu á grundvelli fjárhæðaviðmiða sem mótuð hafa verið m.a. af dómstólum. Hefur þannig álag á starfsemi ákærvalds aukist og mál tafist. Samkvæmt nýju lögum er skattrannsóknarstjóra nú heimilt að beita hærri sektum en áður, allt að 100 milljónum króna. Gerir heimild þessi kleift að ljúka fleiri málum en verið hefur innan skattkerfisins þannig að færri alvarleg mál sæti ákærumeðferð að undangenginni lögreglurannsókn.

Með þeirri tilhögun að sameina undir eina stofnun allt skatteftirlit og rannsóknir vegna skattalagabrota verður ætlað að mótun reglna um mörk þar á milli og framkvæmd verði fyrir vikið einfaldari og fyrirkomulagið skilvirkara. Sker ríkisskattstjóri í vafatilvikum úr um í hvorn farveg mál fari. Þar með ættu jafnframt að mótast viðmið innan skattkerfisins um hvenær mál skulu sæta sérstakri skattrannsókn.

Breytingaferlið

Eins og áður segir er sameining stofnana stórt og krefjandi verkefni. Fylgir því áskorun og þarf að huga að fjölmörgum atriðum og vanda til verka til að markmið breytinganna náist. Eftir gildistöku laga nr. 29/2021 var þegar ráðist í breytingar innan hins sameinaða embættis. Hófst vinna við tækni-, rekstrar- og mannauðsmál, enda að mörgu að huga þar. Þá setti ríkisskattstjóri á stýrihóp utan um sameininguna. Var hópurinn skipaður fimm yfirstjórnendum sameinaðrar stofnunar³. Þurfti að innleiða nýtt verklag til að útfæra markmið sameiningarinnar. Verkefni stýrihóps var að útbúa verkefnisáætlun og setja á vinnuhópa um

nokkra málaflokka. Fór síðan stýrihópurinn yfir tillögur hópanna og tók ákvarðanir um nýtt fyrirkomulag.

Til að byrja með voru settir á þrjú vinnuhópar og áttu allir starfsmenn skattrannsóknarstjóra sæti í þeim hópum. Tilgangurinn var sá að starfsmennirnir kæmu með tillögur að útfærslu markmiða nýju laganna. Gafst þannig öllum starfsmönnum færi á að koma að setningu markmiða, sem og sjónarmiðum og spurningum. Er enda mikilvægt við breytingar sem þessar að tryggja aðkomu starfsmanna að breytingaferlinu, að veita þeim færi á að koma að gerð nýs fyrirkomulags. Enda eru það starfsmennirnir sem þekkja best til starfanna og munu starfa eftir hinu nýja fyrirkomulagi. Því er mikilvægt að fá þeirra sjónarmið og að þeir upplifi að þeir hafi áhrif við mótun nýs fyrirkomulags.

Útkoma úr vinnu hópanna þriggja var innihaldsrík og mótaði framhald breytingavinnunnar. Setti stýrihópurinn í kjölfarið á laggirnar fjóra 5-7 manna umbótaþópa sem ætlað var að skoða ákveðna þætti í kjarna starfsemi sameinaðrar stofnunar og útfæra markmið sameiningarinnar. Hóparnir voru: umbótaþópur um sektarákvarðanir og aðra refsimeðferð, umbótaþópur um rannsókn og aðra meðferð meiriháttar brota, umbótaþópur um greiningu, eftirlit og rannsóknir og umbótaþópur um innheimtu. Stýrihópurinn fór yfir afurðir hópanna fjögurra og tillögur, sem voru nauðsynlegt innlegg fyrir sameininguna.

Auk framangreindra hópa setti fjármála- og efnahagsráðuneytið á laggirnar starfshóp um endurskoðun á reglugerð nr. 373/2001, um framkvæmd skatteftirlits og skattrannsóknna. Ýmsar tillögur komu frá umbótaþópunum og er unnið úr þeim í reglugerðarhópnum.

Staða sameiningarinnar

Á þeim tíma sem liðinn er frá sameiningu embættanna skattrannsóknarstjóra ríkisins og Skattsins hafa verið gerðar nokkrar mikilvægar breytingar.

¹ Lög nr. 29/2021, um rannsókn og saksókn í skattalagabrotum (tvöföld refsing, málsmeðferð).

² Frumvarp til laga um breytingu á lögum er varða rannsókn og saksókn skattalagabrota (tvöföld refsing, málsmeðferð), 151. löggjafarþing 2020-2021. Þskj. 465 – 373. mál.

³ Greinarhöfundur var settur skattrannsóknarstjóri ríkisins á þeim tíma sem sameiningin átti sér stað, og á sæti í stýrihópnum.

*Greinarhöfundur var
forstöðumaður lögfræðisviðs
skattrannsóknarstjóra ríkisins
á árunum 2007 – 2021,
settur skattrannsóknarstjóri
1. janúar – 1. júlí 2021,
og stýrir nú viðurlagadeild
skattrannsóknarstjóra.*



Ríkissaksóknari hefur á grundvelli breytingarlaganna gefið út fyrirmæli, nr. 6/2021, um meðferð skattalagabrota⁴. Í fyrir-mælunum kemur fram hvaða málum skuli vísað til lögreglu. Skal vísa málum til lögreglu þegar fjárhæðir samanlagðra vangreiddra eða undandreginna skatta vegna refsiverðra skattalagabrota nema hærri fjárhæð en 50 milljónum króna eða sekt yfir 100 milljónum króna. Einnig skal þeim málum vísað til lögreglu þegar verknaður hefur verið framinn með sérstaklega vítaverðum hætti eða við aðstæður sem auka mjög saknæmi brotsins og í þriðja lagi skal málum vísað til lögreglu ef um er að ræða ítrekuð brot. Skattrannsóknarstjóri og embætti héraðssaksóknara skulu hafa með sér samráð um hvaða mál sæti rannsókn lögreglu. Skattrannsóknarstjóri og héraðssaksóknari hafa myndað sér verklagsreglur um samstarf sitt. Á grundvelli hinna nýju laga annast skattrannsóknarstjóri frumrannsókn allra skattalagabrota. Aflar skattrannsóknarstjóri allra nauðsynlegra gagna og útbýr frumskýrslu um rannsókn áður en máli er vísað til lögreglu.

Með framangreindu fyrirkomulagi er komið til móts við markmið laganna, þ.e. að auka skilvirkni og að gera verkaskiptingu skattrannsóknarstjóra og héraðssaksóknara skýrari til að stuðla að styttri málsmeðferðartíma við rannsókn og meðferð skattalagabrota, og koma í veg fyrir tvöfalda málsmeðferð. Aukin skilvirkni verður við rannsóknir og saksókn með nýtingu þess mannauðs og sérþekkingar sem er hjá embættunum. Þannig ættu öll mál sem tekin eru til skattrannsóknar að fá viðeigandi málsmeðferð, aðeins allra alvarlegustu málunum að verða vísað til lögreglu, og ætti því álag vegna málafjölda síður að koma að sök en áður.

Skattrannsóknarstjóri hefur nú heimildir til að beita sektum allt að 100 milljónum króna. Áður gafst sakborningum kostur á að gangast undir sektargerð hjá skattrannsóknarstjóra ef brot voru minni háttar. Námu þær sektir að hámarki sex milljónum króna.

Að öðrum kosti fór mál til sektarmeðferðar hjá yfirsattanefnd, en sú málsmeðferð var þó háð samþykki viðkomandi sakborninga. Sektarákvarðanir skattrannsóknarstjóra nú eru hins vegar kærar til yfirsattanefndar sem þannig kann að taka ákvörðun um sekt á síðara stigi. Með nýju lögunum hefur skattaðili ekki lengur val um að málið fari til sakamálarannsóknar lögreglu í stað sektarmeðferðar hjá yfirsattanefnd. Skattrannsóknarstjóri hefur nú mun hærri sektarheimildir en áður, og hefur með vissum hætti tekið við því hlutverki sem yfirsattanefnd hafði áður. Verða sektir lagðar á með ákvörðun skattrannsóknarstjóra með hliðsjón af eðli máls.

Ein af þeim breytingum sem gerðar hafa verið er að endurákvörðanir skatta vegna rannsóknarmála eru nú á hendi skattrannsóknarstjóra, í umboði ríkisskattstjóra. Ákvörðun um sekt og endurákvörðun skatta eru tvær aðskildar ákvarðanir, en eru nú teknar af skattrannsóknarstjóra, innan sameinaðrar stofnunar Skattsins. Er markmiðið að auka skilvirkni. Er þetta eitt þeirra atriða sem upp voru tekin í ljósi markmiða laganna varðandi einföldun málsmeðferðar og styttingu málsmeðferðartíma. Endur-

ákvörðun skatta vegna mála sem fara til framhaldsrannsóknar hjá lögreglu fer einnig fram hjá skattrannsóknarstjóra. Álagi verður ekki beitt samhliða ákvörðun viðurlaga hjá skattrannsóknarstjóra eða dómstólum.

Skattrannsóknarstjóri heldur þeim rannsóknarheimildum sem hann hafði fyrir gildistöku laganna og beitir eftir sem áður rannsóknaraðferðum og aðgerðum, þ.m.t. yfirheyrslum þar sem aðilum er gefin réttarstaða sakborninga eða vitnis, húsleitum og kyrrsetningum⁵.

Sameining embættanna og sú breytingavinna sem átt hefur sér í stað innan sameinaðs embættis hefur varðað veginn að markmiðum hinna nýju laga um að auka skilvirkni, einfalda ferlið, gera verkaskiptingu þeirra embætta sem koma að rannsókn og saksókn skattalagabrota skýrari og stuðla að skjótari málsmeðferð skattalagabrota með því að einfalda og stytta málsmeðferðartíma við rannsókn skattalagabrota. Enn er verk óunnið til að komast á leiðarenda og er enn unnið að mótun og innleiðingu breytinganna, en þess vænst að því verki ljúki á komandi mánuðum.

Theodóra Emilsdóttir

⁴ Sjá fyrir-mælin á vefsíðu ríkissaksóknara: www.rikissaksoknari.is

⁵ 14. gr. laga nr. 150/2019, um innheimtu opinberra skatta og gjalda.

Stofnanasameiningar í skattkerfinu

- stefnumótun og skipulagsvinna

Þann 1. maí 2021 tók gildi hin þriðja af þeim meiriháttar stofnanabreytingum í íslensku skattkerfi sem hafa komið til framkvæmda undanfarin þrjú ár.



Helga Valborg Steinarsdóttir

Með lögum nr. 29/2021, um breytingu á lögum er varða rannsókn og saksókn skattalagabrota, sameinaðist skattrannsóknarstjóri Skattinum og fer nú rannsókn skattalagabrota og ákvörðun sekta fram hjá hinni síðarnefndu stofnun. Áfram er sjálfstæði skattrannsóknna þó tryggt í sameinaðri stofnun og allar rannsóknarheimildir óskertar frá því sem var. Með þessari ráðstöfun voru lögfest skýr skil milli stjórnsýslumála sem eru afgreidd innan skattkerfisins og alvarlegri mála sem sæta

refsimeðferð samkvæmt útgáfu fyrir mæla ríkissaksóknara.

Hin nýafstaðna breyting kom til í kjölfarið á vinnu nefndar sem dómsmálaráðherra, í samráði við fjármála- og efnahagsráðherra, skipaði í apríl 2019 í tilefni af dómum Mannréttindadómstóls Evrópu sem lutu að rannsókn og saksókn skattalagabrota á Íslandi. Á grundvelli skýrslu nefndarinnar var auk aðgerða til að tryggja að rannsókn og saksókn skattalagabrota væri að fullu í samræmi við niðurstöðu dómstólsins, sérstökum vinnuhópi falið að leggja til breytingar á efnisreglum, stofnanauppbyggingu og samstarfi með það að markmiði að tryggja enn frekar samfellu við rannsókn og aðra málsmeðferð skattalagabrota. Afurð hópsins voru þær tillögur sem urðu að raunveruleika með framangreindum lögum nr. 29/2021.

Þrjár stofnanir orðnar að einni

Skemmst er þess að minnast að þann 1. maí 2019 fluttist innheimta opinberra gjalda frá tollstjóra til ríkisskattstjóra með lögum nr. 142/2018, og þann 1. janúar 2020 tóku gildi lög nr. 141/2019, sem mæltu fyrir um flutning tollafgreiðslu og tollgæslu til ríkisskattstjóra. Með breytingu þeirri sem varð með áður nefndum lögum nr. 29/2021 þann 1. maí sl. er þannig skatt- og tollframkvæmd, þ.m.t. eftirlit, rannsóknir og sektarákvarðanir, á hendi ríkisskattstjóra í sameinaðri stofnun - Skattinum.

Í upphafi ársins 2020, þegar fyrir lá að toll- og skattframkvæmd – þá að frátöldum skattrannsóknnum – yrði eftirleiddis innan sameinaðrar stofnunar, þótti viðbúið að leggja í fjölþætta skipulags- og stefnumót-



unarvinnu hjá Skattinum. Heimsfaraldur COVID-19 setti þó umtalsvert strik í reikninginn en auk þeirra áskorana sem fólust í því að tryggja samfelldan rekstur og öryggi starfsfólks og viðskiptavina, þá var stofnuninni fallinn fjöldi nýrra og umfangsmikilla verkefna í tengslum við aðgerðir stjórnvalda til að sporna við efnahagsáhrifum faraldursins. Áfram var vissulega unnið að ýmsum praktískum ráðstöfunum tengdum stofnanasameiningunni en óhjákvæmilegt reyndist að hluti þeirrar vinnu sem áformuð var biði fram til ársins 2021. Þá um voríð, þegar ljóst var að starfsemi skattrannsóknarstjóra myndi jafnframt færast yfir til Skattsins, lá beinast við að horfa heildstætt á markmiðin að baki þessum breytingum á stofnunum skattkerfisins og marka með hliðsjón af því áherslur og framtíðarsýn Skattsins.



Segja má að þessar ráðstafanir hafi almennt haft einföldun stjórnsýslunnar, aukna skilvirkni og gagnsæi að leiðarljósi. Það er síðan verkefni Skattsins að ná þessum metnaðarfullu markmiðum með skipulagslegum ráðstöfunum og faglegum áherslum sem að undirbyggja árangursríka framkvæmd.

Áherslur í stefnumótun og skipulagsvinnu

Á vordögum 2021 hafði nokkuð rofað til í COVID-19 faraldrinum, í það minnsta tímabundið, sem liðkaði fyrir ýmis konar samráði og rýni á þeim álitaeftum sem fylgdu framangreindum stofnanasameiningum. Framkvæmdastjórn Skattsins hóf þá skipulagða vinnu við að varða veginn í verkefnum næstu mánaða og ákveðið var að í árslok 2021 skyldi liggja fyrir:

Yfirlýst markmið löggjafans með sameiningum ríkisskattstjóra, tollstjóra og skattrannsóknarstjóra eru eftirfarandi:

- Aukið samráð og yfirsýn yfir tekjuöflunarkerfi ríkisins; skýr og einföld verkaskipting
- Aukin hagkvæmni, samþætting og samlegðaráhrif í rekstri eðlislíkra verkefna
- Einföldun stjórnsýsluferla í verkefnum skatt- og tollyfirvalda og aukin skilvirkni
- Aukin gæði þjónustu við almenning og viðskiptalífið og réttarstaða aðila tryggð
- Aukinn árangur við eftirlit, rannsóknir og innheimtu, m.a. á grundvelli greininga og áhættumats
- Hámarka hagnýtingu gagna, og stuðla að því að skatt- og tollyfirvöld geti tekist á við breytingar sem leiða af alþjóðavæðingu og stafrænum umskiptum
- Byggja upp öfluga upplýsinga- og þjónustustofnun sem verði leiðandi í þróun stafrænnar stjórnsýslu



Snorri Olsen ríkisskattstjóri fjallaði um stefnumótun og skipulag Skattsins.

- **Skilgreint hlutverk Skattsins**
- **Gildi Skattsins auk nánari umfjöllunar um þau**
- **Framtíðarsýn Skattsins með áherslu á stafræna vegferð**
- **Stefnumarkandi áherslur Skattsins**
- **Grundvallarákvarðanir um skipulag í sameinaðri stofnun**

Við tók samráð við millistjórnendahóp Skattsins og aðra lykilstarfsmenn þar sem sérstök áhersla var lögð á að rifja upp forsendur stofnanasameininganna og þá þætti sem starfsmannahópurinn á sameiginlega þrátt fyrir að einstök verkefni kynnu við fyrstu sýn að virðast ólík. Fjallað var um hlutverk sameinaðrar stofnunar og hvernig fanga mætti með skilmerkilegum hætti eins fjölbreytta starfsemi og fram fer innan veggja Skattsins. Eins var fjallað um gildi sameinaðrar stofnunar og hvaða máli þau skipti þegar kemur að því að tryggja samstilltan starfsmannahóp sem rær í sömu áttina að yfirlýstum markmiðum. Þá var


framtíðarsýn Skattsins til ítrekaðrar umræðu og ávallt í samhengi við stafvæðingu samfélagsins alls.

Þá ákvað framkvæmdastjórn að fela smærri hópum sérfræðinga að rýna sérstaklega ákveðin atriði í starfseminni sem mikilvægt þótti að leggja línur um í sameinaðri stofnun. Strax við gildistöku laga nr. 29/2021 höfðu verið settir af stað umbótahópar skipaðir starfsmönnum eftirlitssviðs og nýstofnaðs rannsóknasviðs sem horfðu til: sektarúrskurða og annarrar refsimeðferðar; rannsóknar og annarrar meðferðar meiriháttar brota; greininga, eftirlits og rannsókna; innheimtu. Þetta voru fyrstu skrefin í því að slípa til og kortleggja ákjós-

anlegt fyrirkomulag eftirlits og rannsókna hjá einni og sömu stofnun. Þessu til viðbótar var ákveðið að starfshópar með fulltrúum víðs vegar að úr stofnuninni skyldu skoða áhersluatriði á borð við heildstætt fyrirkomulag greininga, fyrirkomulag stafrænna þróunarverkefna, skipulag tæknimála, upplýsingagjöf á milli skipulagseininga um verkefni þeirra, snertifleti tollrannsókna og skattrensókna, snertifleti tollafgreiðslu og verkefna álagningarsviðs, og snertifleti tollendurskoðunar og skatteftirlits. Þá var einnig settur starfshópur sem fékk það verkefni að halda utan um afurðir samráðs við hina ýmsu aðila um gildi og hlutverk Skattsins.

Á starfsmannafundinum voru kynntar áherslur yfirstandandi vinnu og starfsmenn ræddu umbótataækifæri í sameinaðri stofnun.





Stefnan okkar er

- Að sinna af krafti hlutverki okkar með tæknilegri framþróun og nýsköpun, bæði með innleiðingu stafrænnar þjónustu við viðskiptavini og í innra starfi stofnunarinnar.
- Að gagnadrifin ákvörðunartaka sé meginstefið í öllu okkar starfi.
- Að móta skemmtilegan og eftirsóttan vinnustað fyrir framsækið fagfólk sem kappkostar að vinna að og þróa mikilvæg verkefni í þágu samfélagsins alls.
- Að Skatturinn sé ein af þeim stofnunum ríkisins sem njóta mikils trausts í samfélaginu.

Hlutverk Skattsins Samféluginu öllu til heilla

Við erum framsækin þjónustustofnun sem leggur grunn að samfélagslegri þjónustu með því að tryggja tekjuöflun ríkis og sveitarfélaga. Með virku eftirliti, rannsóknum og tollgæslu stuðlum við að jafnræði og virkri samkeppni og leggjum okkar af mörkum til að vernda samfélagið.

Samstilltur og metnaðarfullur hópur

Á haustmánuðum var fundað með starfsmannahópnum öllum og kynntar áherslur í yfirstandandi stefnumótunar- og skipulagsvinnu. Starfsmenn fengu tækifæri til að koma sínum sjónarmiðum á framfæri með gagnvirkum hætti og ánægjulegt var að sjá hve mikill samhljómur var í hópnum í heild. Þá fóru einnig fram umbótavinnustofur þar sem starfsmönnum var falið að rýna sóknarfærni í sameinaðri stofnun og leggja til og forgangsraða hugmyndum til að ná auknum árangri. Framlag starfsmannahópsins kallaðist vel á við niðurstöður úr því samráði sem þegar hafði farið fram og ljóst að starfsmenn Skattsins hafa nú þegar skýra og sameiginlega sýn á það sem þeir telja skipta mestu máli. Mikið var rætt um þjónustuhlutverk Skattsins og mikilvægi þess að stofnunin njóti trausts í samfé-

laginu. Þá var hópnum tíðrætt um mikilvægi greininga og hagnýtingu gagna til að ná hámarksárangri í eftirliti og rannsóknum. Stafræn þjónusta og stafvæðing í starfsemi stofnunarinnar heilt yfir var jafnframt rauður þráður hjá starfsmönnum Skattsins sem vilja þar vera í fremstu röð. Ennfremur kom skýrt fram að starfsmönnum Skattsins er mikið í mun að byggja upp góðan vinnustað og að öðlast ríka innsýn inn í það sem efst er á baugi hverju sinni.

Áfangar í árslok og verkefni framundan

Fyrirhugað var að niðurstöðurnar úr vinnu undanfarinna mánaða yrðu birtar á jólafundi allra starfsmanna Skattsins í byrjun desember, en samkomutakmarkanir og önnur sóttvarnarsjónarmið gerðu það að verkum að sá fundur – eins og svo margir aðrir undanfarin ár – var færður í fjarfund. Þar fjallaði

ríkisskattstjóri um afurðir stefnumótunarvinnu Skattsins og mikilvægi þeirra auk þess að ræða þær ákvarðanir sem teknar höfðu verið í skipulagsmálum. Fram kom að ákveðið hefði verið að styrkja tæknisvið Skattsins með sérstakri einingu stafrænnar þróunar og annarri einingu gagnavísinda. Báðar þessar einingar muni vinna náið með sérfræðingum á öðrum sviðum og stuðla að því að stafvæðing og gagnadrifin ákvörðunartaka verið alfa og omega í stórum sem smáum skrefum Skattsins fram á veginn. Ennfremur kom fram að ákveðið hefði verið að taka frekari skref í þá átt að samþætta eftirlit og rannsóknir innan Skattsins, og jafnframt að ráðist verði í sérstaka skoðun á frekari samþættingu í framlínu stofnunarinnar. Áfram verður á árinu 2022 unnið að því að móta skipulag Skattsins með þessar áherslur að leiðarljósi og breytingar innleiddar í áföngum fram til ársloka.

Framtíðarsýn



Þjónusta

Lykilþjónustuferlar eru að fullu stafrænir.



Fjármál

Rekstur er innan fjárheimilda. Fjárfestingar í stafrænum innviðum skila mælanlegum ávinningi.



Innri virkni

Öll kerfi, tækni og aðferðir taka mið af alþjóðlegum stöðlum og bestu lausnum.



Mannauður

Starfsánægja er með hæsta móti.



Samfélag

Við njótum trausts í samfélaginu.

Við leggjum áherslu á gildin okkar í öllu okkar starfi

Fagmennska

Við miðlum þekkingu og reynslu inn á við og út á við með markvissum hætti. Við eigum heiðarleg samskipti við þá sem við þjónum og beitum samræmdum og vönduðum vinnubrögðum. Við fylgjum málum hratt og vel eftir og gætum jafnræðis í hvívetna.



Framsækni

Við leitum stöðugt leiða til að veita sem besta þjónustu og bæta skilvirkni í innra starfi. Við nýtum nýjustu tækni til að ná framförum í starfsemi og vera til fyrirmyndar á því sviði. Við hvetjum hvert annað til þátttöku í nýsköpun og þróunarverkefnum og stuðlum þannig að stöðugum umbótum í okkar störfum.



Samvinna

Samvinna er grundvöllur aukins árangurs í starfsemi okkar. Við hvetjum til skoðana-skipta af gagnkvæmri virðingu og gefum okkur tíma til að hlusta og skilja. Við hjálpum hvert öðru, göngum jákvæð til verka og berum sameiginlega ábyrgð á árangri. Við setjum hagsmuni heildarinnar ofar okkar eigin. Við leggjum okkur fram um að vera í góðum tengslum við samstarfsaðila.



Skráning félaga til almannaheilla í almannaheillafélagaskrá

Hinn 1. nóvember sl. tóku gildi lög nr. 110/2021 um félög til almannaheilla og skráningu þeirra í fyrirtækjaskrá (hér eftir „lögin“).

Félög til almannaheilla sem starfa samkvæmt þeim lögum teljast þau félög sem stofnuð eru til eða starfrækt eru í þeim tilgangi að efla afmörkuð málefni til almannaheilla samkvæmt samþykktum sínum. Hér er átt við svonefnd hugsjónafélög sem stofnuð eru til mannræktar eða styrktar á einhverju sviði og beinast að ákveðnum einstaklingum sem uppfylla ákveðin skilyrði eða málefni sem nánar er skilgreint í samþykktum félagsins.

Málefnið verður að vera talið til einhverra þjóðþrifa, svo sem mannræktarfélag, styrktarfélag sjúklinga, björgunar- og hjálparfélag, neytendafélög og menningarfélag. Þannig yrði þetta félagaform valið ef þátttaka margra væri æskileg. Önnur félagaform geta verið æskileg séu fjármunir þegar fyrir hendi og til stendur að stýra þeim til hagsbóta fyrir ákveðin málefni, sbr. sjóði og stofnanir samkvæmt staðfestri skipulagskrá í samræmi við lög nr. 19/1988 og sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur eftir lögum nr. 33/1999.

Ríkið, sveitarfélög, opinberar stofnanir og lögaðilar sem eru í meirihlutaeigu hins opinbera geta gert það að skilyrði fyrir styrkjum, rekstrarsamningum og opinberum leyfum til félaga að þau séu skráð í almannaheillafélagaskrá.

Lögin gilda hvorki um félög sem stofnað er til með lögum frá Alþingi, nema svo sé tekið fram í samþykktum þeirra, né félög sem komið er á fót í ágóðaskyni fyrir félagsmenn. Lögin gilda ekki um félög skv. 5. gr. íþróttalaga, nr. 64/1998, nema svo sé tekið fram í samþykktum þeirra, sbr. þó 5. mgr. 29. gr. laganna.

Skráning félags til almannaheilla í almannaheillafélagaskrá er valkvæð og er ætluð þeim félögum þar sem stærð, umfang eða eðli starfseminnar felur í sér þær skyldur og réttindi sem í lögnum er kveðið á um. Þetta er ólíkt félögum til almannaheilla sem starfa yfir landamæri skv. lögum nr. 119/2019 en þau eru skráningarskyld.

Félög sem óska skráningar á almannaheillafélagaskrá þurfa að skila inn tilkynningu um stofnun ásamt stofnsamningi, stofnfundargerð, samþykktum og tilkynningu um raunverulega eigendur. Skráningargjald er 30.000 kr.

Á heimasíðu Skattsins undir fyrirtækjaskrá er að finna upplýsingar um skráningu almannaheillafélaga ásamt sýnishorni af stofngögnum.

Almenn félagasamtök sem þegar eru skráð í fyrirtækjaskrá geta að uppfylltum skilyrðum laganna farið fram á að samtökin verði skráð sem félag til almannaheilla í almannaheillafélagaskrá. Skal félagið þá skila inn nýjum samþykktum, tilkynningu um stjórn, varastjórn og aðra þá sem geta skuldbundið félagið. Einnig skal tilkynnt um endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki eða skoðunarmenn eða trúnaðarmenn og varamenn þeirra úr hópi félagsmanna.

Breytingar á samþykktum, eða öðru því sem skráð hefur verið, ber að tilkynna til almannaheillafélagaskrár innan mánaðar frá breytingunni.

Skráning félags til almannaheilla í almannaheillafélagaskrá leiðir ekki sjálfkrafa til þess að félagið sé jafnframt skráð eða talið uppfylla skilyrði fyrir skráningu á almannaheillaskrá, sbr. 9. tölul. 4. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt, sbr. einnig 7. tölul. A-liðar 30. gr. og 2. tölul. 31. gr. sömu laga, og er að uppfylltum skilyrðum heimilt að óska eftir slíkri skráningu sérstaklega hjá lögaðiladeild Skattsins. Sjá nánari umfjöllun um skattalega hvata fyrir lögaðila sem starfa til almannaheilla á bls. 26.

Sigríður Líney Lúðvíksdóttir



Nordic Agenda

Samstarfsvettvangur norrænna skattyfirvalda



Norrænu ríkisskattstjórnarnir - frá vinstri: Snorri Olsen, Merete Agergaard, Nina Schanke Funnemark, Katrin Westling Palm og Markku Heikura.

Samstarf skattyfirvalda á Norðurlöndunum á sér nokkuð langa sögu en frá árinu 2010 hefur það farið fram með heildstætt skipulögðum hætti á vettvangi sem kallast Nordic Agenda. Árlega hittast ríkisskattstjórnar Norðurlandanna að hausti og ræða sameiginleg hugðarefni sín og áskoranir og miðla af eigin reynslu. Þá eru á ríkisskattstjórafundunum lagðar línurnar um áherslur í samstarfi komandi starfsárs og fyrirhugaðan ávinning af því. Þessir fundir, og hið nána samráð ríkisskattstjórnanna, er grundvöllurinn að árangursríku samstarfi sem byggir jafnframt á miklum velvilja stofnananna í milli. Það eru enda sameiginlegir hagsmunir ríkjanna allra að skattframsæmd sé fagleg og framsækin alls staðar á Norðurlöndunum þar sem hagkerfin eru nátengd. Þá fara sjónarmið norrænna skattyfirvalda iðulega saman á hinum víðari alþjóðavettvangi og góð reynsla er komin á að þau stilli þar saman strengi sína og hafi þannig þeim mun sterkari rödd.

Innan vébanda Nordic Agenda starfa að jafnaði um 25 faghópar sem fjalla um fjölbreytileg viðfangsefni, allt frá framkvæmd gildandi réttarreglna yfir í málefni sem snerta rekstur stofnananna í heild

sinni. T.a.m. eru starfandi hópar sem snerta skatteftirlit yfir landamæri, innleiðingu og framkvæmd á grundvelli alþjóðlegra staðla og samninga, milliverðlagningareftirlit, persónuvernd, upplýsingaöryggi, vélnám og gervigreind. Sumir þessara samstarfs hópa hafa verið starfandi um árabil en í öðrum er verkefnum sinnt yfir styttra tímabil. Sérstakur stýrihópur með fulltrúum allra ríkja sinnir stefnumörkun og ákvarðanatöku í takt við þær línur sem ríkisskattstjórnarnir sjálfir hafa dregið, og hefur jafnframt eftirlit með því að störf hópanna séu í samræmi við útgefn skipunarbréf. Stýrihópurinn heldur rekstrarfundum tvisvar á ári en því til stuðnings eiga yfirmenn alþjóðamála allra stofnananna reglubundið samráð sín á milli. Þá er starfrækt stafræn skrifstofa (e. virtual secretariat) sem sér um að fylgja eftir ákvörðunum stýrihópsins og lyftir upp álitaeftum sem kunna að vakna í störfum faghópanna. Mikil áhersla er lögð á að viðhalda heildaryfirsýn yfir verkefni starfshópa, koma í veg fyrir tvíverknæð og hámarka samlegðaráhrif. Jafnframt gildir sú regla að tilfallandi alþjóðlegir viðburðir sem einstök þátttökuríki hafa forgöngu um séu kynntir í gegnum samskiptarásir Nordic

Agenda samstarfsins, og að þessar sömu samskiptarásir séu nýttar við upplýsingaöflun og mynda tengingar þegar slíks er þörf.

Ríkisskattstjórafundur Norðurlandanna árið 2021 var haldinn á Bornholm í Danmörku dagana 4.-6. október sl. Þetta var í fyrsta sinn sem hópurinn hittist síðan haustið 2019, en engir norrænir nærfundir höfðu þá farið fram frá því í mars 2020. Á fundinum lauk árslangri formennsku Dana, en Ísland tók við keflinu. Formennska í Nordic Agenda er umtalsvert spennandi verkefni og það er tilhlökkunarefni fyrir starfsmenn Skattsins að móta áherslur og leggja sitt af mörkum til að viðhalda traustu og árangursríku samstarfi við norrænar systurstofnanir. Í formennskutíð sinni mun Skatturinn leggja upp með að kastljósi Norðurlandasamstarfsins verði áfram beint að mikilvægi og hagnýtingu gagna og upplýsinga í störfum skattyfirvalda, en þessi málefni hafa órjúfanlega tengingu við stafvæðingu skattyfirvalda og stjórnarsýslunnar í viðum skilningi. Stefnt er að því að formennskuári Skattsins ljúki með árvissum ríkisskattstjórafundi síðsumars 2022, sem haldinn verði á Akureyri.

Helga Valborg Steinarsdóttir

Skráning raunverulegra eigenda

Nú er öllum nýskráðum lögaðilum, sem falla undir skráningarskyldu laganna, gert að skrá raunverulega eigendur hjá fyrirtækjaskrá Skattsins.

Forsagan


Eins og kunnugt er lenti Ísland árið 2019 á gráa lista FATF, alþjóðlegs starfshóps um aðgerðir gegn peningapvætti og fjármögnun hryðjuverka.

Setning laga nr. 82/2019, um skráningu raunverulegra eigenda, var hluti af aðgerðaáætlun stjórnvalda sem sett var fram til að bregðast við athugasemdum FATF. Markmið laganna er að tryggja að ávallt séu til staðar réttar og áreiðanlegar upplýsingar um raunverulega eigendur lögaðila svo unnt sé að greina og koma í veg fyrir peningapvætti og fjármögnun hryðjuverka.

Frá og með 1. ágúst 2019 var öllum nýskráðum lögaðilum sem féllu undir skráningarskyldu laganna gert að skrá raunverulega eigendur hjá fyrirtækjaskrá Skattsins. Stærsta áskorunin sem Skatturinn stóð frammi fyrir var þó að fá þá 63.000 lögaðila sem voru þegar skráðir í fyrirtækjaskrá til þess að ganga frá skráningu raunverulegra eigenda.

Framan af gekk sú vinna mjög vel. Tæknisvið Skattsins útvegaði á mjög skömmum tíma lausnir til þess að hægt væri að taka á

Fjöldi skilaskyldra sem ekki hafa klárað skráningu



Það starfsfólk sem stóð vaktina mánaðamótin sem skráningarfrestur rann út, vann mikið þrekvirki í móttöku og afgreiðslu þeirra skráninga sem bárust á stuttu tímabili. Á þessum tveimur vikum voru afgreiddar rúmlega 27.000 skráningar, þar af yfir 5.000 skráningar á pappír sem hverja og eina þurfti að handskrá inn í kerfið. Þegar

Þegar þetta er ritað hafa 97,63% upprunalegu lögaðilanna uppfyllt skráningarskylduna, eða verið afskráðir. Eftir standa tæplega 1.500 lögaðilar sem ekki hafa sinnt skráningarskyldunni.

Frumvarpið

Það var augljóst strax í upphafi að óraunhæft væri að ætla að nást myndi að klára skráningu fyrir hvern einasta lögaðila landsins. Eitt af skilyrðum þess að Ísland losnaði af gráa listanum var þó skuldbinding landsins til þess að ganga frá skráningu á raunverulegum eigendum hvers einasta skráða lögaðila, ellegar skyldi þeim slitið. Eftir marga mánuði af síendurteknum tilraunum til þess að hafa samband við þau félög sem eftir stóðu með öllum tiltækum boðleiðum, þurfti að fara að huga að því hvernig skyldi klára að uppfylla umrætt skilyrði.

Í apríl 2020 hóf Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið í samstarfi við Skattinn vinnu við að semja frumvarp um breytingu á lögum um skráningu raunverulegra eigenda, nr. 82/2019. Frumvarpið snýr að einföldun á málsmeðferð varðandi afskráningu og slit félaga sem ekki hafa staðið skil á upplýsingum um raunverulega eigendur sína. Frumvarpið nær annars vegar til félaga í atvinnurekstri en einnig til almennra félagasamtaka. Ákvæði frumvarpsins eru til bráðabirgða og eru einungis hugsuð til



Þegar skráningarfresti lauk fór af stað mikil vinna sem miðaði að því að ná sambandi við alla þá lögaðila sem ekki höfðu lokið skráningu og aðstoða þá við að ganga frá skráningunni

móti þessu magni skráninga, bæði á rafrænu formi og á pappír. Farið var af stað með auglýsingar í sjónvarpi, útvarpi og dagblöðum, haft var samband við hin ýmsu regnhlífasamtök og félög og þau beðin um að vekja athygli félagsmanna sinna á skráningarskyldunni.

Skráningarnar byrjuðu fljótt að berast og í byrjun febrúar 2020 höfðu 2.200 félög klárað skráningu eða um 3,5% skilaskyldra félaga. Í lok febrúar stóð talan í 32,5% og þann 11. mars var hún komin í tæp 69%.

skráningarfresti lauk fór af stað mikil vinna sem miðaði að því að ná sambandi við alla þá lögaðila sem ekki höfðu lokið skráningu og aðstoða þá við að ganga frá skráningunni. Reynt var að hafa samband við félögin sjálf, fyrirsvarsmenn þeirra, stjórnarmenn, prókúruhafa eða hvern þann sem tengdist félögunum á einhvern hátt. Með góðri aðstoð frá hinum ýmsu starfsmönnum embættisins náðist undraverður árangur á skömmum tíma.

	1. jan	1. feb	1. mar	1. apr	1. maí	1. jún	1. júl	1. ágú	1. sep	1. okt	1. nóv
Félagasamtök	1.884	1.809	1.708	1.192	1.159	1.132	945	914	909	898	893
Einkahlutafélag (ehf)	978	937	855	724	624	567	460	409	399	354	306
Áhugamannafélag	149	141	138	101	101	101	78	75	75	74	74
Sameignarfélag almennt (sf)	126	111	102	96	94	90	82	80	77	75	74
Samlagsfélag, almennt (slf)	80	77	72	64	60	55	47	46	46	44	43
Sjálfseignarstofnun með staðfesta skipulagsskrá	77	77	67	65	63	58	59	59	57	57	57
Félagsbú	31	31	31	30	30	30	30	30	30	30	30
Hlutafélag, almennt (hf)	8	7	7	7	6	6	5	5	5	4	3
Önnur sameignarfélög (óskilgreind)	8	8	8	2	2	2	2	0	0	0	0
Útibú erlends félags	7	7	7	6	6	6	6	6	6	6	6
Veiðifélag	5	5	5	5	5	5	4	4	4	4	4
Sjálfseignarstofnun sem stundar atvinnurekstur (ses)	5	5	5	5	5	4	3	2	2	2	2
Samlagshlutafélag	4	4	4	4	4	4	4	4	4	4	4
Lífeyrissjóður	4	4	4	1	1	1	0	0	0	0	0
Aðrar sjálfseignarstofnanir - útibú/deild	2	2	2	2	1	1	1	1	1	1	1
Húsnæðissamvinnufélag	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1
Félag í frístundabyggð	1	1	1	1	1	0	0	0	0	0	0
Samvinnufélag (svf)	1	1	1	1	1	0	0	0	0	0	0
Samtals	3.371	3.228	3.018	2.307	2.164	2.063	1.727	1.636	1.616	1.554	1.498

	1. jan	1. feb	1. mar	1. apr	1. maí	1. jún	1. júl	1. ágú	1. sep	1. okt	1. nóv
17. gr. skipti	1.097	1.029	947	530	510	485	460	454	447	431	423
Einföld slit	1.619	1.576	1.537	1.140	1.117	1.107	915	882	876	871	869
Gjaldþrot	655	623	534	637	537	471	352	300	293	252	206
Samtals	3.371	3.228	3.018	2.307	2.164	2.063	1.727	1.636	1.616	1.554	1.498

Þess að ná að slíta umræddum félögum á skemmri tíma og með minni fyrirhöfn og kostnaði en kveðið er á um í núgildandi lögum um raunverulega eigendur.

Seinni part árs 2020 hófst mikil vinna sérfræðinga á Innheimtu- og skráasviði við að lesa yfir frumvarpið og fullmóta það í samráði við sérfræðinga Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins. Á meðan verið var að semja frumvarpið þurfti starfsfólk sviðsins einnig að ráðast í mjög viðamiklar greiningar á þeim lögaðilum sem áætlað var að myndu falla undir lög. Í þeim greiningum var notast við töluleg gögn frá fjármálafyrirtækjum, Fjársýslu ríkisins og öðrum hagsmunaaðilum. Félagunum var þannig skipt niður í mismunandi úrræði, meðal annars eftir eigna- og skuldastöðu.


Ef frumvarpið verður að lögum mun verða unnt að afskrá þau félög sem ekki hafa sinnt skráningarskyldu sinni með einni af þeim þremur leiðum sem löggin munu bjóða upp á. Sum félöguna sem ekki hafa lokið skráningu raunverulegra eigenda eru komin í hefðbundið innheimtuferli hjá lögfræðinni heimtu Skattsins sem lýkur með gjaldþrotaskiptum og verða þau svo afskráð í kjölfarið. Þau félög sem eiga litlar eða engar eignir og skulda lítið eða ekkert fara í svokölluð einföld slit. Einföld slit fela í sér einfaldara, fljótlega og kostnaðarminna ferli

heldur en hefðbundið ferli gjaldþrotaskipta eða skipta skv. 17. gr. laga um raunverulega eigendur. Þau félög sem eiga fasteignir, ökutæki eða aðrar eignir og/eða skulda yfir 2 milljónir króna, þurfa hins vegar að fara í hefðbundna skiptameðferð með tilheyrandi kostnaði og meira umfangi heldur en málsmeðferð einfaldra slita felur í sér. Vert er að taka fram að til að komast hjá þessum aðgerðum geta félög enn gengið frá skráningu á raunverulegum eigendum og greitt áfallandi dagsektir.

Ekki er búið að leggja ofangreint frumvarp fram en verði það að lögum fyrir lok árs 2021 mun umfangsmikil vinna hefjast í kjölfarið í samvinnu við héraðsdóm Reykjavíkur og aðrar dómstóla á landsbyggðinni. Ljóst er að verkefnið mun krefjast aukins mannafla en gert er ráð fyrir því að það muni a.m.k. standa yfir út árið 2023 nái frumvarpið að verða að lögum á árinu 2021.

Hjörtur Sigurðsson
Ingileif Eyleifsdóttir

Fjöldi félaga - eftir áætlaðri leið



Sameining afganganna Skattsins á höfuðborgarsvæðinu

Þann 4. október síðastliðinn voru afganganna Skattsins á höfuðborgarsvæðinu sameinaðar í eina afgangna að Tryggvagötu 19 (tollhúsinu). Eftir 31 ár með höfuðstöðvar Skattsins (áður Ríkisskattstjóra) á Laugavegi 166 eru þessar flutningar afgangna mikil tímamót í sögu embættisins. Áfram verður tekið á móti gestum og gögnum á Laugavegi 166.

Með sameiningu afgangna á höfuðborgarsvæðinu fékkst ekki einungis sameinuð framlína í afgangna heldur hefur nú eitt af kjarnasviðum Skattsins, innheimtu- og skráasvið, verið sameinað á einn stað. Alls fengu 24 starfsmenn nýja starfsstöð. Þannig eru nú allir 60 starfsmenn innheimtu- og skráasviðs staðsettir á Tryggvagötu 19.

Ávinningurinn af þessari framkvæmd er gríðarlegur þegar kemur að þjónustu við viðskiptavininn en nú getur viðskiptavinur fengið alla þjónustu Skattsins á einum stað á höfuðborgarsvæðinu, hvort sem um er að ræða fyrirspurnir er varða innheimtu skatta og gjalda, fyrirtækja- og ársreikningaskrá eða tollamál. Þessi framkvæmd er því mikið framfaraskref í sameiningarferli Ríkisskattstjóra og Tollstjóra sem hófst þann 1. maí 2019.

Á sama tíma og þetta er mikill ávinningur fyrir þjónustu við viðskiptavininn er ávinningurinn ekki síðri fyrir starfsfólk innheimtu- og skráasviðs sem hafa verið staðsett á sitt-hvorri starfsstöðinni síðan 1. maí 2019 þegar sviðið var sameinað. Ávinningurinn mátti merkja strax á fyrstu dögnum eftir flutninga; þegar starfsmenn höfðu komið sér fyrir var líkt og sviðið hefði ávallt verið undir sama þaki.

Framkvæmd flutninganna gekk vonum frammar en sérstakar þakkir fá starfsmenn tollafgangnaeildar og innheimtu- og skráasviðs fyrir einstaka jákvæðni og faglegt viðmót varðandi allt ferlið við flutningana. Einnig fá Valur Steinarsson, Hörður Sveinsson, Anton Örn Kristjánsson, Hjörtur Sigurðsson og Sigtryggur Kolbeinsson sérstakar þakkir fyrir þeirra miklu og góðu aðstoð við skipulagningu og hina eiginlegu flutninga.

Framtíðin er okkar – nú er að hefjast nýr kafli í sögu Skattsins og gefst okkur tækifæri til að samræma enn frekar verklag í framlínu áður en flutningar verða í nýja starfsstöð Skattsins í Katrínartúni árið 2023. Huga þarf að ýmsum þáttum svo sem notkun kerfa í framlínu, aðgangsmálum starfsmanna og samræmingu verkefna. Einnig er okkur ofarlega í huga að stafvæða þá þjónustu sem veitt er í framlínu Skattsins sem og önnur verkefni á innheimtu- og skráasviði. Lögð verður aukin áhersla á einföldun, samræmingu og stafvæðingu allra verkefna á sviðinu næstu mánuði. Með sameiningu innheimtu- og skráasviðs á eina starfsstöð verður stafvæðing verkefna einfaldari í framkvæmd, það er að hægt er að hagræða tíma starfsmanna og stjórnenda með skipulögðum hætti sem og aðkomu starfsmanna stoðþjónustu að verkefnum sviðsins í heild sinni.

Valgerður Sigurðardóttir



Álagning lögaðila 2021

Undir lok október lagði Skatturinn skatta og gjöld á lögaðila vegna rekstrar ársins 2020. Á undanförunum árum hefur verið mikill uppgangur í landinu. Það var þó heldur farið að draga úr vextinum áður en heimsfaraldurinn skall á í byrjun árs 2020. Þrátt fyrir að aðstæður í þjóðfélaginu hafi verið mjög óvenjulegar á árinu og það verið mörgum erfitt verður ekki betur séð en að atvinnulífið hafi að mestu staðið af sér áfallið og áhrifin ekki orðið jafnslæm og margir óttuðust. Það eru mörg sterk og vel rekin fyrirtæki í landinu.

Lögaðilar á skrá


Í álagningu 2021 voru 66.440 lögaðilar á skattgrunnskrá en þar af voru 48.453 tekjuskattskyld félög og 17.987 lögaðilar sem voru undanþegnir almennum tekjuskatti. Opinberir aðilar, ríki, stofnanir ríkisins, sýslu- og sveitarfélög, fyrirtæki og stofnanir á vegum sveitarfélaga, félög, sjóðir og stofnanir sem ekki reka atvinnu, félaga- og líknarsamtök eru undanþegin tekjuskatti af hagnaði en þau þurfa hins vegar að greiða tryggingagjald af launum starfsmanna sinna, ef einhverjir eru. Árið 2013 voru húsfélög sett inn á skattgrunnskrá en þá fjölgaði óskattskyldum lögaðilum mikið á milli ára. Lögaðilum á skattgrunnskrá fjölgaði um 1.747 á milli ára en þar af fjölgaði tekjuskattskyldum lögaðilum um 1.442 og öðrum lögaðilum um 305. Það er athyglisvert að ef lítið er framhjá árinu 2016 þegar 2.081 fyrirtæki voru skráð þá hafa ekki verið fleiri fyrirtæki skráð síðan árið 2009, en þá fjölgaði fyrirtækjum á skrá um 1.541.

Skatturinn áætlaði nú tekjur og gjöld 6.690 tekjuskattskyldra félaga eða um 13,8% félaganna. Skil hafa batnað mikið á undanförunum árum. Árið 2005 var um þriðjungu skattskyldra lögaðila áætlaðar tekjur en síðan hefur áætlunum fækkað ár frá ári. Í álagningunni í fyrra voru tekjur 14,0% félaga áætlaðar. Skilafrestur framtala var framlengdur sem kann að hafa eitthvað að segja.


Rekstrartekjur

Þó að enn sé stutt síðan framtalsfresti lauk og framtöl eigi enn eftir að berast ættu þau framtöl sem þegar hafa borist vegna

Fjöldi lögaðila á skattgrunnskrá





Rekstrartekjur



rekstrarársins 2020 að gefa nokkuð góða mynd af rekstri þess árs. Eins og staðan er nú um miðjan nóvember lítur út fyrir að tekjur fyrirtækjanna hafi minnkað um hér um bil 708 milljarða eða 13,1% á árinu 2020. Samanlagðar rekstrartekjur fyrirtækja voru 4.683 milljarðar árið 2020 en þar af var virðisaukaskattskyld velta 2.826 milljarðar, 303 milljörðum eða 9,7% lægri en árið 2019. Velta undanþegin virðisaukaskatti var 1.304 milljarðar, 241 milljarði eða 15,6% minni en árið áður, en hér er aðallega um að ræða útflutning, og þá var velta í undanþeginni starfsemi 565 milljarðar, 162 milljörðum eða 22,3% minni en árið áður. Farþegaflutningar eru undanþegin starfsemi.

Tryggingagjald

Tryggingagjald er lagt á allar tegundir launa og þóknana fyrir starf. Ekki skiptir máli hvort að greitt er í fríðu eða með vöru- eða vinnuskiptum. Þá er einnig greitt tryggingagjald af lífeyrisgjaldi og móttframlagi launagreiðanda í lífeyrissjóð. Opinberir aðilar og aðrir sem eru ekki í tekjuskattskyldri starfsemi þurfa að skila tryggingagjaldi af launum starfsmanna sinna. Tryggingagjaldsstofn var 1.525 milljarðar árið 2020, 76 milljörðum eða 4,8% lægri en á árinu 2019. Tryggingagjaldsstofn fyrirtækja sem eru rekin í hagnaðarskyni og greiða tekjuskatt var 997 milljarðar, 105 milljörðum eða 9,5% lægri en árið 2019, en á móti vegur



að tryggingagjaldsstofn stofnana sem undanþegnar eru tekjuskatti hækkaði um 29 milljarða eða 5,9%. Þessir aðilar greiddu 527 milljarða í laun og þóknanir fyrir vinnu á árinu 2020. Þetta er í fyrsta skipti sem

Nú voru 33 milljarðar lagðir á stofnanir og aðra sem undanþegnir eru tekjuskatti, um það bil jafnmikið og í fyrra, en fyrirtæki sem rekin eru í hagnaðarskyni og greiða tekjuskatt greiða 64 milljarða, um níu milljörðum



Hagnaður varð af rekstri 18.832 fyrirtækja en samanlagður hagnaður þessara fyrirtækja var 506 milljarðar. Hins vegar var tap af rekstri 21.885 fyrirtækja og var samanlagt tap af rekstri fyrirtækjanna 271 milljarður

tryggingagjaldsstofn lækkar síðan árið 2010 en þá lækkaði stofninn um 15 milljarða, eftir að hafa lækkað um 221 milljarð árið áður og 58 milljarða árið þar áður.

Á tryggingagjaldsstofn voru lagðir 97 milljarðar í tryggingagjald, sem var níu milljörðum eða 8,3% minna en lagt var á í fyrra.

minna en fyrir ári. Tryggingagjald í staðgreiðslu lækkaði úr 6,6% í 6,35% árið 2020. Gjaldið lækkaði enn árið 2021 og er nú komið niður í 6,10%.

Það kostaði fyrirtækin 4.450 milljarða að framleiða vöru og þjónustu sem þau seldu fyrir 4.683 milljarða. Hér er litið framhjá

vöxtum og fjármagnsliðum en tekjurnar af meginstarfsemi fyrirtækisins eiga að standa undir framleiðslunni, þ.e. kostnaðinum við framleiðsluna, greiða starfsmönnum laun, leigusölum leigu, lánardrottnum vexti og eigendunum arð. Mismunur rekstrartekna og rekstrargjalda er rekstrarhagnaður sem segir til um það hversu mikil verðmæti verða til í rekstrinum. Rekstrargjöld fyrirtækja voru um 588 milljörðum eða 11,7% lægri árið 2020 en árið áður.

Hagnaður varð af rekstri 18.832 fyrirtækja en samanlagður hagnaður þessara fyrirtækja var 506 milljarðar. Hins vegar var tap af rekstri 21.885 fyrirtækja og var samanlagt tap af rekstri fyrirtækjanna 271 milljarður. Tapið jókst um 64 milljarða á sama tíma og hagnaðurinn minnkaði um 57 milljarða á milli ára. Það voru 735 færri fyrirtæki rekin með hagnaði af rekstri árið 2020 en 2019 en 1.644 fleiri fyrirtæki voru rekin með tapi. Fyrirtækin sem rekin voru með hagnaði voru samanlagt með 3.698 milljarða í rekstrartekjur en um 86,3% rekstrartekna fóru í gjöld, sem er svipað hlutfall og á undanförunum árum. Tapsfyrirtækin voru með 1.003 milljarða í rekstrartekjur en 127,0% rekstrartekna fóru í rekstrargjöld. Þau töpuðu þannig 27 krónum fyrir hverjar 100 krónur sem þau fengu í kassann. 2.331 fyrirtæki voru rekin á núlli en samanlagðar rekstrartekjur þessara fyrirtækja voru rúmur milljarður.

Þegar tekið hefur verið tillit til fjármagnsliða stendur eftir hagnaður eða tap samkvæmt ársreikningi fyrirtækisins. Árið 2020 var hagnaður samkvæmt ársreikningi 18.667 fyrirtækja og var samanlagður hagnaður fyrirtækjanna 652 milljarðar. Fyrirtæki sem rekin voru með hagnaði voru 444 færri en fyrir ári. Tap varð af 2.020 fyrirtækjum, sem er reyndar ekki nema einu fyrirtæki fleira en fyrir ári, en samanlagt tap var 676 milljarðar. Hagnaðurinn minnkaði um 55 milljarða eða 7,8% en tapið var hins vegar 375 milljörðum eða 124,6% meira en árið áður. Heildarniðurstaðan var neikvæð um 23 milljarða. Þetta er í fyrsta skipti síðan 2010 að tap íslenskra félaga er meira en hagnaðurinn, sem segir sína sögu um ástandið í landinu.

Tekjuskattsstofn og tekjuskattur

Tekjuskattur er lagður á hagnað fyrirtækja en hagnaður fyrirtækja er tekjur að frádregnum gjöldum. Ýmsar sérreglur gilda þó um skattlagningu hagnaðar og því er yfirleitt aðeins hluti hagnaðar fyrirtækja skattlagður á hverju ári. Þá er ekki allur hagnaður skattskyldur á því ári sem hann verður til. Stundum er leyfilegt að fresta tekjufærslu og þá má nýta uppsafnað tap fyrri ára á móti hagnaði ársins.

Tekjuskattsstofninn var 326 milljarðar. Þrátt fyrir að hagnaður skv. ársreikningi hafi minnkað um 55 milljarða lækkaði tekjuskattsstofninn ekki um nema sjö milljarða á milli ára. Stofninn lækkaði um 42 milljarða árið 2017, 28 milljarða árið 2018 og 31 milljarð árið 2019. Á tekjuskattsstofn voru lagðir rúmir 69 milljarðar í tekjuskatt, sem var 1,5 milljörðum minna en í fyrra. Skatthlutfallið var óbreytt á milli ára, 20% á hlutafélög og samvinnufélög, en 37,6% skattur var lagður á hagnað sameignarféлага, samlagsféлага, þrotabúa og dánarbúa. Skatturinn áætlaði 6.691 fyrirtæki 29 milljarða í vantaldar tekjur en á þennan skattstofn voru lagðir rúmir sex milljarðar í tekjuskatt. Áætlanir voru 1,7 milljörðum hærri í ár en í fyrra og skatturinn 402 milljónum hærri.

Yfirfæranlegt tap



Ein af meginreglum bókhaldsins segir að tekjur skuli færðar á móti útgjöldunum sem fóru til að afla teknanna. Þannig vita menn hvað kostaði að framleiða vöruna sem var seld. Eins og gefur að skilja eru fyrirtæki oft rekin með tapi í nokkurn tíma áður en þau fara að skila hagnaði. Fyrirtæki sem rekin eru ágóðaskyni geta því flutt tap ársins, eða kostnað umfram tekjur, yfir til næsta árs, í allt að 10 ár, og nýtt það til að lækka skattstofn komandi ára. Yfirfæranlegt tap til næsta árs er því uppsafnað tap fyrri ára að viðbættu tapi ársins eða uppsafnað tap fyrri ára að frádragnum hagnaði ársins.

Yfirfæranlegt tap fyrirtækja í lok árs 2020 var 1.618 milljarðar. Tapið minnkaði um 240 milljarða eða 12,9% á milli ára. Hluti tapsins gekk til lækkunar á tekjuskatti og þá hafa fyrirtæki sem áttu tap lagt upp laupana og hætt að skila skattframtali.

Yfirfæranlegt tap fyrirtækja hefur minnkað mikið á undanförunum árum. Eftir að bankar og fjárfestingafyrirtæki féllu árið 2008 jókst tapið mikið og árið 2011 var það orðið 10.917 milljarðar en síðan hefur tapið minnkað mikið. Tapið er að miklu leyti bundið við tiltölulega fá fyrirtæki og því skiptir máli hvort að fyrirtæki sem mest tap eiga skila framtali fyrir álagningu. Í álagningu lögaðila árið 2014 vantað framtal frá alla vega einu þessara fyrirtækja og því lækkaði yfirfæranlegt tap um 3.326 milljarða á árinu 2013. Þegar upp var staðið og framtali hafði verið skilað lækkaði tapið ekki um nema 701 milljarð. Þrátt fyrir allt minnkaði yfirfæranlegt tap á árinu 2020.

Eignir og skuldir

Í árslok árið 2020 voru samanlagðar eignir fyrirtækja sem rekin eru í hagnaðarskyni og skiluðu skattframtali rekstraraðila 16.672



milljarðar. Nú lítur út fyrir að eignir fyrirtækja hafi minnkað um 633 milljarða á milli ára. Á móti eignum stóðu skuldir upp á 10.593 milljarð. Skuldirnar jukust um 86 milljarða eða 0,8%. Út af fyrir sig er athyglisvert að skuldir skuli ekki aukast meira. Lánardrottinnar eiga skuldirnar og því eru skuldir eignfærðar hjá lánardrottnum. Þá er eignarhlutur fyrirtækja í öðrum félögum eignfærður og því talin fram hjá báðum félögum. Það skila hins vegar ekki allar skuldir færðar til eignar.

Samanlagt eigið fé félaganna var 6.079 milljarðar. Hér er vitanlega um mörg óskyld félög að ræða og eignir eins félags ganga ekki á móti skuldum annars. Eigið fé var í 27.817 félögum en eignir 14.337 félaga dugðu ekki fyrir skuldum. Skuldir umfram eignir voru 686 milljarðar, saman borið við 711 milljarða í árslok árið 2019. Á þeim tíma var eigið fé fyrirtækja 7.509 milljarðar og þá áttu 27.368 fyrirtæki eigið fé.

Fjármagnstekjuskattur


Lögaðilar sem eru ekki reknir í hagnaðarskyni, ríki, sveitarfélög og félagasamtök, eru undanþegin tekjuskatti af hagnaði en

greiða engu að síður fjármagnstekjuskatt af vöxtum, arði og söluhagnaði hlutabréfa eins og einstaklingar. Óskattskyldir lögaðilar skila því ekki skattframtali rekstraraðila heldur skattframtali óskattskyldra lögaðila.

Í álagningu 2021 voru rúmlega 3,4 milljarðar lagðir á lögaðila í fjármagnstekjuskatt sem var 1.400 milljónum eða 69,1% meira en var lagt á fyrir ári. Eins og gefur að skilja getur sala einstaka lögaðila á verðbréfum eða öðrum eignum haft umtalsverð áhrif á fjármagnstekjur á hverju ári. Fjármagnstekjuskattur var lagður á 801 lögaðila, ellefu fleiri en fyrir ári.

Endurgreiðsla vegna rannsóknarkostnaðar

Fyrirtæki sem uppfylla ákveðin skilyrði gátu sótt um skattfrádrátt vegna nýsköpunar og þróunarverkefna á árinu 2020. Frádrátturinn var 35% af styrkhæfum kostnaði ef félagið er lítið eða meðalstórt, en 25% ef félagið er stórt. Hámark kostnaðar til útreiknings á frádrætti var 1.100 milljónir vegna gjaldfærðs kostnaðar, en þar af mátti telja til þeirrar fjárhæðar allt að 200 milljónir vegna aðkeyptrar rannsóknar- og þróunarvinnu, en



Skattar á fjármálafyrirtæki

Frá árinu 2011 hafa verið kynntir til sögunnar fimm nýir skattar á fjármálafyrirtæki: sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki, viðbót við sérstakan skatt á fjármálafyrirtæki, sérstakt gjald á lífeyrissjóði, fjársýsluskattur og sérstakur fjársýsluskattur. Þrír þessara skatta voru lagðir á lögaðila árið 2021, sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki, fjársýsluskattur og sérstakur fjársýsluskattur. Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki er 0,145% skattur sem lagður er á heildarskuldir fjármálafyrirtækja umfram 50 milljarða. Skatturinn var lagður á fimm fjármálafyrirtæki og skilaði tæpum 4,8 milljörðum, það er 6,5 milljörðum eða 57,7% minna en í álagningunni í fyrra. Í fyrra var sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki 0,376% og því var skatturinn lækkaður um 0,231 prósentustig eða 61,4%.

Þá var lagður á sérstakur fjársýsluskattur sem er 6% viðbótartekjuskattur sem lagður er á tekjuskattstofn umfram milljarð hjá fyrirtækjum sem greiða fjársýsluskatt. Við álagningu sérstaks fjársýsluskatts er ekki tekið tillit til samsköttunar og yfirfæranlegs taps. Skatturinn var lagður á sjö fyrirtæki, einu færri en í álagningunni 2020, og skilaði tæpum 1,9 milljörðum, sem var 603 milljónum eða 24,4% minna en fyrir ári. Skatturinn var óbreyttur þannig að tekjuskattstofn fjármálafyrirtækjanna hefur minnkað á milli ára.

Fjársýsluskattur er 5,5% skattur sem er lagður á allar tegundir launa og þóknana hjá fjármálafyrirtækjum, verðbréfafyrirtækjum og tryggingafélögum. Skatturinn hefur verið lagður á Íbúðarlánasjóð en nú í álagningu 2021 var hann undanþeginn skattinum. Skatturinn var lagður á 87 fjármálafyrirtæki,

af því leiðir að skattfrádráttur framteljenda getur að hámarki orðið 385 milljónir króna. Skattfrádráttur kom til lækkunar á álöggðum tekjuskatti við álagningu opinberra gjalda. Frádrátturinn var hækkaður nokkuð á milli ára. Í fyrra var frádrátturinn 20% af styrkhæfum kostnaði, hækkaði úr 300 milljónum í 600 milljónum vegna gjaldfærðs kostnaðar og úr 450 milljónum í 900 milljónir ef um var að ræða aðkeypta rannsóknar- og þróunarvinnu sem keypt var af ótengdum aðilum. Skattfrádráttur gat því mest orðið 180 milljónir.

Þótt að frádrætti vegna þróunar- og nýsköpunarverkefna sé ætlað að koma til lækkunar álöggðum tekjuskatti við álagningu opinberra gjalda er hér ekki um hreinan frádrátt að ræða. Ef álagður tekjuskattur er lægri en skattafrádrátturinn er mismunurinn greiddur út til fyrirtækjanna. Dæmigerð nýsköpunarfyrirtæki eru sjaldnast rekin með hagnaði, sem á þó ekki við um stór fyrirtæki

sem stunda vöruþróun og rannsóknir eins og drepíð var á hér að framan.

Rannsóknar- og þróunarkostnaður fyrirtækja sem sóttu um endurgreiðslu var rúmir 37,6 milljarðar. Samanlagður tekjuskattstofn fyrirtækjanna var tæpur 20,1 milljarður en tekjuskattur af þessum stofni var rúmir fjórir milljarðar. Skattfrádráttur var rúmir 10,4 milljarðar en þar af gengu tæpar 716 milljónir upp í tekjuskatt en rúmir 9,7 milljarðar voru greiddir út. Alls sótti 271 fyrirtæki um frádrátt en þar af fengu 245 rannsóknarkostnað endurgreiddan.

Skattfrádrátturinn hefur hækkað mikið og fleiri sækja um en áður. Í fyrra var rannsóknarkostnaðurinn 31,3 milljarðar, tekjuskattstofninn 21,2 milljarðar, skattafrádrátturinn var tæpir 5,2 milljarðar en þar af gengu 824 milljónir upp í tekjuskatt en 4,5 milljarðar voru greiddir út. Þá fengu 181 fyrirtæki endurgreiddan rannsóknarkostnað.

Opinber gjöld lögaðila 2017 til 2020

Fjárhæðir í milljónum á föstu verðlagi í árslok 2020.

Rekstrarár					Breyting		Fjöldi				Breyting	
	2017	2018	2019	2020	2019-2020		2017	2018	2019	2020	2019-2020	
Tekjuskattur	82.132	76.511	70.651	69.197	-1.454	-2,1%	17.820	17.534	16.564	16.278	-286	-1,7%
Fjármagnstekjuskattur	1.681	1.877	2.026	3.427	1.400	69,1%	707	732	790	801	11	1,4%
Jöfnunargjald alþjónustu	51	49	49	48	-1	-2,6%	61	47	47	50	3	6,4%
Útvarpsgjald	762	776	797	809	13	1,6%	40.640	41.976	42.957	44.220	1.263	2,9%
Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki	10.356	11.230	11.315	4.784	-6.531	-57,7%	4	4	4	5	1	25,0%
Fjársýsluskattur	3.513	3.462	3.364	3.085	-280	-8,3%	147	127	109	87	-22	-20,2%
Sérstakur fjársýsluskattur	3.998	2.939	2.476	1.873	-603	-24,4%	8	7	8	7	-1	-12,5%
Tryggingagjald*	102.342	107.936	105.879	97.045	-8.835	-8,3%	21.423	22.119	22.812	23.077	265	1,2%
Endurgreiðsla vegna rannsóknarkostnaðar	2.329	3.138	4.518	9.715	5.197	115,0%	119	136	181	245	64	35,4%
Samtals	204.835	204.781	196.557	180.266	-16.291	-8,3%						
Fjöldi gjaldskyldra félaga							43.240	47.170	48.330	48.088	-242	-0,5%

* Markaðsgjald og iðgjald slysatryggingar sjómanna eru hér talin með í tölum um tryggingagjald.

22 færri en fyrir ári. Hann var nú tæpur 3,1 milljarður, 280 milljónum lægri en í fyrra.

Önnur gjöld

Útvarpsgjald hefur verið lagt á skattskylda lögaðila frá árinu 2009. Dánarbú, þrotabú og lögaðilar undanþegnir skattskyldu eru þó undanþegnir gjaldinu. Gjaldið var 18.300 kr. nú í álagningu 2021. Samtals voru 809 milljónir lagðar á skattskyld fyrirtæki í útvarpsgjald, sem var 13 milljónum eða 1,6% meira en lagt var á í fyrra. Gjaldið var lagt á 44.220 lögaðila, 1.263 fleiri en fyrir ári.

Jöfnunargjald alþjónustu er 0,1% gjald sem er lagt á veltu af fjarskiptastarfsemi.

Það var lagt á 50 félög, þremur fleiri en í fyrra. Gjaldið skilaði 48 milljónum, sem er ívið hærrí fjárhæð en fyrir ári.

Og að lokum þetta

Allt orkar tvímælis þá gert er. Athafnir mannsins í samfélagi við aðra eru ekki einkamál heldur hafa þær oftast en ekki margvísleg afleiðd áhrif. Meiri vöxtur og fleiri störf hafa iðulega í för með sér rask, ónæði, mengun, umferð eða aðrar breytingar sem leiða ekki endilega til betra eða fegurra mannlífs. Með aukinni velmegun hafa augu manna í auknum mæli opnast fyrir þessum kostnaði, sem er hvergi

gjaldfærður. Nú er almennt litið svo á að fyrirtækin eigi að bera þann kostnað sem af starfseminni hlýst. Annað er rányrkja.

Menn selja tíma sinn og frelsi gegn endurgjaldi sem heitir laun. Ýmis störf sem áður voru unnin þykja ekki lengur fyrirhafnarinnar virði. Sumir velta því fyrir sér hvor að þeir vinni til að lifa eða lifi til að vinna. Á sama hátt má spyrja hvort að atvinnulífið eigi að þjóna þjóðfélaginu eða þjóðfélagið atvinnulífinu. Hvar liggur hinn gullni meðalvegur? Það er altjant mikilvægt að atvinnulífið starfi í sátt við náttúru og samfélag til hagsbótar fyrir land og þjóð. Eða hvað?

Breyting launagreiðslna milli áráanna 2019 og 2020

Þær 20 atvinnugreinar þar sem launagreiðslur drógust mest saman á milli áráanna 2019 og 2020



Árið 2020 voru laun hlunnindi og annað endurgjald fyrir vinnu um 1.525 milljarðar, 76 milljörðum eða 4,7% lægra en árið áður. Árin 2019 og 2020 voru 69.532 fyrirtæki og stofnanir á skattgrunnskrá en þar af greiddu 22.834 laun árið 2019 og 23.148 árið 2020 en 19.985 greiddu laun bæði árin.

Ef fyrirtæki sem greiddu laun árið 2019 eru skoðuð sést að launagreiðslur þessara fyrirtækja lækkuðu um 128 milljarða á milli ára en þar af voru 2.849 fyrirtæki sem greiddu engin laun árið 2020. Launagreiðslur fyrirtækja sem greiddu laun bæði árin lækkuðu því um 69 milljarða. Á móti vó að 3.163 fyrirtæki sem engin laun greiddu árið 2019 komu ný inn og greiddu þá 52 milljarða í laun. Launagreiðslur 12.371 þeirra 19.985 fyrirtækja og stofnanna sem greiddu laun bæði árin lækkuðu um 157 milljarða en á móti hækkuðu launagreiðslur 7.614 fyrirtækja og stofnana um 88 milljarða. Samanlagt lækkuðu því launagreiðslur 15.220 fyrirtækja sem greiddu laun árið 2019 um 216 milljarða. Þær hins vegar hækkuðu um 88 milljarða hjá 7.614 fyrirtækjum og stofnunum sem greiddu meira árið 2020 en árið áður. Launagreiðslur í atvinnugreininni rekstur gististaða

og veitingarekstur minnkuðu um 27 milljarða eða 36,6% á milli ára, en þar munar mestu um launagreiðslur hótela og gistiheimila sem minnkuðu um 14 milljarða eða 45,0%. Launagreiðslur veitingastaða minnkuðu um ellefu milljarða eða 29,9%. Launagreiðslur kráa minnkuðu um 51,2% eða einn og hálfan milljarð. Þá minnkuðu launagreiðslur í atvinnugreininni Flutningar og geymsla um 18 milljarða eða 15,7%, en þar minnkuðu launagreiðslur í farþegaflutningum með áætlunarflugi um tæpa sjö milljarða eða 14,6% og í öðrum farþegaflutningum á landi um 4,2 milljarða eða 42,0%. Þá minnkuðu launagreiðslur í byggingastarfsemi og mannvirkjagerð um níu milljarða sem var átta prósentla lækkan. Á móti vegur síðan hækkan launagreiðslna í opinberri stjórnsýslu og löggjöf en þar jukust launagreiðslur um 23 milljarða eða 5,7%. Launagreiðslur í heilbrigðis- og félagsþjónustu jukust um fjóra milljarða eða 9,1% og í annarri ótalinni fjármálaþjónustu, þó ekki váttryggingastarfsemi, sem heyrir undir atvinnugreinabálkinn fjármála- og váttryggingastarfsemi, um 2,6 milljarða eða 53,0%. Launagreiðslur í bálknum sjálfum lækkuðu hins vegar um tæpar átta hundruð milljónir, eða 0,9%.



Starf Norræna tollasamvinnuráðsins endurskipulagt í takt við breytta tíma

Norræna tollasamvinnuráðið (NTR) var formlega stofnað árið 1960 í Helsinki í Finnlandi. Ráðið á þó rætur sínar að rekja til ársins 1953 þegar sett var á laggirnar norræn þingmannanefnd sem skyldi fjalla um auðveldun samgangna milli Norðurlandanna. Ísland gerðist formlega aðili að NTR á Helsinkifundinum árið 1960 en hafði þó haft áheyrnaraðild frá 1957. Helsinki fundurinn setti starfinu einnig ákveðin markmið, kvað á um hvernig því skyldi stjórnað og hvaða fastanefndir ætti að setja á stofn.

Auk Norðurlandanna fimm eiga Færeyjar og Grænland aukaaðild að ráðinu og sitja fulltrúar þeirra árlega tollstjórafundi NTR. Skipulag ráðsins hefur, skiljanlega, tekið breytingum í áranna rás og hafa viðfangsefni þess mótast af stefnum og straumum í tollamálum hverju sinni.

Ísland tók við formennsku í ráðinu haustið 2020 og var því gestgjafi á árlegum tollstjórafundi í byrjun september í ár. Fundurinn var rafrænn vegna stöðunnar á Covid-19 faraldrinum en vonir standa til að hægt verði að kalla norrænu tollstjórana til fundar á Akureyri haustið 2022.

Nokkrar breytingar hafa orðið á skipulagi NTR undanfarið. Á tollstjórafundi sem haldinn var í Tampere árið 2019 var skipaður ad-hoc vinnuhópur til að skoða

mál varðandi skipulag og framkvæmd starfsins og leggja fram tillögur að því hvernig mætti hagræða og straumlínulaga verklag.

Aukið samstarf

Niðurstaða þeirrar vinnu var meðal annars sú að starfsreglur voru endurskoðaðar, formennskutímabil stýtt úr tveimur árum í eitt og sú breyting gerð að formennska í NTR felur í sér formennsku í öllum undirhópum ráðsins. Ákveðið var að starfsreglur væru gefnar út á ensku og hvert land fyrir sig myndi sjá um að koma þeim á sitt tungumál, væri þess þörf. Boðleiðir, samskipti og verkskipting milli tollstjóra og undirhópa voru skýrð og settur á stofn ráðgjafahópur (advisory group) sem hefur það hlutverk að sjá um starfsemi NTR milli funda og aðstoða við undirbúning og framkvæmd tollstjórafundanna.

Gert er ráð fyrir að þessi nýja framkvæmd verði til þess að norrænt samstarf á vettvangi tollamála haldi áfram að vaxa og dafna – en NTR og undirhópar þess hafa verið tollyfirvöldum mikilvæg lífæð, bæði í formi þekkingaruppbyggingar, skipulagsmála og samræmingar stefnu, t.d. á vettvangi alþjóðastofnana á borð við Alþjóða tollastofnunina (WCO).

Sigfríður Gunnlaugsdóttir

Nýtt virðisaukaskattskerfi tekið í notkun

Virðisaukaskattur er neysluskattur sem er innheimtur af allri innlendri vöru og þjónustu nema hún sé sérstaklega undanþegin og við innflutning vöru og þjónustu. Virðisaukaskattur er stærsti einstaki tekjuliður ríkissjóðs sem skilaði um 228 milljörðum í ríkiskassann árið 2020 eða um 30% af heildarskatttekjum. Í dag starfa rúmlega 30 manns hjá virðisaukaskattsdeild Skattsins og hafa störfin breyst mikið frá því virðisaukaskatturinn var tekinn upp fyrir ríflega 30 árum síðan.

Í upphafi var flest allt er viðkemur virðisaukaskatti framkvæmt á pappír. Þannig voru allar virðisaukaskattsskýrslur sendar inn á pappír sem þurfti svo að handskrá inn í tölvakerfi sem hélt utan um skilin en það gat, eðli málsins samkvæmt, tekið langan tíma. Miklar framfarir hafa átt sér stað í þeim efnum en í dag fara skil á virðisaukaskatti nánast alfarið fram með rafrænum hætti og umrædd handskráning að mestu því liðin tíð. Það gerir það að verkum að skattýfirvöldum hefur verið gert kleift að aðlaga framkvæmdina betur að rafrænum heimi og stytta tíma sem m.a. tekur að leggja á eða endurgreiða virðisaukaskatt.

Langur aðdragandi

Lengi hefur verið á döfinni að þróa nýtt virðisaukaskattskerfi, sem hefði þá möguleika að nýta nútímatækni m.a. til greiningar og skilvirkari umsjónar með verkþáttum mun betur en það kerfi sem notað hefur verið nánast frá upphafi virðisaukaskatts býður upp á. Kerfið býður upp á litla möguleika á þróun innan þess og því löngu kominn tími til að endurnýja það í takt við kröfur og tækifæri sem felast í tækni nútímans. Vinnsla þess kerfis var þannig háttað að öll greining og verkefnaskipting fór fram utan kerfisins og gat framkvæmdin því verið þunglamaleg og öll verkefnaumsjón tímafrek og viðkvæm. Kerfið reyndist vel framan af en löngu var orðið ljóst að kominn var tími á uppfærslu svo hægt væri að sinna skattfræmnd og samtímaeftirliti með skilvirkari hætti. Mörg verkefnanna eru mannaflafrek og þung í vinnslu og því skiptir öllu máli að starfsmenn þeir er sinna virðisaukaskatti geti unnið verkin fumulaut og skipulega án þess að það bitni á gæðum samtímaeftirlits eða afgreiðslu og þannig sinnt bæði þjónustu og árangursríku eftirliti með virðisaukaskatti eins vel og kostur er.

Í ljósi þeirra miklu tækni framfara sem átt hafa sér stað í heiminum í dag var því

lagt upp með að nýtt kerfi virðisaukaskatts myndi loksins líta dagsins ljós á árinu 2020. Mikil vinna átti sér stað til að það næðist en eins og um ýmsar fyrirætlanir á því herrans ári varð ekki af því en vinnu við að koma því á koppinn var þó áframhaldið af starfsmönnum tæknisviðs og virðisaukaskattsdeildar af krafti svo að nýtt kerfi yrði tekið í notkun eigi síðar en á árinu 2021.

Eftir marga fundi, ýmist saman eða á bak við skjáinn, og ötula vinnu tæknimanna hefur nú nýtt kerfi liðið dagsins ljós.

virðisaukaskatti eða á umsóknum um endurgreiðslur og hefur þetta því lítil áhrif út á við að því leyti. Þrátt fyrir það er þó stefnt að því að taka upp að nýju þá vinnu sem var hafin við að koma í gagnið nýrri og ítarlegri virðisaukaskattsskýrslu þar sem fjárhæðir verði betur sundurgreindar en áður til enn betri greiningar. Vonir standa til að ný virðisaukaskattsskýrsla nái að líta dagsins ljós og verða tekin í notkun eigi síðar en á árinu 2023. Auk þess er löngu orðið tímabært að gera tilkynningar til virðisaukaskatts-



Með því hefur verið opnað á möguleika til að nýta nútímatækni til m.a. greiningar á virðisaukaskattskilum í samtímaeftirliti, sjálfvirkri skoðun skýrslna og umsókna og afgreiðslu að uppfylltum fyrirfram gefnum skilyrðum. Stefnt er að því að tengja gervigreind sem nýtt er við skatteftirlit við kerfið eftir að meiri reynsla er komin á það. Nýtt kerfi nýttist auk þess mun betur en eldra kerfi við dreifingu og umsjón verkefna virðisaukaskattsdeildar þar sem það eykur yfirsýn og bætir utanumhald starfsmanna um verkefni sín.

Nútímavætt og sveigjanlegt kerfi

Kerfið er enn í þróun í samvinnu við tæknimenn og starfsmenn virðisaukaskattsdeildar Skattsins þó stór skref í átt til framtíðar hafi verið stigin við upptöku þess. Nú þegar nýtt kerfi hefur verið tekið í gagnið hafa þó engar breytingar verið gerðar á ytra kerfi fyrir rekstraraðila og þeirra skil á

skrár og beiðnir um afskráningu rafrænar og kveðja þar með pappírinn á þeim vettvangi einnig. Standa vonir til þess að svo verði í náinni framtíð. Allt styður þetta enn frekar við markmið embættisins um að veita framúrskarandi þjónustu sem og að gera virðisaukaskattsfræmndina skilvirkari.

Ljóst er að miklir möguleikar felast í upptöku á nýju virðisaukaskattskerfi, það færir vinnsluna til nútímatækni og opnar á margar leiðir til betri og skilvirkari vinnslu. Enn fremur býður nýtt kerfi upp á að færa virðisaukaskattsskýrsluna, sem hefur verið eins frá upphafi virðisaukaskatts, til betri vegar þannig að betri og ítarlegri upplýsingar komi þar fram.

Spennandi tímar eru því framundan í virðisaukaskatti sem verður áhugavert að fylgjast með og sjá hvernig framvindan verður, en eitt er víst að vonir standa til þess að pappírshúsið heyrir sögunni til. ■

DÓMAR

Héraðsdómur Reykjavíkur í máli nr. E-6065/2020 frá 15. júní 2021

Krafa þrotabús um riftun greiðslna á skattkröfum

Bú félagsins A var tekið til gjaldþrotaskipta þann 9. janúar 2020 og var Skatturinn skiptabeiðandi. Frestdagur við skiptin var 3. október 2019. Skiptastjóri lýsti yfir riftun á nánar tilgreindum greiðslum til Skattsins að fjárhæð samtals 96.851.118 kr. með vísan til 141. gr. laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl. Greiðslurnar, sem voru 31 talsins, voru inntar af hendi til Skattsins frá 6. október 2017 til 6. ágúst 2019. Ennfremur var lýst yfir riftun greiðslu frá A að upphæð 3.000.000 kr. inn á skuld félagsins B við Skattinn, en félögin töldust nákominn í skilningi gjaldþrotaskiptalaga. Skatturinn hafnaði því að um riftanlegar greiðslur hefði verið að ræða og þar með kröfu þrotabúsins um endurgreiðslu.

”

Af hálfu þrotabúsins var því haldið fram að A hafi verið orðið ógjaldfært á þeim tíma sem það innti greiðslurnar af hendi til Skattsins eða hafi orðið það eftir greiðslurnar og að Skatturinn hafi vitað af því

Í kjölfarið höfðaði þrotabúið riftunarmál þar sem eignir búsins voru óverulegar við uppkvaðningu gjaldþrotaskipta og taldi skiptastjóri að A hafi kosið að setja skuldir við Skattinn í forgang fyrir gjaldþrotið, umfram aðrar skuldir. Jafnræði kröfuhafa hafi þar með verið raskað.

Þrotabúið taldi greiðslur A riftanlegar á grundvelli 141. gr. laga nr. 21/1991. Í ákvæðinu segir að krefjast megi riftunar ráðstafana sem á ótilhlýðilegan hátt eru kröfuhafa til hagsbóta á kostnað annarra, leiða til þess að eignir þrotamanns verði ekki til reiðu til fullnustu kröfuhöfum eða leiða til skuldaaukningar kröfuhöfum til tjóns, ef þrotamaðurinn var ógjaldfær eða varð það vegna ráðstöfunarinnar og sá sem hafði hag af henni vissi eða mátti vita um ógjaldfærni þrotamannsins.

Af hálfu þrotabúsins var því haldið fram að A hafi verið orðið ógjaldfært á þeim tíma sem það innti greiðslurnar af hendi til Skattsins eða hafi orðið það eftir greiðslurnar og

að Skatturinn hafi vitað af því. Skilyrði um ógjaldfærni í 141. gr. laga nr. 21/1991 hafi því verið uppfyllt. Þrotabúið byggði einnig á því að fjöldi árangurslausra fjárnáma hafi verið gerð hjá A á þeim tímabilum sem greiðslurnar bárust og Skatturinn gert tvö árangurslaus fjárnám, 16. ágúst 2017 og

12. nóvember 2018. Skattinum hafi því verið ljóst þegar framangreindar greiðslur bárust að A hafi verið eignalaust og komið í fjárhagsvanda. Þá hafi Skatturinn gert greiðsluáætlun við A en í henni hafi komið fram að Skattinum væri heimilt að krefjast gjaldþrotaskipta á búi félagsins ef það greiddi ekki samkvæmt greiðsluáætluninni. Skatturinn hafi þannig haft ákveðin yfirráð yfir A enda hafi félagið orðið að greiða skuldir sínar við Skattinn til að geta haldið áfram rekstri en hluti þeirra greiðslna sem krafist var riftunar á voru aðflutningsgjöld (greiðslufrestur í tolli). Augljóst hafi verið að A hafi kosið að taka Skattinn fram yfir aðra kröfuhafa þegar kom að greiðslu skulda af þeirri ástæðu að það væri rík tilhneiging skuldara skömmu fyrir gjaldþrot að nota fjármuni til þess að greiða vörsluskatta og komast þannig hjá kærnu vegna refsiverðrar háttsemi. Riftunarkrafan vegna greiðslu A til Skattsins inn á skuldir B að upphæð 3.000.000 kr. var byggð á ákvæðum 131., 141. og 146. gr. laga nr. 21/1991. Greiðslan hafi falið í sér gjöf til B frá nákomnu félagi, sbr. 131. gr. laganna, enda sami maður eigandi félaganna tveggja. Hélt þrotabúið því jafnframt fram að greiðslan væri riftanleg gagnvart íslenska ríkinu með vísan til 146. gr. laga nr. 21/1991, verðmætin hafi runnið til íslenska ríkisins og því væri rétt að beina endurkröfu einnig að því.

Íslenska ríkið byggði á því að greiðslur virðisaukaskatts og greiðslufrests í tolli gætu ekki verið riftanlegar á grundvelli 141. gr. laga nr. 21/1991. Virðisaukaskatturinn hafi verið greiddur á réttum tíma hjá félagi

í rekstri og því hafi sú ráðstöfun ekki verið ótilhlýðileg í skilningi 141. gr. laga nr. 21/1991. Þá gætu greiðslur á greiðslufresti í tolli hjá félagi í rekstri ekki talist ótilhlýðilegar í ljósi þess að rekstrargrundvöllur félaga gæti oltið á því að geta flutt inn aðföng eins og var í tilviki félagsins. A hafi ekki átt annarra kosta völu en að greiða viðkomandi tímabil greiðslufrests í tolli til að tryggja áframhaldandi rekstrargrundvöll og halda áfram starfsemi á þeim tíma sem greiðslurnar voru inntar af hendi. Þrátt fyrir að þeir fjármunir sem notaðir voru til að fá tollafgreiðslu væru ekki lengur til staðar þá hafi þær vörur sem leystar voru úr tolli verið til staðar í starfsemi félagsins til verðmætaaukningar og til reiðu öðrum kröfuhöfum. Hvað varðaði greiðslur á tryggingagjaldi og staðgreiðslu launagreiðanda þá hafi öll þau tímabil á árunum 2017 og 2018 sem krafist var riftunar á verið greidd á rekstrartíma félagsins og á gjalddaga eða einum til fjórum mánuðum síðar. Um væri að ræða skatta sem félagi í rekstri ber lagaskylda til að greiða í ríkissjóð og því ekki ótilhlýðileg ráðstöfun í skilningi 141. gr. laga nr. 21/1991. Sömu sjónarmið ættu við um þing- og sveitarsjóðsgjöld og bifreiðagjöld. Allar þessar greiðslur hafi verið nauðsynlegur þáttur í áframhaldandi starfsemi A og í slíkum tilvikum gætu greiðslur ekki talist ótilhlýðilegar og riftanlegar á grundvelli 141. gr. laga nr. 21/1991 og því væri jafnræði kröfuhafa ekki raskað með greiðslunum. Íslenska ríkið benti jafnframt á að gerð greiðsluáætlana hefði lagagildi, sbr. lög um innheimtu opinberra skatta og gjalda, nr. 150/2019. Greiðsluáætlanir væru ívinnandi úrræði fyrir gjaldendur þegar þeir sæju sér frekar fært að greiða skatta og gjöld á lengri tíma og dreifa greiðslubyrði sinni. Í beitingu úrræðisins fælist ekki ótilhlýðileiki og með texta í greiðsluáætlunum væri leiðbeiningar- og upplýsingaskyldu innheimtumanna sinnt með því að benda á hvaða lögbundnu heimildir innheimtumenn ríkissjóðs gætu gripið til vegna vanskila. Hvað varðaði sjónarmið þrotabúsins um að vel þekkt væri að í undanfara gjaldþrots hefðu þrotamenn tilhneigingu til að greiða skatta sem refsing lægi við að greiða ekki, þá ættu þau ekki við í málinu því allar umræddar greiðslur hefðu verið greiddar á rekstrartíma A. Af hálfu íslenska ríkisins var því þannig haldið fram að umræddar greiðslur hefðu ekki verið ótilhlýðilegar til hagsbóta fyrir íslenska ríkið á kostnað annarra kröfuhafa og fælu ekki í sér brot á jafnræði kröfuhafa. Var því jafnframt hafnað að greiðsla A inn á skuld B væri riftanleg. Ekki væri hægt að beina sömu fjárkröfu að báðum stefndu, þ.e. íslenska ríkinu og B. Þá ætti 146. gr. laga nr. 21/1991 ekki við

um tilvikið því ekki hefði verið um framsal verðmæta til íslenska ríkisins að ræða með yfirlýsingu eins og 146. gr. áskilur, heldur greiðsla á skattskuld.

Dómurinn benti á að skilyrði fyrir beitingu ákvæðis 141. gr. laga nr. 21/1991 væri að skuldari hefði verið ógjaldfær eða orðið það vegna ráðstöfunarinnar. Við úrlausn fyrri riftunarkröfunnar yrði að líta til þess að þær væru á fjórða tug talsins og spönnuðu 22 mánaða tímabil. Ekki væri hægt að fallast á með þrotabúinu að miða bæri ógjaldfærni A við fyrra fjárnám Skattsins þann 16. ágúst 2017 því ekki væri fram hjá því lítið að félagið hafi verið rekið áfram um allangt skeið eftir



Hvað varðaði sjónarmið þrotabúsins um að vel þekkt væri að í undanfara gjaldþrots hefðu þrotamenn tilhneigingu til að greiða skatta sem refsing lægi við að greiða ekki, þá ættu þau ekki við í málinu því allar umræddar greiðslur hefðu verið greiddar á rekstrartíma

það. Bú A hafi ekki verið tekið til gjaldþrotaskipta fyrr en 9. janúar 2020. Dómurinn taldi því ósannað að til ógjaldfærni A hafi komið eða að íslenska ríkinu hafi verið kunnugt um ógjaldfærni fyrr en við síðara fjárnám Skattsins þann 12. nóvember 2018. Hafi Skatturinn verið gerðarbeiðandi og upphæð kröfunnar hafi numið umtalsverðri fjárhæð, eða 30.815.033 kr. Gerð greiðsluáætlunar við A skömmu síðar renni frekari stoðum undir grandsemi Skattsins um ógjaldfærni félagsins. Í greiðsluáætluninni hafi verið að finna yfirlýsingu Skattsins samkvæmt 4. tölulíð 2. mgr. 65. gr. laga nr. 21/1991 sem ætlað var að auðvelda skattyfirvöldum að setja fram kröfu um gjaldþrotaskipti á búi félagsins ef ekki yrði staðið við hana. Gekk dómurinn út frá því að Skattinum hafi verið kunnugt um að greiðslur eftir síðara árangurslausu fjárnámið yrðu honum til hagsbóta á kostnað annarra kröfuhafa. Tekið var fram að ekki væri unnt að líta svo á að greiðsla opinberra gjalda væri ávallt þess eðlis að hún gæti ekki talist ótilhlýðileg. Meta yrði í hvert skipti hvort skilyrði 141. gr. laga nr. 21/1991 væru uppfyllt. Dómurinn fjallaði næst um greiðslufrest í tolli. Taldi hann að líta bæri til þeirra verðmæta sem féllu til þrotabús samanborið við þá greiðslu sem innt var af

hendi. Þegar félag móttæki vörur úr tolli rynnur almennt meiri verðmæti inn í félagið en sem næmi greiðslu þess við þá tollmeðferð. Í þeim skilningi fullnægðu greiðslur sem framkvæmdar væru til að leysa vörur úr tolli að öllu jöfnu ekki því skilyrði 141. gr. að teljast kröfuhafa til hagsbóta á kostnað annarra kröfuhafa, enda yrði þá í reynd verðmætaaukning í búinu í tengslum við greiðsluna. Tók dómurinn þannig undir þessi sjónarmið íslenska ríkisins. Einnig tók hann undir þau sjónarmið sem íslenska ríkið hélt fram að enda þótt A hafi notið greiðslufrests í tolli hafi forsenda þess frests verið að A teldist í skilum á þeim gjöldum til ríkissjóðs. Viss

forgangsöröðun á greiðslum krafna hafi því verið A almennt hagfelld og horft til eignaukningar hvað sem leið heimild félagsins til að staðgreiða vörur úr tolli. Þá taldi dómurinn þrotabúið ekki hafa sýnt nægilega fram á að greiðsla A inn á skattskuld B hafi verið ótilhlýðileg í skilningi 141. gr. laga nr. 21/1991 þrátt fyrir að hafa verið innt af hendi 6. febrúar 2019, eða eftir seinna fjárnám Skattsins. Hins vegar tók dómurinn til greina riftunarkröfur sex annarra greiðslna sem bárust Skattinum eftir síðara fjárnámið og var íslenska ríkið dæmt til að endurgreiða þrotabúinu 3.444.798 kr. ásamt vöxtum. Hvað varðaði greiðsluna sem greidd var af A inn á skuldir B komst dómurinn að þeirri niðurstöðu að 1. mgr. 146. gr. laga nr. 21/1991 áskildi að þriðji maður sem tekur við verðmætum hafi vitað eða mátt vita um þær aðstæður sem riftunarkrafa byggist á. Var talið ósannað að Skatturinn hafi vitað hvernig viðskiptum A og B var háttað og að ráðstöfunin hafi verið gjöf. Var íslenska ríkið því sýknað af þeirri kröfu. Ráðstöfunin var hins vegar talin gjöf og því riftanleg á grundvelli 2. mgr. 131. gr. laga nr. 21/1991. Var hið nákomna félag B dæmt til að endurgreiða þrotabúinu greiðsluna.

Vanskil á virðisaukaskatti og færslu bókhalds

Samkvæmt niðurstöðum rannsókna skatt-rannsóknarstjóra á málum félaganna X, Y, Z og P hafði verið leitt í ljós að í rekstri þeirra hefði verið vanrækt að skila virðisaukaskattsskýrslum vegna nánar tiltekinnar uppgjörstímabíla. Jafnframt var það niðurstaða í öllum tilvikunum að færsla bókhalds hefði verið vanrækt og að bókhaldsgögn

hver og einn, svo sem nánar greindi, verið fyrirsvarsmenn félaganna, vegna brota í starfsemi þeirra er í ljós hefðu verið leidd. Laut ákæran varðandi öll félögin í fyrsta lagi að vanrækslu á skilum virðisaukaskattsskýrslna annars vegar og virðisaukaskatts hins vegar, í öðru lagi að vanrækslu á færslu bókhalds og varðveislu bókhaldsgagna

nr. 50/1988, um virðisaukaskatt. Brot vegna annars liðar væru talin varða við 2. mgr. 262. gr. hegningarlöganna, sbr. 36 gr. og 1. og 2. tölul. 1. mgr. 37. gr. laga nr. 145/1994 um bókhald. Brot samkvæmt þriðja lið teldust varða við 1. mgr., sbr. 2. mgr. 264 gr. hegningarlöganna.

A var samkvæmt ákærinni gefið að sök að hafa ýmist sem framkvæmdastjóri, stjórnarmaður eða daglegur stjórnandi borið ábyrgð vegna brota í starfsemi allra félaganna. Hann játaði sök samkvæmt ákærinni að undanskilinni ákæru um peningaþvætti. Hvað þann ákærulið varðar var niðurstaða dómsins sú að peningaþvættisbrotið félli saman við frumbrotið, sbr. m.a. nánar tilgreinda dóma Landsréttar þar að lútandi. A var hins vegar sakfelldur fyrir meiri háttar brot gegn skattalögum og lögum um bókhald með því hafa hvorki staðið skil á virðisaukaskattsskýrslum og virðisaukaskatti né fært bókhald og var tekið fram að brotin teldust til skattsvika. Var A dæmdur til greiðslu sektar að fjárhæð 63.160.000 kr. er miðuð væri við þrefalda fjárhæð vanskila. Einnig var A dæmdur til tólf mánaða fangelsisvistar og var þá dæmdur upp 30 daga skilorðsbundin fangelsisdómur er upp hafði verið kveðinn eftir að þau brot sem nú voru dæmd höfðu verið framin. Var refsing A því ákveðin sem hegningarauki en til þess var litið að málið hefði dregist nokkuð fyrir dómi. Litið var til játningar A en jafnframt til 1. og 6. tölul. 1. mgr. 70. gr. hegningarlöganna er horfðu til þyngingar. Fullnustu níu mánaða af refsingunni var frestað og félli hún niður að tveimur árum liðnum héldi A almennt skilorð 57. gr. hegningarlöganna.

Í dómnum sagði og að með vísan til atvika málsins og alvarleika brota A bæri með vísan til 4. mgr. 262. gr. hegningarlöganna að fallast á kröfu ákæruvaldsins um að A skyldi sæta atvinnurekstrarbanni, „þ.e. verði bannað að stofna félag með takmarkaðri ábyrgð eða að sitja í stjórn í tvö ár frá birtingu dómsins“.

Það var aðeins í tilvikum A að ákæruvaldið gerði kröfu um atvinnurekstrarbann, sbr. 4. mgr. 262. gr. hegningarlöganna. Til-dæmdar sektir annarra en A voru mun lægri en sekt hans, en næst hæsta sektin var 14.670.000 kr.



”

Laut ákæran varðandi öll félögin í fyrsta lagi að vanrækslu á skilum virðisaukaskattsskýrslna annars vegar og virðisaukaskatts hins vegar, í öðru lagi að vanrækslu á færslu bókhalds og varðveislu bókhaldsgagna og í þriðja lagi að því að hafa nýtt ávinning af brotum í þágu rekstrar félaganna eða eftir atvikum í eigin þágu

væru ekki öll fyrirliggjandi. Öll félögin höfðu verið úrskurðuð gjaldþrota og afskráð áður en þau voru tekin til rannsókna. Skattrannsóknarstjóri sendi mál þessi til rannsókna héraðssaksóknara sem höfðu verið refsímál á hendur fjórum mönnum er hefðu

og í þriðja lagi að því að hafa nýtt ávinning af brotum í þágu rekstrar félaganna eða eftir atvikum í eigin þágu, þ.e. fyrir peningþvætti. Teldust brot vegna fyrsta liðar varða við 1. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 1. mgr. 40. gr. laga



Úrskurðir YSKN

33/2021

Yfirfærsla eftirstöðva rekstrartaps milli skattaðila - dánarbú

Málið varðar það hvort eftirstöðvar rekstrartaps samkvæmt skattframtali dánarbús heimilist til frádráttar rekstrartekjum í skattskilum erfingja.

Málavextir eru þeir að K lést á árinu 2018 og tók kærandi arf úr dánarbúi K á árinu 2019. Meðal þess sem kom í hlut kæranda var 25% hlutur í jörðinni M. Kærandi seldi eignarhlut sinn á árinu 2019 og gerði grein fyrir sölu íbúðarhúss jarðarinnar og rekstrareigna í skattframtali. Til frádráttar söluhagnaði rekstrareigna færði kærandi ónotuð rekstrartöp frá fyrri árum í búrekstri arfláta. Ríkisskattstjóri féllst ekki á að heimilt væri að færa rekstrartap samkvæmt skattframtali dánarbús til frádráttar rekstrartekjum í skattskilum erfingja.

Í úrskurðinum kemur fram að við andlát manns taki dánarbú við öllum meginþorra réttinda hans og skyldna. Þessi lögpersóna eigi sjálf þessi réttindi og beri þessar skyldur, en ekki þeir sem kunni að njóta tilkalls til arfs eftir þann látna. Lögpersónan njóti hæfis til að öðlast ný réttindi og baka sér nýjar skyldur á meðan á skiptum stendur, en henni verði síðan að lyktum slitíð eftir reglum laganna með því að ljúka skiptum.

Tekið er fram að yfirfærsla eftirstöðva rekstrartaps milli skattaðila komi ekki til greina nema með sérstakri lagaheimild, sbr. ákvæði 51., 53. og 54. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, sem heimilur yfirfærslu á skattaréttarlegum skyldum og réttindum, þ.m.t. ónotuðum eftirstöðvum rekstrartaps, við þargreinda sameiningu og skiptingu félaga og breytingu á rekstrarformi. Þau lagaákvæði taki ekki til atvika í máli kæranda og ekki sé til að dreifa annarri lagaheimild í þessu sambandi. Af því virtu náði krafa kæranda ekki fram að ganga. Var vísað til úrskurðar yfirskattanefndar nr. 787/1998 þessu til hliðsjónar.

42/2021

Skattlagning einstaklings vegna söluhagnaðar fasteignar sem nýtt var í atvinnurekstri

Ágreiningur í málinu snerist um það hvort skattleggja bæri hagnað kæranda af sölu fasteignar sem atvinnurekstrartekjur eða fjármagnstekjur.

Kærandi keypti fasteignina á árinu 1995 og leigði hana út allt frá kaupum. Á árunum 1995-1998 var eignin færð sem fyrnanleg atvinnurekstrareign í skattskilum kæranda, en frá og með tekjuárinu 1999 var eignin færð í persónuframtal hans og tekjur af útleigu hennar færðar sem leigutekjur af eignum sem ekki tengjast atvinnurekstri í lið 3.9. Á árinu 2008 leitaði kærandi til ríkisskattstjóra með beiðni um bindandi álit þar sem kærandi spurðist fyrir um skattlagningu söluhagnaðar vegna fyrirhugaðrar sölu fasteignarinnar. Í álitsbeiðninni kemur fram að fasteignin hafi verið leigð tilgreindu sameignarfélagi til ársloka 2005 er kærandi hafi látið af störfum og einnig á það bent að frá og með árinu 1999 hefðu leigutekjur af eigninni athugasemdalaust verið taldar fram sem fjármagnstekjur utan rekstrar. Af þessu tilefni gaf ríkisskattstjóri út bindandi álit nr. 5/08 þar sem niðurstaðan var sú að söluhagnaður kæranda vegna sölu fasteignarinnar teldist til skattskyldra atvinnurekstrartekna kæranda. Í álitinu var tekið fram að um fyrnanlega eign væri að ræða og að tekjur af útleigu atvinnuhúsnæðis yrði almennt að telja til atvinnurekstrartekna. Einhliða ákvörðun kæranda um að haga skattskilum sínum á annan veg gæti ekki haft í för með sér að honum væri rétt síðar að telja söluhagnað af sölu eignarinnar, sem nýtt hefði verið til tekjuöflunar í atvinnurekstri, til tekna sem fjármagnstekjur utan rekstrar.

Ekki varð úr sölu fasteignarinnar í kjölfar útgáfu bindandi álits ríkisskattstjóra, en kærandi réðst hins vegar í verulegar endurbætur á eigninni. Fram kom í kærinni til yfirskattanefndar að þessar framkvæmdir og kostnaður vegna þeirra hafi „ekki ratað inn á fyrningaskýrslur“ þar sem kærandi hafi

ekki leigt eignina út frá árinu 2008, þó að því undanskildu að 50% hlutur í fasteigninni hafi verið leigður út á árunum 2013 til 2018 að endurbótum loknum. Aðra hluti eignarinnar hafi kærandi sjálfur nýtt sem geymslu. Kærandi seldi eignina í ársbyrjun 2018.

Í forsendum úrskurðar yfirskattanefndar segir að almennt verði að telja að útleiga á atvinnuhúsnæði teljist til atvinnurekstrar, ekki síst þegar um er að tefla útleigu slíks húsnæðis til lengri tíma og var vísað til langvarandi skatt- og úrskurðaframkvæmdar í því sambandi, auk bindandi álits nr. 5/08. Að því virtu var fallist á með ríkisskattstjóra að virða bæri söluhagnað vegna sölu fasteignarinnar sem tekjur af atvinnurekstri í merkingu B-liðar 7. gr. laga nr. 90/2003. Þá var tekið fram að meðferð tekna af útleigu húsnæðisins í skattskilum kæranda á liðnum árum þótti ekki geta leitt til annarrar niðurstöðu í þessu efni.

147/2021

Skattskylda lífeyrisgreiðslna fyrir flutning úr landi

Málavextir eru þeir að kærundur fluttu til Spánar 18. febrúar 2019 skv. skráningu í Þjóskrá. Í álagningu 2020 voru tekjur kæranda til þess tíma skattlagðar en ríkisskattstjóri hafði samþykkt undanþágu frá greiðslu skatta af lífeyristekjum frá Tryggingastofnun ríkisins og Greiðslustofnu lífeyrissjóða frá og með áramótum 2019/2020 í samræmi við tvísköttunarsamning milli Íslands og Spánar. Undanþágan náði þó ekki til tekna frá lífeyrissjóðum sem stofnaðir voru á vegum ríkis eða sveitarfélaga, en persónuafsláttur var nýttur á móti þeim greiðslum.

Í kærnu til ríkisskattstjóra var farið fram á leiðréttingu skattframtals vegna tekjuársins 2019 til samræmis við ákvæði tvísköttunarsamningsins. Í úrskurði ríkisskattstjóra var samþykkt að falla frá skattlagningu lífeyrisgreiðslna er féllu undir 18. gr. samningsins, hins vegar skyldi skattleggja eftirlaun sem

féllu undir 19. gr. Þá var einnig bent á að þær tekjur er kærandur öfluðu fyrir brottflutning, þann 17. febrúar 2019, væru skattlagðar skv. 66. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

Í kæru til yfirsattanefndar kom fram að kærandur hefðu skilað skattframtali bæði á Íslandi og á Spáni og töldu þau að skv. umræddum tvísköttunarsamningi bæri að endurgreiða alla skatta ársins 2019 þar sem ríkin skipti ekki með sér tekjum eftir tímabilum. Þau séu því ranglega tvísköttuð hluta úr ári, þ.e. vegna tímabilsins 1. janúar 2019 til 18. febrúar 2019.

Yfirsattanefnd tekur fram í úrskurði sínum að á tímabilinu 1. janúar 2019 til brottflutningsdags hafi kærandur borið ótakmarkaða skattskyldu á Íslandi skv. 1. tölul. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 90/2003 og hafi til þess dags skattlagningarréttur vegna lífeyristekna kæranda sem féllu til fyrir 18. febrúar 2019 verið hér á landi en ekki á Spáni. Tekur yfirsattanefnd fram að skattlagningarréttur Spánar vegna lífeyristekna hefði ekki verið til að dreifa fyrr en eftir að kærandur tóku upp búsetu þar á landi.

123/2021

Skattur af húsnæðishlunnindum ekki ígildi leigugreiðslna

Málavextir eru þeir að kærandi starfaði erlendis og bjó þar í embættisbústað á vegum launagreiðanda síns. Á skattframtali 2020 kom fram að kærandi hafði ekki dvalið á Íslandi á árinu 2019. Leigutekjur af fasteign kæranda voru taldar fram, en enginn frádráttur var færður vegna greiddrar leigu af íbúð til eigin nota.

Í kæru til ríkisskattstjóra kom fram að kærandi hefði leigt út íbúð sína í Reykjavík en á móti haft íbúð á leigu erlendis. Meðfylgjandi kærinni var bréf frá launagreiðanda þar sem fram kom að kærandi hefði búið í embættisbústað allt árið 2019 og greitt 689.918 kr. í húsaleigu. Jafnframt hefði hinu erlenda skattýfirvaldi verið tilkynnt um skattgreiðslu kæranda af hlunnindum vegna afnota embættisbústaðarins að fjárhæð 1.327.811 kr.

Í úrskurði ríkisskattstjóra var fallist á lækkun leigutekna um 689.918 kr. Með bréfi til ríkisskattstjóra óskaði kærandi eftir því að málið yrði tekið upp aftur og að umræddar leigutekjur yrðu einnig lækkaðar um þá fjárhæð sem kærandi greiddi í skatt vegna búsetu í embættisbústaðnum. Vísaði kærandi til þess að undanfarin ár hefði húsaleiga erlendis alltaf verið tekin til greina með

svipaðri fjárhæð og nam húsaleigutekjum kæranda hér á landi. Engin breyting hafi átt sér stað á leigunni. Var enduruptökubeiðni inni hafnað þar sem skilyrði til enduruptöku væru ekki uppfyllt, þ.e. að fyrri ákvörðun hafi byggst á ófullnægjandi eða röngum málsatvikum. Fram kom í úrskurði ríkisskattstjóra að engin heimild væri í íslenskum tekjuskattslögum til að færa greiddan tekjuskatt á móti leigutekjum. Einungis væri heimild til frádráttar leigugjalds á móti leigutekjum.

Í kæru til yfirsattanefndar krafðist umboðsmaður kæranda að fallist yrði á lækkun leigutekna gjaldárið 2020 um 1.327.811 kr. til viðbótar þeirri fjárhæð sem þegar hafði verið fallist á. Í kærinni var tekið fram að ákvörðun ríkisskattstjóra hefði byggst á misskilningi um eðli þeirra greiðslna sem kærandi innti af hendi sem leigugreiðslur fyrir húsnæði sitt erlendis. Á því tímabili sem kærandi hafi verið búsett erlendis hafi fasteign hennar hér á landi verið í útleigu og ríkisskattstjóri alltaf tekið til greina frádrátt á móti leigutekjum, þar á meðal sams konar greiðslur og ríkisskattstjóri telji nú vera skatt af hlunnindum. Í kærinni kom jafnframt fram að kærandi hafi fram til ársins 2015 verið gert að búa í embættisbústað. Hafi húsaleiga þá verið tiltölulega lág og undir markaðsverði. Á árinu 2015 hafi búsetukvöðin hins vegar verið afnumin og starfsmönnum staðið til boða að leigja áfram húsnæði af launagreiðanda sem metið hafi verið sérstaklega í því skyni að finna út markaðsleigu. Hafi skattýfirvöldum verið falið að ákvarða matsverð að fengnum upplýsingum um húsnæðið frá launagreiðanda kæranda. Á árinu 2020 hafi markaðsleiguverð verið metið hærra en sem nam leiguverði. Skattýfirvöld í búseturíki kæranda hafi ákvarðað að viðbótarleiguna skyldi greiða með skattgreiðslu í því ríki. Taldi kærandi að greiðslurnar hafi runnið beint til sveitarfélagsins með sama hætti og útsvar. Þannig hafi greiðslurnar í heild runnið til sveitarfélagsins sem eiganda húsnæðisins með sama hætti og ef leigan hefði verið greidd launagreiðanda kæranda og þaðan áfram til sveitarfélagsins.

Yfirsattanefnd tók fram í úrskurði sínum að ágreiningslaust væri að kærandi væri heimilt að draga frá leigutekjum sínum þá fjárhæð leigugreiðslna sem ríkisskattstjóri hafði þegar fallist á, þ.e. 689.918 kr. Einnig taldi nefndin ljóst að sá munur sem væri á greiddri leigu og markaðsleiguverði væru skattskyld húsnæðishlunnindi sem telja ætti kæranda til tekna og ætti hann að greiða skatt af þeim. Samkvæmt a-lið 1. mgr. 58. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, sé heimilað að draga leigugjald frá leigutekjum að nánari skilyrðum uppfylltum. Þá kemur fram: „Þó

svo að kærandi beri kostnað af leigu embættisbústaðar í formi skattgreiðslna af húsnæðishlunnindum verður hvorki fallist á að ákvörðuð húsnæðishlunnindi né skattur af þeim teljist til leigugjalds í skilningi framangreinds ákvæðis“. Var kröfu kæranda því hafnað.

Þá kemur fram að þó svo að ríkisskattstjóri hafi horfið frá fyrri framkvæmd sinni án þess að nokkrar breytingar hafi orðið þá liggja ekkert fyrir um að ríkisskattstjóri hafi sérstaklega tekið afstöðu til þess þáttar skattskila kæranda sem um ræðir í máli þessu með kærnuúrskurði eða annarri formlegri skattákvörðun vegna fyrri gjaldára, enda hafi því ekki verið haldið fram af hálfu kæranda. Er ríkisskattstjóri með engu móti talinn hafa „með bindandi hætti fallist á skattskil kæranda að því er þetta atriði varðar“.

92/2021

Skráningarskylda vegna tölvubúnaðar sem nýttur er í starfsemi erlends félags

Kærandi var útibú bresks hlutfélags, X Ltd., sem skráð var á virðisaukaskattsskrá í júní 2019 vegna starfrækslu netþjóna í gagnaveri hér á landi.

Kæruefni málsins var sú ákvörðun ríkisskattstjóra að fella kæranda af virðisaukaskattsskrá miðað við árslok 2019 og að fella niður tilfærðan innskatt í virðisaukaskattsskýrslum kæranda vegna uppgjörstímabilla á árinu 2019.

Ríkisskattstjóri byggði ákvörðun sína um afskráningu kæranda á því að ekki væri um að ræða sölu á virðisaukaskattsskyldri þjónustu til X Ltd. Kærandi væri útibú frá erlendu félagi sem hefði með höndum starfsemi á sviði fjármálastarfsemi sem yrði talin undanþegin virðisaukaskattsskyldu hér á landi. Kærandi starfrækti gagnaver með fullkomnum tölvubúnaði og þjónustaði höfuðstöðvar sínar. Ekki yrði annað ráðið en að hið erlenda félag hefði stofnað útibú hér á landi í þeim eina tilgangi að eiga viðskipti við sjálf sig. Með því móti gætu höfuðstöðvarnar talið virðisaukaskatt af innflutningi tölvubúnaðar til innskatts vegna sölu á tölvuvinnslu sem þær hefðu annars ekki heimild til. Það var mat ríkisskattstjóra að útibú sem stofnuð væru hér á landi af erlendum fyrirtækjum teldust almennt aðeins deild innan hins erlenda félags. Útibú gæti þó talist sjálfstæður skattalegur aðili hér á landi teldist það reka fasta starfsstöð

hérlandis. Starfsemi kæranda fælist eingöngu í rekstri gagnavers með tengdum tölvubúnaði. Í því sambandi mætti nefna að engir starfsmenn hefðu verið ráðnir og útibúið því ekki skráð í launagreiðendaskrá ríkisskattstjóra heldur væri uppsetning og undirbúningur á vinnslu gagnaversins í höndum starfsmanna höfuðstöðvanna og að þeir kæmu reglulega hingað til lands til eftirlits. Þá væri daglegri vinnslu gagnaversins stýrt frá höfuðstöðvunum og hún nýtt til starfsemi þeirra erlendis. Yrði því ekki annað ráðið en að höfuðstöðvarnar færu að öllu leyti með forræði og yfirráð yfir tölvubúnaðinum hér á landi. X Ltd. myndaði því ekki fasta starfsstöð hér á landi með stofnun og rekstri kæranda hér á landi og félli kærandi þar af leiðandi ekki undir ákvæði 4. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Ekki yrði ráðið af öðrum ákvæðum laga nr. 90/2003 að félagið yrði talið skattskyld til tekjuskatts vegna reksturs kæranda hér á landi.

Kærandi færði m.a. þann rökstuðning fyrir aðalkröfu sinni að hann væri sjálfstæður skattaðili hvað varði virðisaukaskattsskyldu enda þótt að hann væri ekki sjálfstæður lögaðili og teldist ekki hafa myndað fasta starfsstöð á Íslandi. Þá byggði hann á því að ríkisskattstjóri hafi samþykkt skráningu kæranda eftir ítarlega athugun máls og hafi skráningin verið í fullu samræmi við eldri fordæmi embættisins. Engar breytingar hafi orðið á starfsemi kæranda miðað við þau gögn og upplýsingar sem lágu fyrir hjá ríkisskattstjóra þegar ákvörðun um skráningu kæranda hafi verið tekin. Því væri um að ræða nýja sjálfstæða ákvörðun ríkisskattstjóra um afskráningu kæranda. Ákvörðun ríkisskattstjóra fæli í raun í sér afturköllun fyrri stjórnvaldsákvörðunar.

Um skráningu kæranda á virðisaukaskattsskrá kom fram af hálfu yfirska- nefndar að ekki yrði séð að neinar nýjar upplýsingar, sem máli gætu skipt, hefðu komið fram í málinu frá því ríkisskattstjóri færði kæranda á virðisaukaskattsskrá og þar til hann tilkynnti kæranda um fyrir- hugaða afskráningu. Ekki væri því haldið fram af hálfu ríkisskattstjóra að kærandi hafi leynt hann upplýsingum um eðli starfsemi sinnar og virtist ákvörðun ríkisskattstjóra um afskráningu kæranda eingöngu hafa byggst á því að hann hefði fyrir mis- tók skráð kæranda. Af þessu tilefni kom fram af hálfu nefndarinnar að það yrði að teljast grundvallaratriði og í samræmi við jafnræðissjónarmið að ekki séu aðrir á skrá um virðisaukaskattsskylda aðila með þeim réttaráhrifum sem því fylgir en þeir sem uppfylla lagaskilyrði til slíkrar skráningar.

Að þessu virtu og með vísan til skatt- og úrskurðaframkvæmdar yrði að telja að ríkisskattstjóra væri heimilt að annast um afskráningu aðila undir slíkum kringum- stæðum sem hér um ræddi.

Í úrskurði yfirska- nefndar kemur fram að óumdeilt væri að hinn innflutti tölvu- búnaður væri eingöngu nýttur í þágu X Ltd. Þá kemur fram að ljóst væri, að teknu tilliti til aðdraganda að gildandi reglum um endurgreiðslu virðisaukaskatts til erlendra fyrirtækja, þar á meðal vegna innflutnings á vörum að tilteknum skilyrðum uppfylltum, að í þessu löggjafarstarfi hafi á öllum stigum verið gengið út frá því að starfræksla netþjóna og nauðsynlegs búnaðar í gagna- verum, sem eingöngu væri nýttur í eigin þágu erlends eiganda, teldist ekki fela í sér virðisaukaskattsskyldan rekstur. Ella væri öll viðleitni til að ívilna nefndri starfsemi með endurgreiðsluákvæðum næsta óþörf. Þá kemur fram í úrskurði yfirska- nefndar að framleiðsla vöru eða veiting þjónustu til eigin nota teljist almennt ekki skattskyld afhending samkvæmt lögnum þótt ýmis sérákvæði þeirra kveði á um annað, sbr. einkum 2. mgr. 3. gr. laganna. Í þeim efnunum gæti ekki skipt máli þótt starfsemi sé komið

af hendi þjónustu til eigin nota. Yfirska- nefnd féllst á það með ríkisskattstjóra að rétt hafi verið að hlutast til um afskráningu kæranda. Yfirska- nefnd taldi að viðbára kæranda um brot gegn staðfesturétti yrði ekki talin fá breytt þessu, enda tækju þær reglur laga um virðisaukaskatt sem hér réðu niðurstöðu ekki á neinn hátt sérstak- lega til aðila með aðsetur/heimilisfesti utan Íslands. Kærandi væri með öðrum orðum í sömu stöðu og ef um væri að ræða útibú íslensks hlutafélags eða einkahlutafélags. Með hliðstæðum hætti yrði ekki annað séð en að sömu reglur ættu við um virð- isaukaskattsskil hvort heldur erlent eða íslenskt félag kysi að koma þjónustuþætti fyrir í dótturfélagi.

Ákvörðun ríkisskattstjóra á virðisauka- skatti kæranda vegna ársins 2019 var hins vegar felld úr gildi þar sem hún var talin í andstöðu við reglur um meðferð virðisaukaskatts í tilefni afskráningar af virðisaukaskattsskrá. Var lagt fyrir ríkis- skattstjóra að ákvarða virðisaukaskatt kæranda að nýju.



Kæruefni málsins var sú ákvörðun ríkisskattstjóra að fella kæranda af virðisaukaskattsskrá miðað við árslok 2019 og að fella niður tilfærðan innskatt í virðisaukaskattsskýrslum kæranda vegna uppgjörstímabila á árinu 2019

fyrir í útibúi eða þjónustudeild. Telja yrði að skilgreining á fastri starfsstöð með tilliti til notkunar netþjóna við undirbúnings- eða að- stoðarstarfsemi í 3. gr. a laga nr. 90/2003 og reglugerð nr. 1165/2016 hvíli á hliðstæðri forsendu.

Yfirska- nefnd féllst á það með kær- anda að hugtakið föst starfsstöð í skilningi laga um tekjuskatt væri þrengra en leitt yrði af réttum skilningi á lögum um virðis- aukaskatt hvað snerti skattskyldu vegna viðskipta erlends atvinnufyrirtækis með vörur eða skattskylda þjónustu hér á landi. Þetta gæti þó ekki breytt því grundvallar- atriði að skráningarskylda (skattskylda) samkvæmt lögum um virðisaukaskatt tæki almennt ekki til þeirra sem eingöngu inna

114/2021

Endurgreiðsla virðisaukaskatts til erlendar ferðaskrifstofu

Ríkisskattstjóri synjaði kæranda í málinu, sem var erlend ferðaskrifstofa, um endur- greiðslu virðisaukaskatts vegna kaupa félagsins á vörum og þjónustu hér á landi á árunum 2015 til 2018. Í fyrsta lagi var synjunin byggð á því að á árinu 2015 hefði starfsemi ferðaskrifstofa ekki fallið undir skattskyldusvið laga um virðisaukaskatt, sbr. 13. tölul. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 50/1988. Í öðru lagi taldi ríkisskattstjóri það almennt ekki fá staðist með hliðsjón af tilgangi regla um endurgreiðslur virðisaukaskatts til erlendra fyrirtækja að heimila endurgreiðslur vegna kaupa þeirra á þjónustu sem veitt væri hér

á landi, enda væri það til þess fallið að raska samkeppnisstöðu milli erlendra og innlendra aðila í hlutaðeigandi atvinnugrein. Í þriðja og síðasta lagi byggði ríkisskattstjóri á því að kærandi hefði haft með höndum virðisaukaskattsskylda starfsemi hér á landi á umræddum árum. Í því sambandi vísaði ríkisskattstjóri til þess m.a. að fram væri komið að leiðsögumaður á vegum ferðaskrifstofunnar væri með í 70–85% ferða á vegum hennar hingað til lands.



Fram kemur í úrskurðinum að samkvæmt lögum nr. 50/1988 væri bæði gert ráð fyrir því að íslensk atvinnufyrirtæki afhendi þjónustu sína erlendis, þótt aðdragandi viðskipta (samningsgerð og eftir atvikum greiðsla endurgjalds) fari fram hér á landi, og því að erlent atvinnufyrirtæki, sem ekki er með aðsetur/starfsstöð hérlandis, afhendi þjónustu af sinni hálfu á Íslandi

Af hálfu kæranda var byggt á því að hann uppfyllti öll skilyrði endurgreiðslu skv. 3. mgr. 43. gr. laga nr. 50/1988, sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 288/1995. Reglurnar hafi verið rýmkaðar með lögum nr. 40/1995, en markmið breytingarinnar hafi verið að auka ferðamannastraum til landsins og tekjur af erlendum aðilum. Endurgreiðsluheimildin hafi verið þrengd með lögum nr. 143/2018. Kærandi benti á að undanfarin ár hafi ríkisskattstjóri afgreitt fjölda umsókna frá erlendum fyrirtækjum um endurgreiðslu virðisaukaskatts. Synjun á umsókn kæranda verði að skoða sem lagalega mismunun sem sé andstæð 11. gr. stjórnýslulaga nr. 37/1993. Einnig færi slík synjun í bága við 65. gr. stjórnarskrár Íslands, nr. 33/1944. Vera megi að heimildin sem erlendir aðilar nutu samkvæmt lögum nr. 50/1988 og reglugerð nr. 288/1995 hafi að einhverju leyti raskað samkeppni milli erlendra og innlendra aðila, þó að slíkt sé bæði órökstutt og ósannað af hálfu ríkisskattstjóra og raunar ósennilegt. Af hálfu ríkisskattstjóra sé því haldið fram að reglugerð 288/1995 hafi ekki verið ætlað að stuðla að engri skattlagningu og að skýra beri reglugerðina í samræmi við meginreglu virðisaukaskattslaganna um hlutleysi. Þessari málsástæðu ríkisskattstjóra sé mótmælt. Lögin og reglugerðin kveði á um hlut-

læg skilyrði sem allir í sömu lagalegu stöðu eigi rétt á að nýta með sama hætti. Það sé ekki hlutverk ríkisskattstjóra að meta hvort lagaheimild um endurgreiðslu virðisaukaskatts hér á landi geti leitt til „engrar skattlagningar“ fyrir suma og grípa til ólögmætra ráðstafana til að „jafna“ stöðu aðila. Réttur farvegur sé að breyta lögum eins og gert hafi verið með setningu laga nr. 143/2018. Það verði þó ekki gert afturvirk. Það fái ekki staðist sem komi fram í ákvörðun

ríkisskattstjóra að kærandi stundi atvinnustarfsemi hér á landi. Engu máli skipti þótt einn af fjölmörgum starfsmönnum kæranda hafi komið með erlendum ferðamönnum í nokkrum ferðum hingað til lands til að sýna þeim um landið. Sú þjónusta hafi verið hluti af pakkaferð sem seld hafi verið erlendis. Sú atvinnustarfsemi fari fram erlendis.

Í úrskurði yfirsattanefndar voru viðeigandi laga- og reglugerðarákvæði rakin, þar með talið sérákvæði virðisaukaskattslaga varðandi þjónustu ferðaskrifstofa og breytingar sem orðið hefðu á þeim. Fram kemur í úrskurðinum að samkvæmt lögum nr. 50/1988 væri bæði gert ráð fyrir því að íslensk atvinnufyrirtæki afhendi þjónustu sína erlendis, þótt aðdragandi viðskipta (samningsgerð og eftir atvikum greiðsla endurgjalds) fari fram hér á landi, og því að erlent atvinnufyrirtæki, sem ekki er með aðsetur/starfsstöð hérlandis, afhendi þjónustu af sinni hálfu á Íslandi. Í fyrrnefnda tilvikinu væri farið með viðskiptin sem útflutning undanþeginn skattskyldri veltu. Í síðarnefnda tilvikinu væri um hið gagnstæða að ræða, þ.e.a.s. þjónusta er veitt (afhent) hér á landi þótt samist hafi um viðskiptin utan landsins. Taldi yfirsattanefnd almenn ákvæði virðisaukaskattslaga leiða til þess að með brottfellingu undanþáguákvæða

vegna ýmissar ferðatengdrar þjónustu, fyrst með lögum nr. 122/1993 og síðar með lögum nr. 124/2014, hefði gengið í garð skylda erlendra ferðaskrifstofufyrirtækja og annarra erlendra fyrirtækja til að gera skil á virðisaukaskatti af andvirði þjónustu sem þau seldu í eigin nafni hér á landi.

Það var mat yfirsattanefndar að skylda til að innheimta og standa skil á virðisaukaskatti væri ekki bundin við atvinnufyrirtæki sem skráð séu hér á landi eða hafa hér atvinnustöð, enda selji þau eða afhendi vörur eða skattskylda þjónustu hérlandis.

Yfirsattanefnd taldi í ljós leitt að umkrafinn virðisaukaskattur kæranda vegna kaupa á vöru og þjónustu hér á landi til endursölu væri til viðskiptavina hans, þ.e. ferðamanna sem komu á vegum kæranda til landsins. Þetta skipti máli sökum þess að væri ekki um sölu ferðaskrifstofunnar sjálfar að ræða á ferðaþjónustu, heldur eingöngu milligöngu um greiðslur til þjónustusala hér á landi, gæti ferðaskrifstofan ekki talist hafa með þeim greiðslum aflað sér aðfanga sem vörðuðu sölu á vörum og skattskyldri þjónustu, sbr. 1. mgr. 16. gr. laga nr. 50/1988. Af þeim sökum væri ekki uppfyllt skilyrði 3. mgr. 43. gr. laganna um að eingöngu sé endurgreiðsluhæfur virðisaukaskattur sem telja megi til innskatts.

Að mati yfirsattanefndar þætti mega ganga út frá því að í málinu væri eingöngu um að tefla aðföng til endursölu í eigin nafni kæranda. Fyrir lægi að hin endurselda vara og þjónusta var afhent viðskiptavinum kæranda til nota hér á landi. Þá kom fram að miðað við það sem upplýst væri um starfsemi kæranda við sölu ferðatengdrar þjónustu sem afhent væri viðskiptavinum kæranda hér á landi þætti einsýnt að taka bæri undir ályktun ríkisskattstjóra um skráningarskyldu kæranda.

Yfirsattanefnd taldi þó ekki skipta sköpum, þótt það væri niðurstöðunni til styrktar, að kærandi hafi haft starfsmann á sínum snærum við leiðsögn í flestum þeim ferðum sem ferðaskrifstofan skipulagði til landsins. Þá taldi yfirsattanefnd að þau samkeppnissjónarmið sem ríkisskattstjóri tefldi fram í málinu vera ólögmæt en taldi þau ekki hafa valdið kæranda málsþjöllum og leiddi þessi annmarki því ekki til ómerklingar.

Með hliðsjón af framangreindu tók yfirsattanefnd undir ályktun ríkisskattstjóra um skráningarskyldu kæranda, sbr. 5. og 5. gr. B laga nr. 50/1988. Var kröfum kæranda hafnað.

Sara Raket Hinriksdóttir



*Höldum í gleðina
þrátt fyrir að „Bára
sé komin í bleyti og
majónesán orðin gul“*

Fyrir tæpum sex árum tók ég frábæra ákvörðun, ég réð mig til starfa hjá RSK að námi loknu. Frá fyrsta degi varð mér ljóst að ég hefði dottið í vinnustaðalukkupottinn, andinn alveg einstakur og samheldnin mikil. Ég fékk frábærar móttökur og áður en fyrsta vikan var á enda var ég búin að skrá mig í árshátíðarferð til Parísar. Það eru forréttindi að vakna á morgnana og hlakka til að hitta samstarfsfélagana og takast á við fjölbreytt verkefni dagsins. Hver hefði trúað því að það væri svona gaman að vinna hjá Skattinum?

Þegar Covid skall á og heimavinna og hólfaskipting varð hluti af daglegu lífi saknaði maður fljótt kaffispjallsins, að geta sest niður í hádegismat með vinnufélögnum, að fá ábendingar um góða sjónvarpsþætti og svona mætti lengi telja.

Farsóttin hefur ekki gert mikið fyrir vinnustaðamenningu almennt og eðlilega eru flestir orðnir nokkuð framlágir þegar kemur að öllu sem tengist veirunni. Þegar hversdagslegu hlutirnir eru teknir frá manni kann maður betur að meta þessar áður sjálfgefnu stundir við kaffivélina. Tilbreytinga- snauðu heimavinnudagarnir, þar sem maður var í náttbuxum að neðan en dragt að ofan, fengu mann til að hugsa um það hversu mikilvægt það er að hlúa að félagslega þættinum á vinnustaðnum. Því þegar öllu er á botninn hvolft eru það starfsmennirnir sem gegna lykilhlutverki í að búa til góðan vinnustað. Góður vinnustaður er samvinnuverkefni á ábyrgð okkar allra. Þar sem hver starfsmaður skiptir máli og öll komum við með ólíka hluti að borðinu.

Mér rann blóðið til skyldunnar að leggja mitt af mörkum við að efla starfsandann enn frekar þegar ég sóttist eftir að verða formaður starfsmannafélagsins. Ég skal alveg viðurkenna að það hefur verið krefjandi að vera í forsvari fyrir ört stækkandi starfsmannafélag á Covid tímum enda haldast samkomutakmarkanir og viðburðahald ekkert sérstaklega vel í hendur. Eftir sameiningu embætta ríkisskattstjóra, tollstjóra og skattransóknarstjóra skiptir meira máli en áður að hrista hópinn saman og búa til öflugna og samheldna heild. Þar leikur starfsmannafélagið mikilvægt hlutverk. Ég hef

einsett mér að leggja mitt af mörkum við að fá okkur öll til að ganga í takt.

Það er verðugt verkefni sem hefur reynst þrautinni þyngra þegar um er að ræða tæplega 500 starfsmenn á 15 starfsstöðvum um land allt. Sem dæmi um það stóð til að halda risaparty í lok sumars með öllum starfsmönnum embættisins. Eftir að hafa fylgst grannt með stöðu mála á öllum fréttamiðlum með öndina í hálsinum, krosslagða fingur og varaplön í bakhöndinni varð úr að starfsmenn hverrar starfsstöðvar gerðu sér glaðan dag um land allt. Veislur voru haldnar, sumir fóru í bjórböð, aðrir í keilu og svona mætti lengi telja, en það sem einkenndi daginn var að okkur tókst að koma saman og eiga skemmtilega stund. Þetta er gott dæmi um það hversu nauðsynlegt það er að leita lausna í stað þess að leggja árar í bát.

Við vorum öll að vonast eftir veirulausum vetri en því miður varð sú ósk ekki að veruleika. Þá er ekkert annað í stöðunni en að halda eilítið lengur í æðruleysið.

Ég veit fyrir víst að við í starfsmannafélaginu ætlum að halda okkar striki ótrauð áfram í samræmi við þær reglur sem í gildi eru á hverjum tíma. Við höfum einsett okkur að halda árshátíð við fyrsta mögulega tækifæri. Fyrir mér er brýnt að tengja allar starfsstöðvar embættisins saman á glæsilegum viðburði því það er ómetanlegt að eiga þess kost að geta komið öll saman og hitt andlitið sem maður hefur ef til vill einungis séð á Teams, talað við í síma eða í tölvu-póstum. Við höfðum gert ráð fyrir fjölmennri 500 manna árshátíð í Hörpu og ég vona að hún verði að veruleika fyrir en síðar. Við munum halda árshátíð, nákvæmlega hvenær eða með útfærsluna er erfitt að meitla í stein en ég lofa mikilli stemningu og brjáluðu stuði.

Höldum örliðið lengur í þolinmæðina, sýnum hvort öðru skilning og finnum saman gamla taktinn. Þrátt fyrir að „Bára sé komin í bleyti og majónesán orðin gul“ eins og í Stelli í orlofi forðum daga þá megum við ekki missa gleðina. Hún er undir okkur sjálfum komin.

Upplýsingatafla Skattsins

Staðgreiðsla opinberra gjalda

Prepaskiptur tekjuskattur

Staðgreiðsla skatta er reiknuð í þremur þrepum.

Útreikningur fyrir mánaðartekjur er sem hér segir:

- Af fyrstu 349.018 kr. 31,45%
- Af næstu 630.829 kr. 37,95%
- Af fjárhæð umfram 979.847 kr. 46,25%

Hér er átt við tekjur eftir að iðgjald í lífeyrissjóð hefur verið dregið frá. Frá reiknuðum skatti dregst persónuafsláttur sem er 50.792 kr.

Vikulaun

Þegar laun eru greidd vikulega skal reikna staðgreiðslu skatta af launum sem hér segir:

- Af fyrstu 80.322 kr. 31,45%
- Af 80.323-145.177 kr. 37,95%
- Af launum umfram 145.177 kr. 46,25%

Ef laun eru breytileg er heimilt að jafna þeim milli vikna, innan mánaðarins, þannig að staðgreiðsla mánaðarins verði rétt.

$$4.188.211/365 \times 7 = 80.322 \quad 7.569.948/365 \times 7 = 145.177$$

Annað

- Staðgreiðsla af vöxtum og arði 2021 22%
- Skatthlutfall barna yngri en 16 ára af tekjum umfram 180.000 kr. 6%
- Skattleysismörk tekjuárið 2021 1.938.025 kr.

Persónuafsláttur

- Einn mánuður 50.792 kr.
- Hálfur mánuður 25.396 kr.
- 14 dagar 23.378 kr.
- Ein vika 11.689 kr.

Tryggingagjald

- Tryggingagjald, þ.m.t. markaðsgjald 6,10%
- Viðbót v/sjómannanna á fiskiskípum 0,65%

Frádráttur vegna almenns aksturs

1.000 km, pr. km:	114 kr.
1.001 - 2.000 km:	112 kr.
2.001 - 3.000 km:	110 kr.
3.001 - 4.000 km:	97 kr.
4.001 - 5.000 km:	94 kr.

Sjá nánar í reglum um skattmat á skatturinn.is, m.a. vegna aksturs umfram 5.000 km.

Virðisaukaskattur

- Almenn skatthlutfall 24%
- Sérstakt skatthlutfall 11%

Barnabætur

Barnabætur eru tekjutengdar og greiddar út í fjórum greiðslum; 1. febrúar, 1. maí, 1. júní og 1. október.

- Hjón/sambúðarfólk
 - með fyrsta barni 234.500 kr.
 - með hverju barni umfram eitt 279.200 kr.
 - viðbót v/barna yngri en 7 ára 140.000 kr.
- Einstæðir foreldrar
 - með fyrsta barni 390.700 kr.
 - með hverju barni umfram eitt 400.800 kr.
 - viðbót v/barna yngri en 7 ára 140.000 kr.

Reglur um útreikning barnabóta er að finna á [skatturinn.is](#).

Vaxtabætur

Vaxtabætur eru reiknaðar út frá vaxtagjöldum af lánum vegna íbúðarkaupna til eigin nota. Þær geta að hámarki orðið:

- Hjá einhleypingi 420.000 kr.
- Hjá einstæðu foreldri 525.000 kr.
- Hjá hjónum og sambúðarfólki 630.000 kr.

Vaxtabætur eru tekjutengdar og eignatengdar. Reglur um útreikning vaxtabóta er að finna á [skatturinn.is](#).

Dagpeningar innanlands

Gildir frá 1.10.2021

- Gisting og fæði í einn sólarhring 30.700 kr.
- Gisting í einn sólarhring 17.700 kr.
- Fæði hvern heilan dag, minnst 10 tíma ferðalag 13.000 kr.
- Fæði í hálfan dag, minnst 6 tíma ferðalag 6.500 kr.

Dagpeningar erlendis

Gildir frá 1.12.2014

		Almennir dagpeningar		Dagpeningar vegna þjálfunar, náms o.fl.	
		Gisting	Annað	Gisting	Annað
■ Flokkur 1	SDR	208	125	133	80
■ Flokkur 2	SDR	177	106	113	67
■ Flokkur 3	SDR	156	94	100	60
■ Flokkur 4	SDR	139	83	89	54